

Bankasýsla ríkisins

Lárus L. Blöndal, stjórnarformaður
Borgartúni 3
105 Reykjavík



Reykjavík, 11. febrúar 2016

Efni: Sala á eignarhlut Landsbankans hf. í Borgun hf.

Landsbankinn hf. (Landsbankinn eða bankinn) hefur mótttekið erindi Bankasýslu ríkisins, dags. 26. janúar 2016, þar sem óskað er upplýsinga um sölumeðferð eignarhluta í eigu Landsbankans, þ.m.t. sölu Landsbankans á eignarhlut hans í Borgun hf. („Borgun“).

Fram kemur í erindinu að Bankasýsla ríkisins telji afar mikilvægt að hún verði upplýst um sölumeðferð eignarhluta bankans í ljósi þess að hún fer með 98,2% eignarhlut ríkissjóðs í honum samkvæmt lögum, sérstaklega þar sem mikilvægt sé að upplýsingarnar liggi fyrir áður en sölumeðferð á eignarhlutum ríkisins í bankanum geti hafist.

Landsbankinn er áfram um að verða við þeirri beiðni. Þótt málið, eins og það snýr að Landsbankanum, kunni að virðast flókið, þá eru aðalatriði þess í raun einföld. Landsbankinn seldi eignarhlut sinn í Borgun með góðum hagnaði. Á síðustu mánuðum hafa hins vegar atburðir orðið og upplýsingar komið fram sem benda til þess að verðmæti hans reynist meira en álitíð var á árinu 2014. Engir annarlegir hvatar lágu að baki þeirri ákvörðun bankans að selja hlutinn á þann hátt sem gert var, heldur einvörðungu hagsmunir Landsbankans eins og þeir voru metnir á þeim tíma.

Líkt og vikið er að í erindi Bankasýslu ríkisins hvíla trúnaðarskyldur á Landsbankanum. Bankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki og starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Ákvæði 58. gr. þeirra laga girðir fyrir að stjórnarmenn bankans, framkvæmdastjórnar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu hans veiti upplýsingar um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema þeim sé það skylt samkvæmt lögum.

Þá hefur bankinn með samningum, svo sem um kaup og sölu hlutafjár, skuldbundið sig til að gæta fyllsta trúnaðar um ýmsar upplýsingar er varða viðsemjendur hans en þeim trúnaði verður ekki aflétt nema samkvæmt lögum, kröfu frá lögbæru yfirvaldi eða dómstólum eða með samkomulagi samningsaðila.

Réttur Bankasýslu ríkisins til aðgangs að gögnum takmarkast af 91. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög sem mælir fyrir um að þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án verulegs tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar, skuli félagsstjórn og framkvæmdastjóri leggja fram á hluthafafundi upplýsingar um þau málefni, sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála, er ákvörðun á að taka um á fundinum. Af því leiðir að á bankanum hvílir ekki skylda til þess að svara erindum einstakra hluthafa af þessu tagi. Að mati bankans er honum það hins vegar ekki óheimilt, á þann hátt sem gert er í bréfi þessu, en

framangreindar réttarreglur setja því skorður hvaða upplýsingar og gögn eru veitt Bankasýslu ríkisins í bréfi þessu.

Í 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki segir að fjármálafyrirtæki skuli fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína. Í stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans, sem birt er á heimasíðu bankans, er tekið fram að bankinn fylgi stjórnarháttaleiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins. Í kafla 2.10 í leiðbeiningunum segir að allir hluthafar skuli hafa sama aðgengi að upplýsingum um hagi félags og upplýsingagjöf til hluthafa eigi því að takmarkast við hluthafafundi eða miðlun samræmdra upplýsinga til hluthafa á sama tíma. Til þess að tryggja jafnræði hluthafa Landsbankans er svar þetta því birt á vefsvæði bankans, samtímis því að það er sent Bankasýslu ríkisins.

Að teknu tilliti til þess sem að ofan greinir fylgja hér á eftir svör bankans við þeim spurningum sem upp eru bornar í bréfi Bankasýslunnar.

Þá vill Landsbankinn í tilefni af bréfi þessu upplýsa Bankasýsluna um að Fjármálaeftirlitið hefur nú sent bankanum erindi, dags. 29. janúar 2016, og farið fram á tilteknar upplýsingar sem tengjast sölu bankans á eignarhlut hans í Borgun. Bankinn fékk þann 3. desember 2014 erindi frá Fjármálaeftirlitinu sem beindist að sömu viðskiptum, sem svarað var þann 9. desember 2014.

Þá hefur Landsbankinn farið þess á leit við Ríkisendurskoðun, sem kjörinn endurskoðanda bankans, að hún skoði sölu bankans á eignarhlut sínum í Borgun. Hefur Ríkisendurskoðun svarað því til að hún hafi til skoðunar aðkomu sína að málinu og muni taka ákvörðun þar að lútandi þegar fyrir liggja viðbrögð annarra aðila sem hafa málið nú til skoðunar.

1.

Veita stofnuninni ítarlegan rökstuðning fyrir því hvers vegna samið hafi verið um viðbótargreiðslu vegna valréttar sem var í gildi á milli Visa Europe Limited og Visa Inc. við sölu Landsbankans hf. á 38% hlut í Valitor hf. til Valitor Holding hf., sem tilkynnt var um 18. desember 2014, en ekki við sölu bankans á 31% hlut í Borgun hf. til ýmissa fjárfesta, sem tilkynnt var um 25. nóvember sama ár, eða rúmum þremur vikum áður.

Er óskað eftir að upplýst verði hvaða upplýsingum Landsbankinn hf. bjó yfir varðandi valréttinn og eignarhald eða hlutdeild Valitor hf. annars vegar og Borgunar hf. hins vegar í Visa Europe Limited eða söluandvirði félagsins þegar kaupsamningar voru undirritaðir.

Vitneskja Landsbankans um valréttinn

Viðræður um sölu á eignarhlutum Landsbankans í Valitor Holding hf. („Valitor“) og Borgun stóðu yfir á árinu 2014. Kauptilboð nokkurra fjárfesta í Borgun var samþykkt af hálfu Landsbankans 27. október 2014, með fyrirvara um samþykki bankaráðs en ráðið samþykkti samninginn síðan fyrir sitt leyti þann 6. nóvember 2014 og komst bindandi kaupsamningur þá á hvað Landsbankinn snertir. Kaupsamningur Landsbankans og Arion banka hf. um hluti í Valitor var undirritaður 15. desember 2014.

Landsbankinn vissi að valrétturinn væri fyrir hendi. Landsbankinn bjó aftur á móti ekki yfir upplýsingum um hvort eða hvenær Visa Inc. myndi neyta kaupréttarins eða Visa Europe söluréttarins, enda lá það ekki fyrir fyrr en 2. nóvember 2015 þegar upplýst var um viðskiptin.

Það var skilningur Landsbankans að vegna sögulegra tengsla Valitor við Visa Europe og yfirburða markaðshlutdeildar félagsins í útgáfu Visa-korta, myndi Valitor, eitt íslenskra kortafélaga, eiga tilkall til ávinnings í kjölfar hugsanlegrar nýtingar valréttarins, ef til hans kæmi, og eftir atvikum þau fjármálafyrirtæki sem gæfu út VISA-greiðslukort sem færsluhirt væru af Valitor, eins og Landsbankinn. Þetta var skilningur bankans allt fram til þess að fréttir bárust af því í byrjun ársins 2016 að Borgun ætti von á hlutdeild í greiðslum vegna sölunnar á Visa Europe. Ástæðan fyrir þessum skilningi Landsbankans var jafnframt að sú þjónusta sem Landsbankinn hafði keypt af Borgun tengdist Mastercard-kortum en ekki VISA-kortum. Upplýsingar sem fengust hjá Visa Europe voru takmarkaðar og bentu ekki til annars. Fyrir vikið þótti ekki tilefni til þess að ætla að Borgun ætti rétt til greiðslna vegna nýtingar valréttarins. Eftir því sem næst verður komist var vitneskja um annað ekki á almennu vitorði.

Aðdragandinn að sölu Landsbankans á eignarhlutum sínum

Sala Landsbankans á hlutum í Valitor og Borgun árið 2014 átti sér nokkurn aðdraganda sem tengdist því hvernig eignarhaldi kortafélaganna var háttað. Valitor var í um 61% eigu Arion banka hf. en Landsbankinn átti 38% hlut. Hlutur Landsbankans í Borgun var minni eða um 31,2% en Íslandsbanki hf. átti um 62% hlut.

Í hvoru kortafélaginu um sig átti bankinn því minnihluta hlutafjár. Staða hans var þó enn verri fyrir þær sakir að Arion banki og Íslandsbanki voru á þessum tíma, og eru enn, helstu samkeppnisaðilar Landsbankans.

Hafði Samkeppniseftirlitið af þessum sökum gripið til aðgerða til að varna því að eignaraðild tveggja fjármálafyrirtækja að hvoru kortafélaginu um sig hefði skaðleg samkeppnisleg áhrif. Í þessu samhengi verður látið við það sitja að nefna að þáttur í þessum aðgerðum var krafa um að Landsbankinn tilnefndi óháða stjórnarmenn í Borgun og Valitor, þannig að hann átti þar ekki fulltrúa. Um önnur atriði er varða þær aðgerðir og það ferli sem þeim lá til grundvallar er fjallað nánar í svari við spurningu 2.

Eignarhlutir bankans í kortafélögunum tveimur voru til umfjöllunar á bankaráðsfundi 8. október 2013. Af hálfu bankastjóra kom þar fram að vinnuhópur innan bankans hefði metið kosti bankans í kortamálum með það fyrir augum að bæta rekstur korta og mynda heildræna stefnu í greiðslumiðlun.

Í kynningu sem lögð var fyrir fundinn kom fram að Landsbankinn væri áhrifalaus eigandi í kortafélögunum og að eignarhaldið hefði enga þýðingu í kortarekstri bankans; raunar þvældist það fyrir eðlilegum viðskiptalegum ákvörðunum í rekstri. Þannig væri eignarhaldið til þess fallið að hindra bankann í að færa viðskipti sín á milli þjónustuaðila, án mikillar fyrirhafnar.

Með viðskiptum við Borgun eða Valitor var Landsbankinn undir það seldur að geta ekki breytt um stefnu í kortamálum nema hætta væri á að keppinautur hans yrði það strax ljóst þar sem þeir áttu háðan fulltrúa hvor í sínu kortafélaginu. Við þær aðstæður að samkeppnisaðilarnir áttu stóra hluti í kortafélögunum varð uppbygging þekkingar og sjálfstæðis í málaflokknum bankanum því kappsmál.

Um valréttinn

Áætluðu virði hlutafjár í kortafélögunum var lýst í bankaráðskynningunni frá 8. október 2013 sem og bókfærðu virði þess. Þá var getið um mögulegan valrétt Visa Europe Limited (Visa Europe) og Visa Inc., en tekið fram að mikil óvissa væri um hann og virði hans. Umræddur kaupréttur stofnaðist á árinu 2007 og skyldi gilda í 99 ár. Var því mat bankans að mikillar óvissu gætti um hvort og hvenær hann yrði nýttur. Eins og kynningin ber skýrt með sér var skilningur bankans þá að umrædd réttindi tengdust eingöngu Valitor en ekki Borgun.

Valréttur þessi grundvallaðist á valréttarsamningi (Visa Europe Put-Call Option Agreement) sem gerður hafði verið árið 2007 í tengslum við endurskipulagningu Visa International. Í samningnum var mælt fyrir um sölurétt (e. *put option*) Visa Europe annars vegar og hins vegar kauprétt (e. *call option*) til handa Visa Inc. Hvorugum aðilanna var skylt að neyta réttarins.

Í valréttarsamningnum var að finna ákvæði um það við hvaða skilyrði mætti neyta söluréttarins, hvenær mætti neyta kaupréttarins og ákvæði um þær forsendur sem leggja skyldi til grundvallar við útreikning valréttarverðsins.

Í ársreikningi Visa Inc. frá 22. nóvember 2013 fyrir fjárhagsárið sem lauk 30. september 2013 er reikniformúlunni fyrir kaupverð hluta í Visa Europe vegna nýtingar söluréttarins lýst. Í dæmaskyni voru nánar tilteknar forsendur lagðar til grundvallar og áætlað að Visa Inc. gæti þurft að greiða fyrir hluti í Visa Europe nokkra milljarða Bandaríkjadala (e. *several billion*) ef kaupréttarins yrði neytt. Með nánar tilgreindum fyrirvörum var þetta talið endurspeglar mat Visa Inc. á heildarsöluandvirði hluta í Visa Europe. Þetta gaf þó ekkert til kynna um hver hlutdeild einstakra hluthafa Visa Europe yrði í söluandvirðinu.

Sú útdeiling átti að fara fram í samræmi við reiknireglu sem aukinn meirihluti stjórnar Visa Europe (4/5) kæmi sér saman um síðar meir, í tengslum við það að kaup- eða söluréttur yrði virkjaður. Eftir því sem bankinn kemst næst lá þessi reikniregla ekki fyrir opinberlega.

Í ársreikningi Visa Inc. fyrir reikningsárið sem lauk 30. september 2013, sem var birtur var þann 22. nóvember 2013, var gengið út frá því að 40% líkur væru á því að Visa Europe myndi neyta söluréttarins einhvern tíma í framtíðinni.¹

Í ársreikningi Visa Inc. fyrir fjárhagsárið sem lauk 30. september 2014, sem birtur var þann 21. nóvember 2014, eftir að salan á eignarhlut bankans í Borgun var um garð gengin, kom fram að ætla mætti að hugsanlegt kaupverð á hlutum í Visa Europe yrði meira en 10 milljarðar Bandaríkjadala. Nú þegar valréttarins hefur verið neytt liggur fyrir að kaupverð Visa Europe kemur til með að nema allt að 24 milljörðum Bandaríkjadala.

Salan á hlutabréfum í Valitor

Þar sem Landsbankinn taldi að Valitor kynni að eiga rétt til greiðslna við nýtingu á valréttinum öfluðu Landsbankinn og Arion banki sameiginlega upplýsinga um valréttinn á meðan á samningaviðræðum um sölu Landsbankans á hlut sínum í Valitor stóð. Þannig beindu þeir fyrirspurnum til Visa Europe fyrir milligöngu Valitor. Þær upplýsingar sem aflað var staðfestu að ef valréttarins yrði neytt myndi Valitor eiga tilkall til hlutdeildar í söluandvirðinu. Þessir hagsmunir voru því tryggðir sérstaklega þegar Landsbankinn seldi hlut sinn í Valitor til Arion banka.

Viðbótargreiðslur, sem Landsbankinn kann að fá frá Arion banka vegna valréttarins, svara til 38% af andvirði greiðslna sem berast VISA Ísland (dótturfélag Valitor) að teknu tilliti til skatta, gjalda og kostnaðar sem slíkum greiðslum kann að fylgja. Viðbótargreiðslur lækka í 20% ef, og frá og með þeim tíma sem, Landsbankinn gengur úr viðskiptum við Valitor.

Salan á hlutabréfum í Borgun

Eins og áður segir hafði Landsbankinn ekki vitneskju um að Borgun kynni að eiga rétt til sambærilegra greiðslna við nýtingu valréttarins. Af þeirri ástæðu var ekki samið um það sérstaklega þegar eignarhlutur bankans í Borgun var seldur.

Í tengslum við söluna óskuðu tilboðsgjafar og Landsbankinn eftir aðgangi að nauðsynlegum fjárhagsupplýsingum um félagið ásamt öðrum þeim upplýsingum sem þýðingu hefðu um rekstur þess til að leggja mat á virði hluta í félaginu. Að auki kynntu tilteknir stjórnendur Borgunar tilboðsgjöfum og bankanum reksturinn á fundum. Í þeim gögnum, sem Landsbankanum var veittur aðgangur að, og á umræddum fundum kom

¹ Svona lýsir ársreikningurinn því hvernig líkur á því að sölurétturinn yrði virkjaður voru metnar:

„Exercise of the put option is at the sole discretion of Visa Europe (on behalf of the Visa Europe shareholders pursuant to authority granted to Visa Europe, under its Articles of Association). We estimate the assumed probability of exercise based on reasonably available information including, but not limited to: (i) Visa Europe's stated intentions; (ii) indications that Visa Europe is preparing to exercise as reflected in its reported financial results; (iii) evaluation of market conditions, including the regulatory environment, that could impact the potential future profitability of Visa Europe; and (iv) qualitative factors applicable to Visa Europe's largest members, which could indicate a change in their need or desire to liquidate their investment holdings.”

ekki fram sem benti sérstaklega til þess að Borgun ætti rétt til hlutdeildar í söluandvirði við nýtingu valréttarins. Í framhaldinu, eftir að Landsbankinn hafði samþykkt kauptilboðið, fengu tilboðsgjafar aðgang að frekari gögnum sem Landsbankinn hafði ekki aðgang að og þekkir ekki hver voru.² Þann 5. febrúar 2016 beindi Landsbankinn fyrirspurn til Borgunar þar sem spurt var hvort stjórnendum Borgunar, sem kynntu félagið í umrædd skipti, hafi verið ljóst að slíkar greiðslur kynnu að berast til félagsins. Svarbréf Borgunar frá 9. febrúar sl. verður að mati Landsbankans ekki skilið á annan veg en þann að stjórnendum hafi verið það ljóst en þar segir ennfremur:

„Borgun hafði enga ástæðu, hvorki þá né síðar, til að ætla að Landsbankinn væri grandalaus um valréttinn enda hann tengdur Visa starfsleyfi Borgunar [...] Með vísan til framangreinds höfðu stjórnendur Borgunar ekki lagt neitt mat á hverju valrétturinn kynni að skila [...]“

Í bréfinu er því gefin sú skýring á því að ekki hafi verið gerð sérstök grein fyrir áhrifum valréttarins á félagið að stjórnendum hafi ekki hugkvæmst að Landsbankinn hafi ekki áttað sig á þeim.

Þá kom ekki fram í ársreikningi Borgunar fyrir árið 2013 að vegna valréttarins hefðu skapast verðmæti hjá Borgun. Borgun gerir upp samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) og má halda því fram að færa beri slík réttindi á gangvirði á hverjum tíma. Gáfu fjárhagsupplýsingar stjórnenda því ekki tilefni til þess að ætla að Borgun ætti rétt til slíkra greiðslna.

Þá bendir ekkert til þess að stærsti hluthafi Borgunar, Íslandsbanki hf., hafi haft slíkar upplýsingar. Þegar viðskiptin tókust hafði Íslandsbanki um nokkurt skeið átt meirihluta hlutafjár í Borgun, hafði átt fulltrúa í stjórn félagsins og var því í mun betri aðstöðu en Landsbankinn til þess að kynna sér upplýsingar um félagið. Áður en Landsbankinn seldi hlut sinn í Borgun, bauð bankinn Íslandsbanka hlut sinn til kaups á sama verði og fjárfestahópurinn hafði boðið. Því boði hafnaði Íslandsbanki. Er því ekki tilefni til að ætla að upplýsingarnar hafi verið á vitorði starfsmanna hans.

Grandleysi annarra seljenda hlutafjár í Borgun

Eftir því sem Landsbankinn best veit hafa aðrir þeir sem selt hafa hlutabréf í Borgun á undanförunum árum ekki heldur verið meðvitaðir um mögulegan rétt Borgunar til hlutdeildar í valréttargreiðslum Visa Europe.

Í því sambandi má benda á að á árinu 2010 sóttist Íslandsbanki eftir því að eignast félagið Kreditkort hf. að fullu, en Landsbankinn átti hluti í félaginu. Úr varð að Íslandsbanki tók félagið yfir. Landsbankinn seldi Íslandsbanka hluti sína í Kreditkortum gegn greiðslu með hlutum í Borgun. Ekkert kom þá fram um að Borgun ætti, eða gæti átt rétt á greiðslum vegna samruna Visa Inc. og Visa Europe og enginn fyrirvari var gerður um slíkt.

² Ósamræmis hefur gætt í upplýsingagjöf Borgunar, hvað þetta snertir. Í fréttatilkynningu Borgunar frá 8. febrúar sl. kemur fram að Landsbankinn hafi haft aðgang að gagnaherbergi þar sem upplýsingar hefðu legið fyrir um aðild og eignarhlut Borgunar í Visa Europe sem og upplýsingar um valréttarákvæði milli Visa Inc. og Visa Europe. Í bréfi Borgunar, dags. 9. febrúar 2016, er hins vegar ekki víkið að því en getið um að starfsleyfi Borgunar hafi verið kynnt á kynningarfundum.

Í mars 2011 eignaðist Landsbankinn 4,2% hlut í Borgun með kaupum á SpKef af fjármálaráðuneytinu. Seljandinn, íslenska ríkið, áskildi sér engan rétt til greiðslna vegna valréttarins.

Íslandsbanki keypti síðan undir árslok 2011 fjármálafyrirtækið Byr hf. af slitastjórn Byrs sparisjóðs. Um 20% hlutur í Borgun fylgdi með í kaupunum. Seljendur Byrs voru annars vegar slitastjórnin með um 88% hlut og hins vegar ríkissjóður með um 12% hlut, en ríkissjóður hafði lagt til fjármuni við stofnun Byrs. Meðal kröfuhafa sem áttu mikilla hagsmuna að gæta voru lífeyrissjóðir. Óháð fjármálafyrirtæki var til ráðgjafar í söluferlinu. Landsbankinn gerði einnig tilboð í Byr. Engar upplýsingar komu þá fram um að Borgun gæti átt rétt á greiðslum vegna samruna Visa Inc. og Visa Europe.

Fleiri viðskipti áttu sér stað með hluti í Borgun á árunum 2009-2014 en Landsbankinn veit ekki til þess að fyrirvari um greiðslur vegna samruna Visa Inc. og Visa Europe hafi verið gerður í þeim viðskiptum.

Í þessu samhengi má geta þess að í fjölmiðlum hefur komið fram að stjórnendur Íslandsbanka hafi engar upplýsingar haft um að Borgun ætti rétt á hlutdeild í söluandvirði Visa Europe í júní 2014 þegar bankinn hafnaði tilboði hóps fjárfesta og stjórnenda í hlut hans.

Að síðustu er rétt að nefna að sem liður í uppgjöri við kröfuhafa Glitnis tók íslenska ríkið yfir eignarhlut Glitnis í Íslandsbanka hf. á árinu 2015 og þar með 63,47% eignarhlut bankans í Borgun. Eftir því sem fram hefur komið í fjölmiðlum áskildi Glitnir sér ekki rétt til hlutdeildar í þeirri greiðslu sem Borgun á von á vegna sölu á hlutabréfum félagsins í Visa Europe.

Er jafnframt óskað eftir skýringum á því hvers vegna ólíkur háttur var hafður á við gerð kaupsamninga á þessum tveimur eignarhlutum í ljósi þess að sala þeirra hafi verið gerð sem hluti af sama sátttaferli sem hófst í kjölfar birtingar frummats Samkeppniseftirlitsins þann 8. mars 2013 á ætluðum samkeppnislagabrotum.

Eins og rakið er að ofan vissi bankinn ekki til þess, frekar en aðrir sem selt hafa hlutabréf í Borgun á liðnum árum eftir því sem best verður séð, þegar kaupsamningur um hlut hans í Borgun var gerður, að Borgun kynni að eiga rétt til greiðslna vegna samruna Visa Inc. og Visa Europe.

Þrátt fyrir að ráðstöfun bankans á báðum umræddum eignarhlutum verði í báðum tilvikum ekki síst rakin til málsmeðferðar Samkeppniseftirlitsins og afstöðu þess til sameiginlegs eignarhalds bankanna í kortafyrirtækjum, þá hafði það út af fyrir sig ekki áhrif á skilmála sölunnar að öðru leyti. Gefur þessi liður fyrstu spurningar Bankasýslu ríkisins ekki tilefni til frekari umfjöllunar en fram hefur komið.

2.

Gera stofnuninni grein fyrir 18 mánaða sátta- eða söluferli af hálfu bankans á eignarhlutum í Borgun hf. og Valitor hf. sem hófst í kjölfar birtingar Samkeppniseftirlitsins á frummati þann 8. mars 2013 og ítarlegum rökstuðningi fyrir því hvenær og hvers vegna bankaráð Landsbankans hf. hafi ákveðið að fara ekki með sölu eignarhlutanna í opið söluferli m.a. með vísan í fundargerðir þess.

Sáttaferli vegna rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á kortamarkaði

Samkeppniseftirlitið hóf rannsókn á greiðslukortamarkaðnum á árinu 2009 í kjölfar kvörtunar Kortapjónustunnar hf. Undir rekstri málsins aflaði Samkeppniseftirlitið ýmissa gagna og fékk sjónarmið frá aðilum sem störfuðu á þeim mörkuðum sem málinu tengdust.

Frumrannsókn eftirlitsins lauk snemma árs 2013 en með bréfi frá 8. mars 2013 var Arion banka hf., Íslandsbanka hf., Landsbankanum hf., Borgun hf. og Valitor hf. sent andmælaskjal og þeim boðið að gera athugasemdir við frumniðurstöðurnar. Í því kom fram það mat eftirlitsins að bankarnir þrír hefðu m.a. gerst brotlegir við 10. gr. samkeppnislaga, og að Valitor og Borgun hefðu gerst sek um brot gegn 12. gr. laganna. Það var mat eftirlitsins að háttsemin tengdist skipulagi á markaðnum og að því skipulagi hafi verið komið á af málsaðilum. Í ákvörðuninni kemur einnig fram að í umsögnum sumra málsaðila hafi komið fram sjónarmið um að skipulagi markaðarins væri ábótavant.³ Það var frummat eftirlitsins að í því samhengi væri sérstaklega varhugavert að eignarhald greiðslukortafyrirtækja væri sameiginlegt og að nauðsynlegt væri að beita úrræðum er lytu að skipulagi markaðar til þess að uppræta samkeppnisvandamál sem væru til staðar á greiðslukortamarkaði. Á grundvelli þessa taldi Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að grípa til skipulagsbreytinga á markaðnum til að leysa úr þeim samkeppnisvandamálum sem uppi væru.

Landsbankinn sendi athugasemdir við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins í júní 2013. Fyrsti sáttafundur milli eftirlitsins og Landsbankans var síðan haldinn í október 2013, en í kjölfarið voru haldnir margir fundir milli aðila, þeir síðustu í árslok 2014. Í þeim samskiptum Landsbankans við Samkeppniseftirlitið ítrekaði eftirlitið framangreinda afstöðu sína til sameiginlegs eignarhalds fjármálafyrirtækja á kortafyrirtækjunum og taldi úrbætur í þeim atriðum vera meðal forsendna fyrir sátt í málinu. Af hálfu Landsbankans var því ljóst að Samkeppniseftirlitið lagði mikla áherslu á að gerðar yrðu breytingar á eignarhaldi á kortafyrirtækjunum. Sátt náðist milli Samkeppniseftirlitsins og Landsbankans þann 15. desember 2014, eftir sölu bankans á eignarhlutum sínum í Borgun og Valitor.

Lyktir málsins

Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015 Breytingar á skipulagi og framkvæmd á greiðslukortamarkaði, dags. 30. apríl 2015, lauk eftirlitið rannsókn sinni á umræddum markaði. Var málinu lokið með gerð tvíhliða sátta Samkeppniseftirlitsins við Arion banka hf., Íslandsbanka hf., Landsbankann hf., Borgun hf. og Valitor hf.

³ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015 Breytingar á skipulagi og framkvæmd á greiðslukortamarkaði, bls. 6.

Með sáttunum viðurkenndu framangreindir aðilar að tiltekin framkvæmd á greiðslukortamarkaði hafi farið gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Þá kveða sáttirnar á um tilteknar aðgerðir til að leysa úr þeim samkeppnisvandamálum sem eftirlitið taldi að væru uppi á markaðnum. Lutu þær aðgerðir fyrst og fremst að starfsemi og skipulagi á greiðslukortamarkaðnum. Samkvæmt Samkeppniseftirlitinu var megintilgangur þessa „að tryggja samkeppnislegt jafnræði keppinauta á sviði færsluhirðingar og greiðslukortautgáfu, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum í starfsemi fjármálafyrirtækja á greiðslukortamarkaði og að öðru leyti stuðla að virkari samkeppni á sviði kortautgáfu og færsluhirðingar.“⁴

Í umræddum sáttum kemur meðal annars fram „að sameiginlegu eignarhaldi bankanna á Valitor og Borgun verði slitið en verði einn banki eigandi að kortafyrirtæki skuli viðkomandi banki hlíta ýmsum skilyrðum í viðskiptum við kortafyrirtækið óháð eignarhaldi þessu.“⁵

Í kafla 8 í ákvörðuninni er síðan fjallað um fyrirmæli eftirlitsins í því skyni að efla samkeppni. Þar er fjallað um ákvæði í sáttunum sem kveða á um aðgerðir til að bæta samkeppnisumhverfið á greiðslukortamarkaði, m.a. breytt eignarhald á greiðslukortafyrirtækjum.

Í sátt Landsbankans undirgekkst bankinn ýmis skilyrði til að bæta samkeppnisskilyrði á markaðnum. Í grein 2.4 í sáttinni kemur meðal annars fram skilyrði um eignarhald kortafyrirtækja:

„Landsbankinn, eða félög undir yfirráðum bankans, skulu ekki eiga eignarhlut í fyrirtæki sem hefur með höndum færsluhirðingu, útgáfu greiðslukorta eða vinnslupjónustu vegna útgáfu greiðslukorta ef viðkomandi fyrirtæki er jafnframt í eigu íslensks viðskiptabanka eða félags undir yfirráðum hans. Ákvæði þetta tekur þó ekki til Reiknistofu bankanna hf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2012. Jafnframt skal undanþága frá framangreindu gilda um tímabundna eign Landsbankans á skráðum hlutabréfum kortafyrirtækja, allt að 10% af útgefnu hlutafé þeirra, sem færð er meðal veltufjáreigna.“

Gagnrýni á skilyrði um breytingar á eignarhaldi kortafyrirtækja

Í september 2014 áréttaði Landsbankinn með bréfi til Samkeppniseftirlitsins að hann hefði frá upphafi unnið af heilindum og krafti að því að skapa forsendur fyrir sátt milli bankans og eftirlitsins í málinu og benti á að staða bankans sem minnihlutaeiganda í Valitor og Borgun og sú áformaða þróun að Landsbankinn muni víkja út úr fyrirtækjunum með eignarhluti sína (til að skapa forsendur fyrir þeim málalokum að engir tveir útgefendur korta eigi eignarhluti í sama kortafyrirtækinu) hafi sett bankann í erfiða stöðu varðandi frágang málsins við eftirlitið.

Rétt er að taka fram að í glærum sem Samkeppniseftirlitið afhenti Landsbankanum á meðan samningaviðræður aðila stóðu er lýst hugmyndum Samkeppniseftirlitsins um að Landsbankinn selji hluti sína í Borgun og Valitor. Þar lýsir Samkeppniseftirlitið tilgangi slíkra breytinga á eignarhaldi. Þá er þar vísað til þess að sáttavilji Landsbankans hafi áhrif á mögulegar sektir í málinu.

Samkeppniseftirlitið lagði mikla áherslu á að fyrirkomulagi eignarhalds í kortafyrirtækjum yrði breytt þannig að einungis eitt fjármálafyrirtæki yrði í hluthafahópi hvers þeirra. Stuðlaði afstaða Samkeppniseftirlitsins að því að bankinn greip til ráðstafana í því skyni að losa um eignarhald sitt í Valitor og Borgun. Við þetta má bæta að Landsbankinn taldi skýrt af samskiptum sínum við Samkeppniseftirlitið frá upphafi málsins að sameiginlegt eignarhald viðskiptabankanna að kortafyrirtækjunum fæli í sér óásættanlegt og ólöglegt ástand að mati eftirlitsins. Landsbankinn leit þannig á að breyting á eignarhaldi væri

⁴ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015 *Breytingar á skipulagi og framkvæmd á greiðslukortamarkaði*, bls. 3.

⁵ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015 *Breytingar á skipulagi og framkvæmd á greiðslukortamarkaði*, bls. 3.

lykillinn að lausn málsins og því að sátt gæti tekist á milli aðila. Á sama tíma hafði Samkeppniseftirlitið upplýst Landsbankann um að ef gerð yrði sátt í málinu gætu sektir bankans vegna brotsins numið allt að 900 milljónum króna. Fjárhæð sekta yrði mun hærri ef ekki tækjust sættir í málinu. Einnig komu eftirfarandi lykilþættir fram hjá Samkeppniseftirlitinu:

- „Tryggja verður að sekt hafi fullnægjandi varnaðaráhrif og því verður að horfa til fjárhagsstyrks Landsbankans í heild sinni.“
- „Horft er til sáttavilja og þess hagræðis sem leiðir af því að Landsbankinn viðurkenni brot.“
- „Með því móti koma jákvæðar breytingar á markaði fyrr til framkvæmda og er það neytendum og atvinnulífinu til hagsbóta.“
- „Horft er til þeirra aðgerða sem Landsbankinn er reiðubúinn að grípa til.“⁶

Til að binda enda á sameiginlegt eignarhald að Borgun í samræmi við áherslur Samkeppniseftirlitsins þurfti annað hvort Íslandsbanki eða Landsbankinn að selja hluti sína í Borgun. Í sátt Samkeppniseftirlitsins við Íslandsbanka, dags. 9. júlí 2014, kemur meðal annars fram að Íslandsbanka sé heimilt að leita samninga við Landsbankann um að annar bankinn kaupi hlut hins eða um sölu á hlut beggja eða annars hvors til þriðja aðila. Þá segir að takist ekki samningar innan tiltekins tíma, geti Íslandsbanki boðið Landsbankanum að taka þátt í uppboðsfyrirkomulagi þar sem báðir hluthafar gera tilboð í hlut hins. Sá sem hærra býður kaupir þá hlut hins. Að lokum segir í sáttinni að takist ekki samningar við Landsbankann samkvæmt framansögðu muni Íslandsbanki vinna að ásættanlegri lausn á eignarhaldi Borgunar í samvinnu við eftirlitið í því skyni að tryggja að breytingar á eignarhaldi nái fram að ganga. Þessum breytingum skyldi vera lokið innan tiltekins tíma frá dagsetningu sáttarinnar (dagsetningin var felld úr opinberri útgáfu sáttarinnar). Rétt er að taka fram að sambærilegt ákvæði var ekki í sátt Landsbankans, en þar sagði einungis að Landsbankanum væri óheimilt að eiga hlut í kortafyrirtæki ef það væri jafnframt í eigu annars viðskiptabanka, enda hafði Landsbankinn þá selt eignarhluti sína í Borgun og Valitor.

Sala á eignarhlut Landsbankans í Borgun

Það var mat Landsbankans haustið 2014 að Íslandsbanki ætlaði þá hvorki að selja eignarhlut sinn í Borgun, né kaupa hlut Landsbankans í fyrirtækinu, þrátt fyrir framangreint ákvæði sáttar Samkeppniseftirlitsins og Íslandsbanka. Vegna áherslu Samkeppniseftirlitsins á að fyrirkomulagi eignarhalds á kortamarkaði yrði breytt taldi Landsbankinn sig knúinn til að hefja söluferli á eignarhlut sínum í Borgun.

Landsbankanum barst tilboð í 31,2% eignarhlut sinn í Borgun þann 13. mars 2014 frá hópi fjárfesta. Meðal fjárfestanna voru stjórnendur Borgunar. Sami fjárfestahópur gerði Íslandsbanka sams konar tilboð á sama tíma í 62,2% hlut hans í Borgun. Tilboðin voru gerð með viðamiklum fyrirvörum.

Fundur var haldinn með fulltrúum fjárfestahópsins og fulltrúum Íslandsbanka þann 11. apríl 2014 þar sem tilboðin voru rædd. Þar kom fram að Íslandsbanki vildi fá ráðrúm til þess að bera tilboðið í sinn hlut undir bankaráð.⁷ Sala á eignarhlutum í kortafyrirtækjum var rædd á fundi bankaráðs þann 31. mars 2014 og 28. apríl 2014.

Þann 27. júní 2014 lá fyrir niðurstaða Íslandsbanka um að selja ekki eignarhlut sinn í Borgun og stuttu síðar lá ennfremur fyrir sú niðurstaða Íslandsbanka að kaupa ekki hlut

⁶ Glærur frá Samkeppniseftirlitinu.

⁷ Bankaráð Landsbankans hafði þann 8. október 2013 veitt bankastjóra heimild til að vinna að sölu á hlutum bankans, bæði í Borgun og Valitor, með fyrirvara um endanlegt samþykki bankaráðs.

Landsbankans í Borgun. Viðræður höfðu átt sér stað milli bankanna um möguleg kaup Íslandsbanka á hlut Landsbankans, eftir að framangreint tilboð fjárfestahópsins barst Landsbankanum.

Fjárfestahópurinn hélt áfram viðræðum við Landsbankann og gerði tillögu um lægri tilboðsfjárhæð á grundvelli sjónarmiða um minnihlutaafslátt því nú stæði einungis til að kaupa 31,2% hlut Landsbankans. Það var hins vegar forsenda af hálfu Landsbankans fyrir áframhaldandi viðræðum að tilboðsfjárhæðin myndi ekki lækka. Fjárfestahópurinn gerði nýtt tilboð í hlut Landsbankans í Borgun þann 3. júlí 2014, einnig með viðamiklum fyrirvörum. Tilboðsfjárhæðin var 2.184 m.kr. fyrir 31,2% hlut. Eignarhluturinn var bókfærður á 1.159 m.kr. í uppgjöri bankans 30. júní 2014.

Í stað þess að samþykkja tilboðið urðu Landsbankinn og fjárfestahópurinn sammála um gerð viljayfirlýsingar um samningaviðræður þann 23. júlí 2014, þar sem aðilar komu sér m.a. saman um hvernig hagað skyldi gagnaöflun frá Borgun.

Fyrirhuguð sala á hlut bankans í Borgun var rædd á bankaráðsfundum þann 21. ágúst 2014 og 22. október 2014.

Þann 24. október 2014 lagði fjárfestahópurinn fram endurnýjað kautilboð og nam tilboðsfjárhæðin sömu fjárhæð og í tilboðinu þann 3. júlí 2014. Jafnframt lagði fjárfestahópurinn fram gögn til að sýna fram á að hann hefði fjárhagslega getu til að greiða kaupverðið. Kautilboðið gerðu kaupendurnir með fyrirvara um viðunandi niðurstöðu úr lagalegri og tæknilegri áreiðanleikakönnun sem þeir hugðust gera og samþykki eftirlitsaðila. Landsbankinn samþykkti kautilboðið þann 27. október 2014 með fyrirvara um samþykki bankaráðs.

Bankaráð Landsbankans samþykkti kautilboðið þann 6. nóvember 2014. Lagaleg og tæknileg áreiðanleikakönnun fjárfestahópsins á Borgun stóð þá enn yfir en henni lauk þann 24. nóvember 2014. Kaupin voru gerð opinber með fréttatilkynningu daginn eftir.

Landsbankinn seldi 31,2% hlut í Borgun á 2.184 m.kr. Kaupendur voru Eignarhaldsfélagið Borgun slf. með 25% hlut á 1.751 m.kr. og BPS ehf., sem er félag í eigu stjórnenda Borgunar, með 6,2% hlut á 433 m.kr. Landsbankinn hafði engin áhrif á hverjir skipuðu kaupendahópinn og lánaði þeim ekki fyrir kaupunum, hvorki í heild né að hluta.⁸

Kaupin voru ekki tilkynningarskyld til Samkeppniseftirlitsins enda mynduðust engin yfirráð í skilningi samkeppnislaga við kaupin, en Samkeppniseftirlitið var engu að síður upplýst um viðskiptin og svaraði því til með bréfi 1. desember 2014 að það gerði ekki athugasemdir.

Fjármálaeftirlitið veitti Eignarhaldsfélaginu Borgun heimild til að fara með virkan eignarhlut í Borgun þann 22. desember 2014.

Afhending og greiðsla fór fram þann 30. desember 2014.

⁸ Bankinn hefur fengið heimild frá kaupendum til þess að upplýsa það í bréfi þessu.

Uppruni eignarhlutar í Borgun hf.	Eignarhlutur	Kaupverð (mkr)	Söluverð í nóv 2014 (mkr)
LB yfirtók frá LBI í okt 2008	20,0%	147	1.400
Í skiptum fyrir 20% hlut í Kreditkortu árið 2011 (sem LB yfirtók frá LBI í okt 2008)	7,0%	159	490
LB eignast við yfirtökuna á SpKef í mars 2011	4,2%	70	294
Samtals	31,2%	376	2.184

Eins og sést í ofangreindri töflu var mismunur á kaupverði og söluverði eignarhlutarins í Borgun 1.808 milljónir króna.⁹

Sala á eignarhlut Landsbankans í Valitor

Eins og rakið hefur verið hafði Samkeppniseftirlitið lagt mikla áherslu á að breytingar yrðu á eignarhaldi kortafyrirtækjanna og að einungis eitt fjármálafyrirtæki yrði í hluthafahópi hvers þeirra. Arion banki nálgast Landsbankann í byrjun árs 2014 og lýsti áhuga á að kaupa eignarhlut Landsbankans í Valitor. Var sú umleitan gerð að höfðu samráði við Samkeppniseftirlitið. Í byrjun maí 2014 kynntu stjórnendur Valitor fyrirtækið fyrir Arion banka og Landsbankanum, að sameiginlegri ósk þeirra beggja. Í kynningunum var farið yfir starfsemi fyrirtækisins, rekstraráætlanir, tækifærin og áhættuna í rekstrinum. Þessar kynningar voru gerðar á grundvelli trúnaðaryfirlýsingar til að gera Arion banka og Landsbankanum kleift að verðmeta eignarhluti sína í Valitor en bankarnir höfðu nokkru áður lagt upp með að ráðast í slíka vinnu sem undanfara þess að ræða möguleg viðskipti með hluti í Valitor.

Bankaráð hafði þann 8. október 2013 veitt bankastjóra heimild til að vinna að sölu á hlutum bankans í Valitor og Borgun, með fyrirvara um endanlegt samþykki bankaráðs. Sala eignarhlutar í Valitor var einnig rædd á fundum bankaráðs 31. mars 2014 og 30. júní 2014.

Arion banki lagði þann 10. júlí 2014 fram verðhugmyndir og ósk um viðræður um kaup á 38% hlut Landsbankans í Valitor. Sala á hlutabréfum í Valitor var síðan til umræðu á fundi bankaráðs þann 21. ágúst 2014.

Viðræður milli Arion banka og Landsbankans um verð og helstu skilmála áttu sér stað á tímabilinu frá 30. september til 15. október 2014. Í kjölfarið var hafist handa við kaupsamningsgerð og gerð viðauka um viðbótargreiðslu kaupverðs út af valréttinum milli Visa Europe og Visa Inc.

Gerð var grein fyrir stöðu viðræðnanna á bankaráðsfundum þann 22. október og 6. nóvember 2014.

⁹ Söluhagnaður kann að verða minni vegna skaðleysisákvæða í kaupsamningi. Hagnaður miðað við bókfært verð eignarhlutarins við sölu var 1.025 milljónir.

Samningagerð lauk þann 15. desember 2014 með undirritun kaupsamnings, með fyrirvara um samþykki bankaráðs Landsbankans. Bankaráð samþykkti söluna á fundi sínum þann 17. desember 2014.

Afhending og greiðsla fór fram daginn eftir, þann 18. desember 2014 og voru kaupin gerð opinber sama dag.

Söluverð var 3,6 ma.kr. greiðsla í peningum og samkomulag um viðbótargreiðslu kaupverðs vegna valréttar. Bókfærður hagnaður Landsbankans af viðskiptunum nam 578 milljónum króna.¹⁰

Sama dag tilkynnti Samkeppniseftirlitið um sáttir við Arion banka, Íslandsbanka, Landsbankann, Borgun og Valitor, hvert fyrirtæki fyrir sig og viðamiklar breytingar á greiðslukortamarkaði.

Bein sala

Eins og gerð hefur verið grein fyrir voru eignarhlutir bankans í Valitor og Borgun seldir beinni sölu en ekki í opnu söluferli. Fyrir það hefur Landsbankinn sætt gagnrýni. Almennt leitast bankinn við að selja eignir sínar í opnu söluferli.

Í fram kominni gagnrýni hefur verið nokkuð á reiki hvaða skilning ber að leggja í orðin „opið söluferli“. Ljóst er að þar undir falla almenn útboð samkvæmt lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Væntanlega er þar jafnframt átt við sölumeðferð sem telst ekki til almenns útboðs samkvæmt lögum nr. 108/2007, en felur í sér auglýsingu, sem birt er með opinberum og aðgengilegum hætti, á eignum til sölu þar sem almenningur eða tiltölulega vítt skilgreindur hópur hugsanlegra kaupenda getur gert kauptilboð á grundvelli ítarlegra og samræmdra upplýsinga og innan sama frests.

Ástæðurnar fyrir því að umræddar eignir voru ekki seldar í opnu söluferli voru nokkrar:

Í fyrsta lagi var um að ræða sölu á óskráðum verðbréfum. Almennt liggja minni upplýsingar um slík félög á lausu en um skráð félög. Þar við bætist að vegna samkeppnisstöðu á greiðslukortamarkaði var þekking Landsbankans á félögunum takmörkuð, en bankanum var eingöngu heimilt að tilnefna óháða stjórnarmenn. Fyrir vikið lá ljóst fyrir að sölunni kynni að fylgja meiri ábyrgð fyrir Landsbankann en ella. Úr þeirri ábyrgð var dregið þar sem kaupendur eignarhlutanna voru annars vegar hópur undir forystu stjórnenda Borgunar og hins vegar Arion banki, sem var eigandi meirihluta hlutafjár Valitor og gjörþekkti rekstur þess félags. Það lá því ljóst fyrir að umræddir kaupendur myndu því ekki geta komið fram ábyrgð á hendur Landsbankanum þótt það yrði niðurstaða þeirra síðar að Valitor og Borgun hefðu ekki staðið undir væntingum. Fyrir vikið var ferlið í báðum tilvikum til þess fallið að takmarka ábyrgð Landsbankans á hinu selda.

Í öðru lagi lagði Samkeppniseftirlitið mikla áherslu á að fyrirkomulagi eignarhalds í kortafyrirtækjum yrði breytt þannig að einungis yrði eitt fjármálafyrirtæki eigandi í hverju kortafyrirtæki. Þetta kom skýrt fram í andmælasgjafi Samkeppniseftirlitsins frá mars 2013. Í viðræðum Landsbankans og Samkeppniseftirlitsins sem hófust í lok árs 2013 var þessi afstaða Samkeppniseftirlitsins staðfest og fram kom að uppstokkun eignarhalds væri forsenda fyrir sátt í málinu. Athygli er vakin á því að Landsbankinn sendi

¹⁰ Hagnaður kann þó að verða minni vegna skaðleysisákvæða í kaupsamningi.

Samkeppniseftirlitinu bréf þann 7. febrúar 2014 þar sem hann gerði eftirlitinu meðal annars grein fyrir þeim ráðstöfunum sem hann teldi sig geta gripið til, í því skyni að mæta athugasemdum þess við fyrirkomulag á kortamarkaði. Í umræddu bréfi segir: „Landsbankinn sér ekki fyrir sér að sölumeðferðin geti verið í formi opins söluflerlis enda er um að ræða minnihlutaeignarhald bankans og því ólíklegt að bankinn gæti útvegað allar upplýsingar um fyrirtækin sem þörf er á í slíku ferli. Þá eru viðskipti með og eignarhald á virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki háð ströngum skilyrðum í lögum og ekki er um að ræða fullnustueignir bankans.“ Íslandsbanki hafnaði í lok júní því tilboði sem barst í mars 2014, auk þess sem hann hafnaði í byrjun júlí tilboði Landsbankans um að selja honum hlut sinn í Borgun. Það var því mat Landsbankans um mitt ár 2014 að Íslandsbanki myndi ekki koma að því að breyta eignarhaldi á Borgun á þeim tíma, þrátt fyrir að gera sátt við Samkeppniseftirlitið þann 9. júlí 2014 sem kallaði á slíkar breytingar. Því taldi Landsbankinn einsýnt að hann þyrfti að selja hlut sinn í ljósi þeirrar afstöðu Samkeppniseftirlitsins að eignarhald í kortafélögunum fæli í sér óásættanlegt og ólögmeitt ástand. Samkvæmt sátt Íslandsbanka við Samkeppniseftirlitið frá 9. júlí 2014, sem Samkeppniseftirlitið sendi Landsbankanum þann 20. ágúst 2014, skyldi eignarhaldinu breytt innan tiltekinna tímamarka. Taldi bankinn sig því þurfa að leiða málið til lykta á skömmum tíma.

Í þriðja lagi voru bæði kortafyrirtækin í meirihlutaeigu og undir yfirráðum keppinauta Landsbankans, sem hefði gert honum erfitt að leggja grunn að og stýra opnu söluflerli með eignirnar.

Í fjórða lagi var það mat Landsbankans að aukin áhersla Borgunar á erlenda færsluhirðingu skapaði áhættu í rekstri félagsins sem fjárfestar þyrftu að bera og bankinn kynni að bera ábyrgð á sem seljandi hlutabréfanna. Hafði bankinn þar hliðsjón af þeim skakkaföllum sem Valitor hafði lent í vegna sambærilegrar starfsemi. Jafnframt var Landsbankanum kunnugt um áföll sem Kreditkort hf. hafði lent í vegna sambærilegrar starfsemi nokkrum árum áður.

Þá gaf það síður tilefni til að breyta því ferli sem hafið var að Landsbankinn var þeirrar skoðunar, miðað við þær upplýsingar sem hann bjó yfir á þeim tíma, að hann væri að tryggja sér mjög viðunandi söluverð fyrir eignirnar. Landsbankinn taldi sig hafa fengið enn frekari vissu fyrir því hvað Borgun snertir þegar Íslandsbanki hafnaði tilboði um að kaupa eignarhlutinn í Borgun á sama verði, enda hafði Íslandsbanki þar tækifæri til þess að tryggja sér því sem næst allt hlutafé félagsins og hafði því talsverða ástæðu til þess að greiða hátt verð fyrir hlutina.

Landsbankinn gerði sér grein fyrir því að bankinn kynni að sæta gagnrýni vegna fyrirkomulags sölunnar en ákvað að breyta söluflerlinu ekki, enda var það mat bankans að þannig yrði þeirra hagsmuna hans sem vísað er til hér að framan gætt hvað best.

Landsbankinn hefur hins vegar dregið lærdóm af þeirri gagnrýni sem hann hefur mátt sæta og breytt stefnu sinni og verklagi á þann veg að leitast er við, eftir því sem kostur er að hafa söluflerli með eignir bankans opið, gagnsætt, þekkt og aðgengilegt.

Þess má geta að þann 3. desember 2014 óskaði Fjármálaeftirlitið eftir því við Landsbankann að hann gerði grein fyrir því hvers vegna umræddar eignir hefðu ekki verið seldar í opnu söluflerli. Því svaraði bankinn þann 9. desember 2014 og gerði þar grein fyrir þeim sjónarmiðum sem bjuggu að baki því hvernig að sölunni var staðið. Ekki voru gerðar athugasemdir af hálfu Fjármálaeftirlitsins við þær skýringar. Eins og áður er rakið hefur Fjármálaeftirlitið hins vegar sent bankanum nýja fyrirspurn vegna viðskiptanna, dags. 29. janúar sl.

Þá má geta þess að löggjafinn og eftirlitsyfirvöld, Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið, hafa ekki gert almenna og ófrávíkjanlega kröfu um að fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins selji eignir í almennu útboði, auglýsi eignir á markaði eða

hafi sölumeðferð með öðrum hætti opna.¹¹ Til marks um þetta beindi Samkeppniseftirlitið því til viðskiptabanka í eigu ríkisins á árunum 2008 og 2009 að leitast við að hafa ferlið opið og gagnsætt eftir því sem kostur væri.¹²

Þá er óskað eftir afritum af öllum bréfasamskiptum á milli bankans og Samkeppniseftirlitsins í tengslum við fyrrgreint sáttferli, þ.m.t. upplýsingum um tímafresti.

Það sem tengist því máli sem hér er fjallað um og fram kemur í umræddum bréfaskiptum fylgir bréfi þessu. Um er að ræða eftirfarandi gögn, sem eru meðal fylgiskjala með bréfi þessu:

• Yfirlit yfir samskipti milli Landsbankans og Samkeppniseftirlitsins í tengslum við sáttferli.	Fylgiskjal 3
• Hluti úr andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins til Landsbankans, dags. 8. mars 2013, er varðar breytingu á eignarhaldi kortafyrirtækja.	Fylgiskjal 4
• Bréf til Samkeppniseftirlitsins vegna frests, dags. 22. apríl 2013.	Fylgiskjal 5
• Bréf til Samkeppniseftirlitsins vegna frests, dags. 29. maí 2013.	Fylgiskjal 6
• Fylgibréf Landsbankans með athugasemdum bankans við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, dags. 27. júní 2013.	Fylgiskjal 7
• Athugasemdir Landsbankans við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, dags. 27. júní 2013.	Fylgiskjal 8
• Bréf Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins vegna sáttar, dags. 4. júlí 2013.	Fylgiskjal 9
• Bréf Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins vegna sáttar, dags. 24. september 2013.	Fylgiskjal 10
• Viðræðugrundvöllur um sátt frá Samkeppniseftirlitinu.	Fylgiskjal 11
• Bréf Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins vegna breytinga á eignarhaldi, dags. 7. febrúar 2014.	Fylgiskjal 12
• Minnisblað Lex lögmannsstofu til Samkeppniseftirlitsins, dags. 12. maí 2014.	Fylgiskjal 13
• Bréf til Samkeppniseftirlitsins til Landsbankans vegna sáttar Íslandsbanka og Borgunar, dags. 20. ágúst 2014, ásamt sáttaskjöllum	Fylgiskjal 14
• Bréf Lex lögmannsstofu f.h. Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins, dags. 12. september 2014.	Fylgiskjal 15
• Fylgibréf frá Samkeppniseftirlitinu vegna sáttar, dags. 15. desember 2014.	Fylgiskjal 16
• Undirrituð sátt milli Landsbankans og Samkeppniseftirlitsins, dags. 15. desember 2014.	Fylgiskjal 17

¹¹ Í skýrslu starfshóps forsætisráðuneytisins, „Sala ríkisins á eignarhlutum í fyrirtækjum og sala fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins á eignarhlutum í fyrirtækjum“, sem falið var að yfirfara hvort nægilega væri tryggt í lögum og reglum að jafnræðis og gagnsæis væri gætt við sölu á fyrirtækjum eða hlutum í fyrirtækjum í beinni eða óbeinni eigu ríkisins segir á bls. 41-42: „Ljóst er að eignarhaldi ríkisins fylgir sérstök skylda um upplýsingagjöf og kröfur um gagnsæi og jafnræði eru sterkari í slíkum tilvikum. Stefna Landsbankans um sölu fullnustueigna er til fyrirmyndar hvað þetta varðar og með virkri eftirfylgni hennar rækir bankinn skyldu sína sem fyrirtæki á samkeppnismarkaði í opinberri eigu.“

¹² Sjá álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja, 12. nóvember 2008, bls. 3, og umræðuskjal Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009, Bankar og endurskipulagningu fyrirtækja - Stefnumörkun, bls. 56.

Jafnframt er óskað eftir samantekt á því hvaða [gagna] bankinn hafi aflað hjá Borgun hf. og Valitor hf. í tengslum við sölu á eignarhlutum í félögunum, [hvaða] gögnum hafi verið óskað eftir en félögin hafi hafnað að veita og hvaða gögn hafi verið lögð fyrir bankaráð þegar það samþykkti sölu hlutabréfa bankans í Borgun hf. og Valitor hf.

Þegar fyrir lá viljayfirlýsing milli fjárfestahópsins og Landsbankans þann 23. júlí 2014 óskuðu aðilar sameiginlega eftir aðgangi að gögnum um Borgun, kynningu á fjárhagsstöðu félagsins og framtíðaráformum, í því skyni að hvor aðili um sig gæti unnið verðmat á félaginu.

Kynningar stjórnenda fóru fram 22. og 26. ágúst 2014. Þar var starfsemi Borgunar kynnt og rekstraráætlanir stjórnenda. Í kynningunum var í engu vikið að því að Borgun ætti hlutafé í Visa Europe eða tilkall til endurgjalds, kæmi til þess að valréttur Visa Europe og Visa Inc. yrði nýttur. Í ársreikningi félagsins eru hlutabréf í Visa Europe ekki sérstaklega tilgreind.

Kynningar stjórnenda og svör við fyrirspurnum í tengslum við kynningarnar voru lagðar fram í rafrænu gagnaherbergi. Aðgangurinn var með þeim hætti að lesa mátti gögnin af skjá en ekki afrita þau eða prenta út. Í framhaldinu fengu kaupendur aðgang að gagnaherbergi sem Landsbankinn hafði ekki aðgang að og þekki ekki hvað var í.

Í tilviki Valitor kynntu stjórnendur í maí 2014 starfsemi fyrirtækisins og rekstraráætlanir fyrir Landsbankanum og Arion banka vegna verðmatsvinnu. Kynningar stjórnenda og svör við fyrirspurnum í tengslum við kynningarnar voru lagðar fram í rafrænu gagnaherbergi. Aðgangurinn var með þeim hætti að lesa mátti gögnin af skjá en ekki afrita þau eða prenta út.

Hvorki í tilviki Borgunar né Valitor kom til þess að hafnað væri að veita gögn sem óskað var eftir.

Bankaráð Landsbankans samþykkti söluna á eignarhlut bankans í Borgun á fundi sínum þann 6. nóvember 2014. Á þeim fundi gerði bankastjóri grein fyrir viðskiptunum og lögð var fyrir bankaráð samantekt um viðskiptin og undirritað kauptilboð. Áður hafði bankaráði verið gerð grein fyrir stöðu viðræðnanna á fundum þess þann 31. mars, 28. apríl, 21. ágúst og 22. október 2014.

Bankaráð Landsbankans samþykkti söluna á eignarhlut bankans í Valitor á fundi sínum þann 17. desember 2014. Á þeim fundi var lögð fyrir bankaráð kynning um kaupsamninginn, kaupsamningur um eignarhlutinn, kynningaráætlun og sátt Samkeppniseftirlitsins og bankans. Áður hafði bankaráði verið gerð grein fyrir stöðu viðræðnanna á fundum þess þann 31. mars, 28. apríl, 30. júní, 21. ágúst og 22. október 2014.

3.

Gera stofnuninni ítarlega grein fyrir því verðmati sem bankinn eða bankaráðið studdist við [við] mat á því að tilboð í eignarhlut í Borgun hf. annars vegar og í eignarhlut í Valitor hf. hins vegar hafi verið ásættanlegt, bæði fyrir (i) undirliggjandi rekstur félaganna og (ii) önnur samningsbundin verðmæti.

Er óskað eftir upplýsingum um við hvaða verðmatsaðferðir hafi verið stuðst eins og (a) virði miðað við afvaxtað sjóðstreymi (framtíðarspár um arðgreiðslur, vöxt þeirra og afvaxtarstig), (b) virði miðað við raunverulegan eða áætlaðan hagnað til hluthafa, (c) virði miðað við bókfært eigið fé hluthafa eða (d) virði miðað við aðrar verðmatsaðferðir.

Þá er óskað eftir rökstuðningi hvort og hvers vegna ákveðinni verðmatsaðferð hafi verið gefið meira vægi við niðurstöður bankaráðsins.

Verðmat Landsbankans á Borgun

Verðmat Landsbankans á eignarhlut Landsbankans í Borgun byggði fyrst og fremst á sjóðstreymisgreiningu. Greiningin byggði í grunninn á rekstraráætlunum stjórnenda en þær aðlagði Landsbankinn ólíkum sviðsmyndum um rekstur félagsins í framtíðinni.

Rekstraráætlun stjórnenda var til nokkurra ára og gerði ráð fyrir tilteknum árlegum vexti í umsvifum og hagnaði. Í verðmati Landsbankans var reksturinn áætlaður áfram inn í framtíðina en gert var ráð fyrir að draga myndi úr vextinum með árunum.

Á grunni áætlana um rekstur félagsins í framtíðinni var í sjóðstreymisgreiningunni áætlað hve mikið af hagnaði félagsins greiða mætti í arð. Komu þar til álita sjónarmið um hvernig efnahagur félagsins og eiginfjárstaða myndi þróast.

Verðmat Landsbankans var unnið út frá þeim upplýsingum sem komu fram í kynningum stjórnenda á félaginu seinni hluta ágúst 2014 og þeim gögnum sem lögð voru fram í tengslum við stjórnendakynningarnar. Varðandi vöxt starfseminnar á erlendum mörkuðum kom fram að í þeim áætlunum væri áhætta, einkum vegna aukinnar sviksemi í færsluhirðingu fyrir viðskiptavinum en fyrir lá að færsluhirðing í gegnum internetið væri áhættusamari en færsluhirðing fyrir seljendur er taka við kortum á sölustað. Til þess gæti komið að erlenda starfsemi gæti valdið meirihlutaeiganda félagsins orðsporsáhættu. Í þessu sambandi var sömuleiðis litið til nýlegrar reynslu Valitor sem hafði orðið fyrir áföllum í erlendri starfsemi og því dregið mjög úr henni.

Það voru einkum þrjár sviðsmyndir sem horft var til í sjóðstreymisgreiningunni:

1) að rekstur félagsins yrði samkvæmt rekstraráætlun félagsins, með hægari vexti eftir að henni sleppti og að áhersla yrði á að greiða sem mest af hagnaði út í arð;

2) sama rekstraráætlun en með heldur minni arðgreiðslum svo eigið fé myndi heldur styrkjast og félagið yrði þar með í sterkari stöðu til að mæta mögulegum rekstraráföllum og

3) að framreikna þáverandi rekstur félagsins án verulegrar markaðssóknar og yrði þá framtíðarafkoma að mestu leyti greidd út í arð.

Ekki var litið til sviðsmynda sem fæli í sér að reksturinn yrði fyrir verulegu áfalli.

Áætlaðar arðgreiðslur félagsins, samkvæmt ólíkum sviðsmyndum í sjóðstreymislíkaninu, voru núvirtar með tiltekinni ávöxtunarkröfu hluthafa.

Við mat á ávöxtunarkröfu hluthafa var horft til eftirfarandi atriða og áhættupátta.

- Ávöxtunarkrafa á skráð hlutabréf umfram áhættulausa vexti var metin 6% með hliðsjón af rannsóknum á erlendum hlutabréfamörkuðum¹³ og er þá miðað við skráð félag með svipað áhættustig og er að meðaltali á dreifðum hlutabréfamarkaði (þ.e. beta-gildi = 1). Á þessum tíma voru vextir langra ríkisbréfa um 7,2%¹⁴ og hæfileg ávöxtunarkrafa hluthafa til skráðra íslenskra félaga með áhættustig í meðallagi þannig metin 13,2% (þ.e. eiginfjárfkrafa).
- Í verðmötum greiningaraðila á íslenskum rekstrarfélögum í Kauphöllinni var á þessum tíma gerð forsenda um ávöxtunarkröfu hluthafa á bilinu 11,5%-14,5%.
- Borgun er óskráð félag, þ.e. ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, en það er viðtekið sjónarmið í verðmatsfræðum að gerð sé hærri ávöxtunarkrafa til óskráðra félaga en skráðra.
- Rekstrarumhverfi og starfsemi Borgunar var að taka miklum breytingum og því var áhættustig fjárfestingar í hlutabréfum Borgunar yfir meðallagi (þ.e. beta-gildi herra en 1) að mati Landsbankans.
- Landsbankinn var með hluta af eigin fé sínu bundið í eignarhlutum í Borgun og eðlilegt að bankinn gerði hærri ávöxtunarkröfu á eignarhlutinn en gerð væri til bankans sjálfs. Í því sambandi hafði í skýrslum um starfsemi Bankasýslu ríkisins verið leitt út að eðlileg arðsemiskrafa til banka í blönduðum rekstri ætti að taka mið af áhættulausum langtímavöxtum og ávöxtunarkröfu á hlutafé umfram áhættulausa vexti, en þó að teknu tilliti til eiginfjárlutfalls bankans¹⁵.
- Rekstraráætlanir Borgunar gerðu ráð fyrir auknum viðskiptum á erlendum mörkuðum. Þau áform voru ekki í hendi og voru áhættusöm en í því sambandi var meðal annars horft til fyrri útrásarsögu íslenskra kortafyrirtækja. Á erlendum mörkuðum var samkeppnisstaða Borgunar ekki skýr, enda félagið í samkeppni við fjölmarga aðila og ekki ljóst hvort starfsemin gæti vaxið á þroskuðum mörkum án verulegrar áhættutöku. Á þessum tíma var meirihluti viðskipta Borgunar við erlenda seljendur í gegnum internetið.¹⁶ Misserin á undan höfðu verið skoðaðir möguleikar á útvíkkun vöruframboðs í formi færsluhirðingar fyrir seljendur er taka við kortum á sölustað, en ekki var á reynslu að byggja í því sambandi. Því var gerð hærri ávöxtunarkrafa í þeim sviðsmyndum sem gerðu ráð fyrir auknum viðskiptum erlendis. Sjónarmið um óvissuna í væntri erlendri starfsemi vó hér þyngra en að um væri að ræða vænt sjóðstreymi í erlendum myntum þar sem grunnvextir eru lægri en á Íslandi.
- Samkeppnisumhverfi á Íslandi var á þessum tíma að taka breytingum og óljóst hvaða breytingar yrðu á rekstrarumhverfi og samkeppnisstöðu Borgunar í kjölfarið.

¹³ <http://pages.stern.nyu.edu/~adamodar/>

¹⁴ www.bonds.is: Ávöxtunarkrafa RÍKB 31 í lok ágúst 2014.

¹⁵ Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins 2011, bls 30-31

¹⁶ Skýrsla stjórnar í ársreikningi Borgunar fyrir árið 2014, bls. 3.

- Í Evrópu og á Íslandi var og er unnið að breytingum á kortamarkaði sem gætu meðal annars haft í för með sér lækkun á þóknunum kortafyrirtækja.
- Landsbankinn var að selja minnihlutaeign í Borgun þar sem einn hluthafi hélt á yfir 60% hlut og var þar með meirihlutaeigandi. Eignarhlutur Landsbankans var aftur á móti undir 1/3, nánar tiltekið 31,2%. Eignarhlutur Landsbankans veitti þannig aðeins takmörkuð áhrif á meiriháttar ákvarðanir í rekstri Borgunar. Við slíkar aðstæður koma sjónarmið um minnihlutaafslátt¹⁷ til álita við verðmat.
- Tæknibreytingar: Greiðslumiðlun er að verða fjölbreyttari um allan heim, t.d. má búast við að farsímar eigi eftir að leika stærra hlutverk.

Jafnframt var litið til þess að sviðsmyndirnar sem stillt var upp í sjóðstreymisgreiningunni fólu í sér misjafnlega mikla áhættu og því voru áætlanir um arðgreiðslur samkvæmt ólíkum sviðsmyndum núvirtar með ólíkri ávöxtunarkröfu.

Við verðmat á eignarhlut Landsbankans í Borgun var einnig litið til verðlagningar samanborið við eigið fé Borgunar á þeim tíma. Söluverð eignarhlutarins í Borgun fól í sér verðlagningu sem var 88% hærri en eigið fé Borgunar á þeim tíma og eiginfjármargfaldarinn því 1,88. Í því felst að virði hlutafjár felur í sér væntingar um umtalsverða ávöxtun eigin fjár umfram arðsemiskröfu sem gerð er til fyrirtækisins.

Litið til rekstrarsögu liðinna ára fól söluverð eignarhlutarins í Borgun í sér verðlagningu sem var sjöfaldur hagnaður eftir skatta árið 2013, 10-faldur hagnaður ársins 2012 og 33-faldur hagnaður ársins 2011. Verðlagning hlutabréfanna við sölu Landsbankans miðaðist við bestu upplýsingar á þeim tíma. Rekstur félagsins hefur síðan gengið vel og umfram væntingar.

Borgun, lykiltölur	2009	2010	2011	2012	2013
Hreinar rekstrartekjur	1.564	1.769	1.895	2.674	3.615
Hagnaður fyrir skatta	131	299	263	863	1.264
Hagnaður	123	226	211	658	994
Eigið fé	961	1.187	1.397	2.056	3.050
Virði alls hlutafjár m.v. sölu eignarhlutar 2014					7.000
Virði / hagnaður viðkomandi árs			33,2	10,6	7,0
Virði / eigið fé					2,3
Virði / eigið fé 31. júní 2014					1,88

Verðmat Landsbankans á Valitor

Eins og í tilviki Borgunar byggði verðmat Landsbankans á eignarhlut bankans í Valitor fyrst og fremst á sjóðstreymisgreiningu. Til grundvallar voru rekstraráætlanir stjórnenda og á þeim grunni byggði Landsbankinn áætlun lengra inn í framtíðina og ólíkar sviðsmyndir um rekstur félagsins í framtíðinni. Í sjóðstreymisgreiningunni var áætlað hve mikið af hagnaði félagsins greiða mætti í arð. Komu þar til álita sjónarmið um hvernig efnahagur félagsins og eiginfjárstaða myndi þróast. Það var mat Landsbankans að eiginfjárstaða Valitor væri á þessum tíma sterk og að eingreiðsla arðs kæmi til álita og að

¹⁷ Fáar rannsóknir liggja fyrir um hvað algengur minnihlutaafsláttur sé hár en nefndir hafa verið afslættir á bilinu 10-40%, sbr <http://www.philipsaunders.com/TheFirm/Publications/ControlPremiums/tabid/96/Default.aspx>

félagið yrði í framhaldinu rekið með minna eigin fé. Þó var sömuleiðis litið til þess að mikilvægt væri, eins og segir í ársskýrslu 2011 „... að eiginfjárlutfall samstæðunnar sé ávallt nægjanlegt til að styðja við frekari vöxt, sem og til að takast á við óvænt áföll og áhættur vegna sviksemi í netsölustarfsemi sem fer vaxandi á þeim mörkuðum sem Valitor Holding hf. starfar á“.

Þær sviðsmyndir sem horft var til í sjóðsstreymisgreiningunni sneru einkum að því: 1) hve há eingreiðsla arðs yrði og þar með hve mikið eigið fé yrði bundið í rekstrinum inn í framtíðina; 2) hvernig erlend starfsemi Valitor myndi þróast en stefna félagsins var að auka starfsemi sína erlendis eftir að hafa nokkru áður dregið sig að miklu leyti út af erlendum mörkuðum og 3) hvernig viðskipti Landsbankans við Valitor myndu þróast en bankinn var og er stór viðskiptavinur félagsins í vinnsluþjónustu fyrir kortaútgáfu.

Við mat á ávöxtunarkröfu hluthafa var horft til sömu atriða og áhættuþátta og hjá Borgun en ekki þó á nákvæmlega sama hátt enda félögin ekki að öllu leyti samanburðarhæf. Félögin áttu það bæði sameiginlegt að vera að ganga í gegnum miklar breytingar, m.a. vegna aukinnar áherslu á erlenda starfsemi og breytinga á innlendum markaði.

Valitor, lykiltölur	2009	2010	2011	2012	2013
Samtals rekstrartekjur	7.889	10.562	9.480	8.378	7.138
Rekstrarhagnaður	853	1.778	1.642	1.038	108
Fjármagnsliðir	343	-565	-65	34	-352
Hagnaður fyrir skatta	1.196	1.213	1.576	1.072	-244
Hagnaður	1.008	1.014	1.218	811	-306

Eigið fé	5.144	6.158	7.376	8.187	7.585
-----------------	--------------	--------------	--------------	--------------	--------------

Virði alls hlutafjár m.v. sölu eignarhlutar 2014					9.474
Virði / hagnaður viðkomandi árs			7,8	11,7	neikvætt
Virði / eigið fé					1,2
Virði / eigið fé 31. júní 2014					1,2

Í ársskýrslu Valitor Holding fyrir árið 2011, sem vitnað var til hér að framan, segir einnig: „*Rekstur og umsvif Valitor Holding hf. erlendis hafa aukist mjög mikið á undanförunum árum og gert er ráð fyrir að sú þróun haldi áfram á komandi misserum.*“

Rekstrarsaga Valitor sýndi að hún getur tekið snöggum breytingum, en misserin á eftir gaf á í rekstrinum og var tap af honum árið 2013. Afkomusveiflurnar eru mun meiri í erlendu starfseminni en þeirri innlendu.

Litið var til þess að sviðsmyndirnar sem stillt var upp í sjóðsstreymisgreiningunni fólu í sér misjafnlega mikla áhættu og því voru áætlanir um arðgreiðslur samkvæmt ólíkum sviðsmyndum núvirtar með ólíkri ávöxtunarkröfu.

Söluverð eignarhlutarins í Valitor fól í sér verðlagningu sem var 18% hærri en eigið fé Valitor á þeim tíma og eiginfjármargfaldarinn því 1,18, en eins og fyrr segir var eiginfjárstaðan að mati Landsbankans sterkari en reksturinn þarfnaðist til lengri tíma lítið.

Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvaða samanburðarmat (e. comparable analysis) hafi verið framkvæmt til að rökstyðja ákvörðun bankans um hagkvæmni kauptilboða.

Við verðmat Landsbankans var lítið til verðlagningar erlendra félaga sem skráð eru í kauphöll. Sá samanburður varpaði að mati Landsbankans ekki ljósi á verðmæti Borgunar og Valitor vegna þess að aðeins fá skráð erlend félög komu til greina, þau voru ólík að gerð og verðlagning þeirra var á breiðu bili. Samanburður við verðlagningu Visa Inc. og Mastercard Inc. á að mati Landsbankans ekki við því starfsemi þeirra félaga er annars eðlis og viðameiri. Þau eiga tilsvareandi vörumerki og alþjóðleg greiðslukerfi sem byggst hafa upp yfir langan tíma og geta þeirra til að verðleggja þjónustu sína er önnur en hjá Borgun og Valitor sem endurspeglast í hárri verðlagningu.

4. Upplýsingar um sölu fullnustueigna og annarra eigna á árunum 2009 til 2015

Gefa stofnuninni ítarlega skýrslu um sölu (a) allra eigna í sölumæðferð, þar með talið fullnustueigna og eignasamstæðna til sölu, (b) allra hlutdeildarféлага, (c) allra dótturfélaga, (d) hlutabréfa og annarra verðbréfa með breytilegum tekjum og (e) annarra eignarhluta á árunum 2009 til 2015 í samræmi við framsetningu þessara liða á efnahagsreikningi bankans. Er óskað eftir (a) upplýsingum um við hvaða sölumæðferðir hafi verið stuðst og hvers vegna (almennt útboð og skráning eignarhluta, sala á hlutabréfamarkaði eftir skráningu, tilboðssala að undangengnu opnu sölufærli, beina sala í lokuðu sölufærli eða aðrar sölumæðferðir), (b) upplýsingum um arðstekjur vegna tilgreindra eigna, (c) hagnað eða tap bankans af sölu viðkomandi eigna og (d) upplýsingum um fjölda hlutafélaga sem um ræðir. Er óskað eftir því að viðskipti verði sundurgreind á hvert ár eftir sölumæðferð, hver einstök viðskipti þar sem söluandvirði var meira en 1,0 ma. kr. tilgreind sérstaklega, gerð verði grein fyrir öllum slíkum ráðstöfunum hvers einstaks félags innan samstæðunnar, þ.m.t. flutning eignarhluta á milli þeirra, hvaða ráðstafanir hafi verið samþykktar af bankaráði, stjórn viðkomandi dótturfélags eða forstjóra og afstemming við endurskoðaðan ársreikning. Bankasýsla ríkisins gerir sér grein fyrir því að Landsbankinn hf. þurfi að viðhalda trúnaði um einstök viðskipti og getur bankinn því veitt upplýsingarnar án þess að nafngreina einstaka viðskiptavinum hafi upplýsingar um viðskiptin ekki komið fram, heldur einungis geta þess í hvaða atvinnugrein viðkomandi aðili falli samkvæmt skilgreiningu bankans.

4.1 Lagaákvæði um eignarhald fjármálafyrirtækja á fyrirtækjum í óskyldum rekstri og mæðferð fullnustueigna

Í upphafi er vert að gera stuttlega grein fyrir helstu lagaákvæðum sem gilda um eignarhald fjármálafyrirtækja á hlutum í öðrum fyrirtækjum og um mæðferð fjármálafyrirtækja á fullnustueignum. Markmið þessara ákvæða er að skýra starfsheimildir fjármálafyrirtækja, takmarka áhættu og hindra óheppileg afskipti fjármálafyrirtækja af samkeppni og starfsemi fyrirtækja sem ekki eru fjármálafyrirtæki. Ákvæðin eiga það sammerkt að þeim er ætlað að greiða fyrir skjótri og skilvirkri mæðferð fullnustueigna og reisa skorður við eignarhaldi fjármálafyrirtækja á fyrirtækjum í óskyldum rekstri.

Í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er að finna ákvæði sem takmarka heimildir fjármálafyrirtækja til að eiga hluti í fyrirtækjum í óskyldum rekstri. Með fyrirtækjum í óskyldum rekstri er átt við fyrirtæki sem eru ekki fjármálafyrirtæki, fyrirtæki sem eru ekki tengd fjármálasviði, fyrirtæki sem sinna ekki þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við starfsemi viðkomandi fjármálafyrirtækis og fyrirtæki sem stunda ekki hliðarstarfsemi sem er í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu viðkomandi fjármálafyrirtækis. Nánar tiltekið er um að ræða ákvæði 22., 28. og 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í 22. gr. laganna er kveðið á um tímabundna starfsemi og yfirtöku eigna, í 28. gr. um hámark virkra eignarhluta og í 30. gr. um takmarkanir á stórum áhættum. Öll þessi ákvæði skipta máli þegar horft er til heimilda fjármálafyrirtækja til að eiga hluti í fyrirtækjum í óskyldum rekstri. Viðhorf Fjármálaeftirlitsins um skýringu á 20.–22. gr. laga um fjármálafyrirtæki koma fram í leiðbeiningum varðandi hliðarstarfsemi og tímabundna starfsemi lánastofnana sem eftirlitið hefur birt á vefsíðu sinni.¹⁸

Önnur ákvæði laga um fjármálafyrirtæki og reglur sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum geta haft áhrif á ákvarðanir fjármálafyrirtækja um að eiga hluti í fyrirtækjum í óskyldum rekstri. Þer þar einkum að nefna eiginfjárákvæði X. kafla laganna og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007, um eiginfjárröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja,

¹⁸ Sjá vefsíðu Fjármálaeftirlitsins: <http://www.fme.is/thjonustugatt/hlidar-og-timabundin-starfsemi/>

með síðari breytingum. Þessar reglur, sem settar eru með stoð í 3. mgr. 84. gr. laganna, kveða á um að eign fjármálafyrirtækis í hlutabréfum, sem felur í sér markaðsáætlu, hefur áhrif á útreikning á áhættugrunni fjármálafyrirtækisins og þar með eiginfjárkröfu sem gerð er til þess. Þá geta önnur lagaákvæði leitt til takmarkana á möguleikum fjármálafyrirtækja til að eiga hluti í fyrirtækjum í óskyldum rekstri.

Samkeppnislögum nr. 44/2005 er ætlað að vinna gegn óhæfilegum takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, skaðlegri fákeppni, samkeppnishömlum og takmörkunum á aðgangi nýrra keppnauta að mörkuðum. Lögin veita Samkeppniseftirlitinu heimildir til þess að hafa eftirlit með því að eignarhald fjármálafyrirtækja í öðrum fyrirtækjum samrýmist lögnum og til að grípa til úrræða ef slíkt eignarhald raskar hagsmunum sem lögnum er ætlað að vernda. Samrunareglur laganna eru sérstaklega mikilvægar í þessu samhengi.¹⁹

4.2 Eftirlit hins opinbera

Frá stofnun Landsbankans hf. árið 2008 hafa bæði Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið fylgst náið með eignarhaldi bankans á hlutum í öðrum fyrirtækjum, óskað eftir upplýsingum þar að lútandi og sett tímafresti fyrir sölu eigna. Þá var í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 290/12/COL frá 11. júlí 2012 í máli nr. 69096, er varðaði samþykki á ríkisaðstoð til endurskipulagningar á Landsbankanum, kveðið á um tilteknar skuldbindingar Landsbankans til að selja áfram eignarhluti í yfirteknum fyrirtækjum.²⁰

4.3 Sjónarmið um sölu eigna í eigandastefnu ríkisins frá 2009

Þann 1. september 2009 gaf fjármálaráðuneytið út eigandastefnu ríkisins sem ætlað er að skýra fyrirætlanir ríkisins sem eiganda að fjármálafyrirtækjum. Stefnan skiptist í fjóra meginþætti, þ.e. markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum, skipulag eigandahlutverksins innan ríkisins, meginreglur sem ríkið setur sér sem eigandi og kröfur og viðmið í rekstri fjármálafyrirtækja sem ríkið á hluti í. Í eigandastefnunni koma fram almenn sjónarmið um sölu fjármálafyrirtækja á eignum. Á bls. 8 í stefnunni segir:

„Fjármálafyrirtæki skulu koma sér upp innri verkferlum um lykilþætti í starfsemi sinni, svo sem endurskipulagningu skuldssettra fyrirtækja, úrlausn skuldavanda einstaklinga, sölu eigna o.fl. Mikilvægt er að slíkir ferlar séu skilvirkir og gagnsæir og birtir á heimasíðum fyrirtækjanna. Við þetta ættu fjármálafyrirtæki að hafa til hliðsjónar álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum.“

4.4 Stefna Landsbankans 2011 um sölu fullnustueigna

Í júní 2011 birti Landsbankinn stefnu um sölu fullnustueigna. Í stefnunni kom m.a. fram að bankinn hefði markað sér þá stefnu að meta sjónarmið um samfélagslega ábyrgð við ráðstöfun á fullnustueignum, samhliða því að hámarka endurheimtur. Fullnustueignir væru seldar eins fljótt og unnt væri í opnu og gagnsæju söluferli. Meginmarkmið bankans væri að fylgja góðum viðskiptaháttum. Fullnustueignir væru verðmetnar af viðurkenndum sérfræðingum. Bankinn fylgdi skilgreindu söluferli til að tryggja hagsmuni viðskiptavina við sölu á fullnustueignum. Allar fullnustueignir væru auglýstar og boðnar til sölu á

¹⁹ Samkeppniseftirlitið hefur á undanförunum árum haft veruleg afskipti af eignarhaldi íslenskra fjármálafyrirtækja í fyrirtækjum í óskyldum rekstri. Sjá hér t.d. skýrslu eftirlitsins nr. 2/2011, Samkeppni eftir hrun, og skýrslu nr. 3/2012, Endurreisn fyrirtækja 2012 – Aflaklær eða uppvakningar? Skýrslurnar eru birtar á heimasíðu eftirlitsins, slóð: www.samkeppni.is.

²⁰ Sjá hér fréttatilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA nr. (12)49 frá 11. júlí 2012: <http://www.eftasurv.int/press-publications/press-releases/state-aid/nr/1725>

almennum markaði, bryti það ekki gegn lögvörðum hagsmunum viðskiptavina bankans. Frekari upplýsingar um efni stefnunnar er að finna á fylgiskjali nr. 18.

4.5 Athugun stjórnvalda á stefnu Landsbankans

Í febrúar 2011 skipaði þáverandi forsætisráðherra starfshóp til að yfirfara hvort nægilega væri tryggt í lögum og reglum að jafnræðis og gagnsæis væri gætt við sölu á fyrirtækjum eða hlutum í fyrirtækjum í beinni eða óbeinni eigu ríkisins. Starfshópurinn skoðaði m.a. sölumeðferð fjármálafyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins á eignarhlutum í fyrirtækjum eða félögum sem þau höfðu eignast.

Starfshópurinn skilaði skýrslu í febrúar 2012, sem er aðgengileg á vefsíðu forsætisráðuneytisins.²¹ Í skýrslunni kemur fram það mat hópsins að strangar reglur giltu um sölu fjármálafyrirtækja á eignarhlutum í fyrirtækjum. Fjármálafyrirtæki hefðu í samráði við eftirlitsaðila komið sér upp gagnsæjum ferlum um endurskipulagningu skulda og eignasölu sem byggðust á lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishruns. Ekki yrði annað séð en að fjármálafyrirtækin fylgdu þessum reglum. Þá hefðu viðskiptabankarnir sett sér sérstakar stefnur og reglur sem unnið væri eftir. Jafnframt hefði Samkeppniseftirlitið sett fram sjónarmið sem ættu að vera ráðandi við sölu banka á endurskipulögðum fyrirtækjum. Ljóst væri að eignarhaldi ríkisins fylgdi sérstök skylda um upplýsingagjöf og kröfur um gagnsæi og jafnræði væru sterkari í slíkum tilvikum.

Tekið var fram í skýrslu starfshópsins að stefna Landsbankans frá árinu 2011 um sölu fullnustueigna væri til fyrirmyndar hvað þetta varðaði og með virkri eftirfylgni hennar rækti bankinn skyldu sína sem fyrirtæki á samkeppnismarkaði í opinberri eigu. Starfshópurinn taldi að rétta leiðin fyrir ríkið til þess að hafa áhrif á sölu fjármálafyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins væri í gegnum eigandastefnu. Þótt hópurinn teldi mikilvægt að fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins áttuðu sig á eðli opinbers eignarhalds þyrfti að gæta þess að mismuna ekki fjármálafyrirtækjum eftir eignarhaldi. Ef vilji væri til þess að setja frekari reglur um sölu fjármálafyrirtækja á eignarhlutum þeirra í fyrirtækjum mælti stafshópurinn með því að beitt yrði almennum úrræðum, t.d. lagasetningu, sem næði til allra fyrirtækja, en ekki aðeins þeirra sem ríkið ætti eignarhluti í.

Ekki verður séð að í kjölfar skýrslu starfshópsins hafi verið talin ástæða til að setja frekari reglur eða úrræði af hálfu stjórnvalda eða löggjafans um sölu fjármálafyrirtækja á eignarhlutum þeirra í fyrirtækjum. Landsbankinn uppfærði stefnu sína um sölu fullnustueigna í nóvember 2013.

4.6 Stefna Landsbankans 2013 um sölu fullnustueigna

Í nóvember 2013 birti Landsbankinn uppfærða stefnu um sölu fullnustueigna. Tilefni uppfærslunnar var að skýra og einfalda framsetningu stefnunnar frá 2011. Stefnan gildi einungis um fullnustueignir sem voru skilgreindar sem eignir sem bankinn leysti til sín frá fyrirtækjum eða einstaklingum til að tryggja fullnustu krafna. Markmið stefnunnar var að efla gagnsæi og trúverðugleika við sölu fullnustueigna og að hámarka endurheimtur krafna. Stefnan náði til Landsbankans og dótturfélaga bankans. Í stefnunni kom fram að stefnt væri að því að selja fullnustueignir eins fljótt og unnt væri að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Við sölu fullnustueigna væri miðað við að allir líklegir kaupendur sem uppfylltu tilgreind skilyrði hefðu jafna möguleika á því að gera tilboð og að hlutlægni stýrði vali milli kaupenda. Eftir því sem kostur væri leitaðist bankinn við hafa söluferlið opið, gagnsætt, þekkt og aðgengilegt. Allar fullnustueignir væru auglýstar og boðnar til

²¹ Skýrsla starfshópsins er aðgengileg á meðfylgjandi vefslóð:

<https://www.forsaetisraduneyti.is/media/utgefidefni/skyrsla-sala-a-egnarhluta-rikis.pdf>

sölu á almennum markaði nema slíkt bryti gegn lögvörðum hagsmunum eða viðskiptalegir annmarkar væru þar á. Með viðskiptalegum annmörkum væri t.d. átt við einkaleyfi eða samning viðkomandi fyrirtækis við birgja eða vörumerkjaeigendur, ákvæði í hluthafasamningi eða samþykktum, svo sem forkaupsréttarákvæði, sjónarmið annarra eigenda, kröfuhafa eða eigenda viðskiptaleyfa eða þegar verðmæti eignar væri það lítið að það réttlæti ekki opið sölufarli. Í stefnunni kom fram að framkvæmd bankans á sölu fullnustueigna væri í samræmi við 22. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Framkvæmdin tæki jafnframt mið af þeim sjónarmiðum sem Samkeppniseftirlitið hefði beint til fjármálafyrirtækja vegna yfirtöku á fyrirtækjum í samkeppnisrekstri, þ. á m. þeim tilmælum sem fram kæmu í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum, frá 12. nóvember 2008. Frekari upplýsingar um efni stefnunnar er að finna á fylgiskjali nr. 19.

4.7 Stefna Landsbankans 2015 um sölu eigna

Í október 2015 birti Landsbankinn núgildandi stefnu um sölu eigna. Stefnan nær bæði til sölu fullnustueigna og annarra eigna. Tilfni nýrrar stefnu var að fram hafði komið gagnrýni á að sölumeðferð á eignarhlutum bankans í Borgun á árinu 2014, en þar var ekki um að ræða fullnustueign. Að því er varðar aðrar eignir en fullnustueignir kemur fram að ákvörðun um sölu annarra eigna bankans en fullnustueigna sé tekin í ljósi markmiða bankans á hverjum tíma og að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Salan fari fram á viðskiptalegum forsendum þannig að sanngjarnt verð fáið fyrir eignirnar. Salan hafi hagsmuni bankans og dótturfélaga að leiðarljósi og sé í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Við sölufarlið sé, eftir því sem við á, fylgt sömu sjónarmiðum og sama verklagi og lýst sé í stefnu Landsbankans um sölu fullnustueigna og viðeigandi verklagsreglum um sölu fullnustueigna. Frekari upplýsingar um efni stefnunnar er að finna á fylgiskjali nr. 20.

4.8 Upplýsingar um sölu Landsbankans á eignum²² á árunum 2009 til 2015

Hér verður leitast við að veita upplýsingar sem óskað er eftir í bréfi Bankasýslu ríkisins, 4. tölulið, um sölu Landsbankans á eignum í sölumeðferð, hlutdeildarfélagum, dótturfélögum, hlutabréfum og annarra verðbréfum með breytilegum tekjum og annarra eignarhluta á árunum 2009 til 2015 í samræmi við framsetningu þessara liða á efnahagsreikningi bankans.

Ljóst er að þær upplýsingar sem óskað er eftir í 4. tölulið bréfs Bankasýslu ríkisins eru afar umfangsmiklar.

Í inngangi bréfs þessa er gerð grein fyrir lagaákvæðum um takmarkanir á heimildum Landsbankans til að veita einstökum hluthöfum upplýsingar varðandi félagið. Þar kemur fram að Landsbankanum er hvorki heimilt né skylt að verða við kröfu einstaks hluthafa um að veita upplýsingar ef (a) framlagning upplýsinganna leiðir til verulegs tjóns fyrir bankann, (b) ef um er að ræða upplýsingar sem þagnarskylda hvílir á samkvæmt 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, (c) ef um er að ræða innherjaupplýsingar samkvæmt 120. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og (d) ef um er að ræða upplýsingar sem sérstakur trúnaður og þagnarskylda hvílir á samkvæmt samningi við þriðja aðila og ekki hefur verið aflétt.

Upplýsingar sem hér verða veittar sem svar við 4. tölulið bréfs Bankasýslu ríkisins eru settar fram að teknu tilliti til ofangreindra takmarkana á heimildum Landsbankans til að veita einstökum hluthöfum upplýsingar. Upplýsingarnar eru óendurskoðaðar, en hafa

²² Í sumum tilfellum getur umsamið söluverð einstakra eigna hækkað eða lækkað með hliðsjón af nánar skilgreindum leiðréttingarliðum í kaupsamningi.

verið unnar samkvæmt bestu vitund, m.a. á grundvelli skoðunar á gögnum, sem aðgengileg hafa verið í kerfum og gagnasöfnum bankans, innan þess skamma tímafrests sem veittur er í bréfi Bankasýslu ríkisins.

Þær upplýsingar sem hér verða veittar ná yfir tímabilið frá 1. janúar 2009 til 30. september 2015, en Landsbankinn hefur ekki enn birt opinberlega uppgjör fyrir fjórða ársfjórðung 2015. Sérstaklega er fjallað um einstök viðskipti þar sem söluandvirði var meira en 1,0 milljarður króna, en þó eru ekki tilgreind sérstaklega einstök viðskipti, þó söluandvirði hafi verið meira en 1 milljarður króna, ef um var að ræða viðskipti eða tilfærslur milli Landsbankans og 100% dótturfélaga bankans. Þá taka upplýsingar um hagnað eða tap af einstökum viðskiptum almennt mið af rekstaráhrifum á söluári viðkomandi eignar.


Upplýsingar um framangreindar eignir miðast almennt við sölu eigna eins og þær koma fram í samstæðureikningum bankans fyrir framangreint tímabil. Þannig er litið framhjá söluhagnaði eða sölutapi sem hefur myndast innan samstæðunnar vegna tilflutnings á eignum frá bankanum til dótturfélaga eða milli dótturfélaga. Fasteignir sem bankinn hefur leyst til sín eru t.d. færðar yfir í sérstakt dótturfélag, Hömlur, sem annast sölu þeirra. Ekki reyndist unnt að leggja áreiðanlegt mat á heildarfjölda viðskipta sem Landsbankinn og dótturfélög hans hafa komið að á tímabilinu varðandi þá eignaliði sem spurt var um.

4.8.1 Eignir í sölumeðferð, þar með talið fullnustueignir og eignasamstæður

Fullnustueignir eru eignir sem bankinn hefur eignast vegna fullnustu krafna. Annars vegar er um að ræða stakar eignir það er fasteignir, lóðir, vélar og tæki, bifreiðar ofl. Hinsvegar er um að ræða eignarhluti í félögum utan um t.d. fasteignir og lóðir. Hér eru einnig umfjöllun um eignasamstæður sem stundum leiða af fullnustu krafa en geta einnig verið dótturfélög bankans sem ákveðið hefur verið að setja í sölumeðferð.

Eignir í sölumeðferð

Fjárhæðir í milljónum króna	30.9.2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009
Fullnustueignir	11.084	12.270	17.213	25.221	51.711	43.831	27.317
Eignasamstæður til sölu	1.731	5.942	7.810	99	1.841	84.959	36.561
Samtals	12.815	18.212	25.023	25.320	53.552	128.789	63.878



Fullnustueignir

Fjárhæðir í milljónum króna	30.9.2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009
Bókfært verð í upphafi árs	12.270	17.213	25.221	51.711	43.831	27.317	2.150
Samruni				0	2.304		
Innheimt á árinu	4.165	8.151	11.543	12.171	22.668	25.465	27.270
Selt á árinu	-5.821	-11.678	-16.366	-37.979	-11.730	-8.951	-2.103
Endurflokkað yfir í hlutabréf og önnur verðbréf				0	-4.390		
Niðurfærsla og sölutap eigna	470	-1.416	-3.185	-682	-972	0	0
Bókfært verð í lok árs	11.084	12.270	17.213	25.221	51.711	43.831	27.317

Einstök viðskipti þar sem söluandvirði var meira en 1,0 milljarður króna:

4.8.1.1 Smárabbyggð ehf.

Félagið var selt árið 2014 til fagfjárfestasjóðsins Grunnur 1 slhf. sem var í rekstri hjá Landsbréfum hf. Söluverðið var að lágmarki 1.423 milljónir króna, en getur hækkað háð endanlegu byggingarmagni á lóðum félagsins. Helstu eignir félagsins eru lóðir við Hæðasmára og Hagasmára í Kópavogi. Á rekstrarárinu 2014 bókfærðist hvorki hagnaður né tap vegna sölunnar. Eignir félagsins höfðu verið auglýstar af Regin hf., sem var þáverandi eigandi félagsins og dótturfélag Landsbankans. Eignir félagsins voru jafnframt á skrá hjá fasteignasölum og á vef Hamla, dótturfélags Landsbankans.

Salan var samþykkt af stjórn Regins íbúðarhúsnæðis, sem var þinglýstur eigandi fasteignarinnar, en Reginn íbúðarhúsnæði var í 100% eigu Hamla ehf., 100% dótturfélags Landsbankans. Salan var einnig samþykkt af stjórn Hamla ehf.

4.8.1.2 Sundlaugavegur 30a, Reykjavík.

Fasteignin var seld beinni sölu árið 2012/2013. Söluverðið var 2.400 milljónir króna, en á rekstrarárinu 2013 bókfærði Landsbankinn 465 milljón króna hagnað vegna sölunnar. Kaupandinn var Laugar ehf. sem var leigutaki fasteignarinn og átti kauprétt að fasteigninni á grundvelli eldra samkomulags. Vegna kaupréttarins þóttu hvorki forsendur til þess að selja fasteignina, né eignarhaldsfélagið sem átti fasteignina, í opnu söluferli. Vegna ákvæða framangreinds samkomulags um kauprétt þá gerði Samkeppniseftirlitið ekki athugasemd við sölu Laugahúsa á eign sinni til leigutakans þrátt fyrir að til staðar væri ákvæði í sátt við Samkeppniseftirlitið sem mælti fyrir um sölu í opnu og gagnsæju ferli.

Salan var samþykkt af stjórn Laugahúsa ehf., sem var þinglýstur eigandi fasteignarinnar, en Laugahús ehf. var í 100% eigu Hamla ehf., 100% dótturfélags Landsbankans. Salan var einnig samþykkt af stjórn Hamla ehf.

4.8.1.3 Laugavegsreitir ehf.

Fasteignir félagsins Laugavegsreitir ehf. voru seldar í opnu söluferli árið 2013. Kaupandinn var Þingvangur ehf. Söluverðið var 1.640 milljónir króna, en á rekstrarárinu 2013 bókfærði Landsbankinn 224 milljón króna hagnað vegna sölunnar. Sala Laugavegsreita fór þannig fram að gerðir voru þrír sölubæklingar, einn fyrir hvern reit, Hljómalindarreit, Brynjureit og Vatnsstígsreit þar sem niðurstöður deiliskipulagstillagnanna fyrir reitina var kynnt og byggingaréttur og kvaðir voru upplistaðar. Reitirnir voru síðan auglýstir með áberandi hætti. Nokkur áhugi var á sölunni og komu sex gild tilboð. Þar af voru fjögur í alla reitina en tvö voru í staka reiti.

Salan var samþykkt af stjórn Laugavegsreita ehf., sem var þinglýstur eigandi fasteignanna, en Laugavegsreitir ehf. voru í 100% eigu Hamla ehf., 100% dótturfélags Landsbankans. Salan var einnig samþykkt af stjórn Hamla ehf.

4.8.1.4 Suðurlandsbraut 58-64 ehf.

Landsbankinn/Hömlur eignaðist 97% hlut í félaginu í gegnum stofnefnahagsreikning bankans árið 2008 og eignaðist síðar félagið að fullu. Rætt var við marga áhugasama fjárfesta um uppbyggingu dvalar- eða hjúkrunarheimilis lóðum félagsins sem lauk með því árið 2010 að tilboði hæstbjóðanda í eignir félagsins var tekið. Kaupandinn var Grund – Mörkin ehf. Söluverðið var 2.001 milljón króna, en á rekstarárinu 2010 bókfærði Landsbankinn 1.141 milljón króna tap vegna sölunnar.

Salan var samþykkt af stjórn Suðurlandsbrautar 58-64 ehf., sem var þinglýstur eigandi fasteignanna, en Laugavegsreitir ehf. voru í 100% eigu Hamla ehf., 100% dótturfélags Landsbankans. Salan var einnig samþykkt af stjórn Hamla ehf.

4.8.1.5 Reginn hf.

75% eignarhlutur í félaginu var seldur með almennu hlutafjárútboði og skráningu félagsins í kauphöll árið 2012. Söluverðmæti 75% hlutarins var 7.895 milljónir króna, en Landsbankinn hélt eftir 25% hlut í félaginu sem færður var í framhaldinu meðal hlutabréfaeignar bankans. Landsbankinn bókfærði 1.650 milljón króna hagnað á rekstarárinu 2012 vegna sölunnar.

Að höfðu samráði við bankaráð var salan samþykkt af stjórn Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf., 100% dótturfélags Landsbankans.

4.8.1.6 Eignarhaldsfélagið Vestia ehf. og Icelandic Group hf

Árið 2010 seldi Landsbankinn eignarhlut sinn í Icelandic Group hf. og Eignarhaldfélaginu Vestia ehf. (sem átti eignarhluti í Húsasmiðjunni, Vodafone, Skýrr, Teymi og Plastprent) til Framtakssjóðs Íslands í beinni sölu. Samhliða sölnunni gerðu Framtakssjóður Íslands og Landsbankinn með sér samkomulag þar sem Landsbankinn skráði sig fyrir 27,7% hlut í Framtakssjóðnum, sem var þá að mestu eða öllu leyti í eigu lífeyrissjóða. Vísað er til skýringar 16 í ársreikningi Landsbankans fyrir árið 2010 varðandi söluverð og áhrif á efnahags- og rekstarreikning Landsbankans.

Samþykkt af bankaráði Landsbankans og stjórn Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf., 100% dótturfélags Landsbankans.

4.8.1.7 Vörður tryggingar hf.

Landsbankinn eignaðist árið 2008 meirihluta hlutafjár í Eignarhaldsfélaginu ehf. sem átti allt hlutafé í Verði tryggingum hf. Árið 2009 eignaði Færeijabanki 51% hlut í Verði tryggingum með kaupum á eldra hlutafé og nýs hlutafjár í félaginu.

Árið 2012 nýtti Eignarhaldsfélagið ehf., sem þá var 75% dótturfélag Landsbankans, sér sölurétt á eftirstandandi 49% eignarhlut sínum í Verði tryggingum hf. til Bank Nordik (áður Færeijabanki) og var söluverðið 1.371 milljón króna og bókfærði Landsbankinn 71 milljón króna hagnað vegna sölunnar á rekstarárinu 2012.

Salan var samþykkt af stjórn Eignarhaldsfélagsins ehf.

4.8.2 Hlutdeildarfélög

Félög sem bankinn á 20-50% eignarhlut teljast til hlutdeildarfélaga. Bókfærð staða hlutdeildarfélaga í efnahagsreikningi Landsbankans á tímabilinu hefur verið eftirfarandi²³:

Hlutdeildarfélög	30.9.2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009
Staðan í upphafi árs	777	14.224	15.528	11.678	3.340	2.945	2.518
Samruni	19				234		
Kaup	57	1.308	2.468	1.334	6.778	103	44
Endurflokkun yfir í hlutafé		-4.533	-4	2.665			
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga	228	465	2.712	2.449	1.417	291	383
Sala og arður	-172	-10.687	-6.480	-2.598	-91		
Staðan í lok árs	909	777	14.224	15.528	11.678	3.340	2.945

Sala og arður - sundurliðun	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009
Arður og endurgreitt hlutafé	-172	-2.076	-3.363	-2.598			
Sala		-8.611	-3.117	0	-91		
Sala og arður	-172	-10.687	-6.480	-2.598	-91	0	0

Einstök viðskipti þar sem söluandvirði var meira ein 1,0 milljarður króna:

4.8.2.1 Valitor Holding hf.

Vísað er til umfjöllunar í fyrri köflum þessa bréfs.

4.8.2.2 Borgun hf.

Vísað er til umfjöllunar í fyrri köflum þessa bréfs.

4.8.2.3 Framtakssjóður Íslands slhf.

Landsbankinn eignaðist 27,7% eignarhlut í Framtakssjóðnum við sölu á eignahlut sínum í Icelandic Group hf. og Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf. árið 2010, en aðrir hluthafar voru lífeyrissjóðir og tryggingarfélag. Í árslok 2013 var Framtakssjóðnum skipt upp í tvö félög FSÍ slhf. og IEI slhf., en hluthafar beggja félaga voru áfram þeir sömu. Árið 2014 seldi Landsbankinn 9,9% eignarhlut í Framtakssjóðnum þar sem öðrum hluthöfum í félaginu voru boðnir hlutirnir til kaups í samræmi við samkomulag þess efnis. Söluverðið var 3.790 milljónir króna og bókfærði Landsbankinn 3.512 milljón króna söluhagnað á rekstarárinu 2013 vegna sölunnar og gangvirðisbreytingar á þeim hlut sem bankinn hélt eftir.

Bankastjóri samþykkti söluna á grundvelli heimildar frá bankaráði.

4.8.2.4 IEI slhf.

Landsbankinn eignaðist 27,7% eignarhlut í Framtakssjóðnum við sölu á eignahlut sínum í Icelandic Group hf. og Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf. árið 2010, en aðrir hluthafar voru lífeyrissjóðir og tryggingarfélag. Í árslok 2013 var Framtakssjóðnum skipt upp í tvö félög FSÍ slhf. og IEI slhf., en hluthafar beggja félaga voru áfram þeir sömu. Árið 2014 seldi Landsbankinn allan eignarhlut sinn í IEI slhf. þar sem öðrum hluthöfum í félaginu voru boðnir hlutirnir til kaups í samræmi við samkomulag þess efnis. Söluverðið

²³ Reikningshaldslega hefur Landsbankinn flokkað eignarhluti í tilteknum hlutdeildarfélögum sem fjáreignir á gangvirði og færast þau í efnahagsreikningi undir liðnum „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum“, eins og fjallað er um í skýringum með ársreikningum Landsbankans, þar sem þessi félög eru sérstaklega tilgreind á hverjum tíma.

eignarhlutarins var 3.234 milljónir króna og bókfærði Landsbankinn 1.371 milljón króna söluhagnað á rekstarárinu 2013 vegna sölnnar.

Bankastjóri samþykkti sölnu á grundvelli heimildar frá bankaráði.

4.8.3 Dótturfélög

Þau dótturfélög sem Landsbankinn hefur selt frá sér á tímabilinu þar sem söluandvirði var meira en 1,0 milljarður króna voru öll færð í reikningum bankans undir liðnum „eignir í sölu meðferð“ (þar með talið fullnustueignir og eignasamstæður) og er því vísað til umfjöllunar í þeim kafla.

4.8.4 Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum

Á tímabilinu sem um fyrirspurn Bankasýslunnar nær til hefur Landsbankinn hagnast um yfir 50 milljarða króna af hlutabréfeign. Þessi mikli hagnaður af hlutabréfastöðum er að langmestu leyti innleystur. Bankinn hefur markvisst unnið að því frá árinu 2011 að draga úr hlutabréfastöðum og -áhættu sem hefur jákvæð áhrif á lausafjár- og eiginfjárstöðu bankans og eykur arðgreiðslugetu hans um leið. Hér á eftir fylgir samantekt eignaliðnum hlutabréfa og önnur verðbréf með breytilegum tekjum í efnahagsreikningi Landsbankans:

Yfirlit yfir þróun hlutabréfa og annarra verðbréfa með breytilegum tekjum í efnahagsreikningi:							
Fjárhæðir í milljónum króna	30.9.2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	26.467	29.433	36.275	36.881	46.037	29.429	23.411

Hreinn hagnaður af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum tekjum:							
Fjárhæðir í milljónum króna	30.9.2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	5.445	5.948	6.537	4.963	16.140	5.788	3.170
Veltufjáreignir og veltufjárskuldir	2.501	115	466	205	-388	465	-670
Samtals	7.946	6.063	7.003	5.168	15.752	6.253	2.500

Einstök viðskipti þar sem söluandvirði var meira en 1,0 milljarður króna²⁴:

4.8.4.1 Reitir fasteignafélag hf.

Landsbankinn seldi 10% hlut í félaginu á markaði með útboðsfyrirkomulagi árið 2015, í framhaldi af skráningu félagsins í kauphöll.

Landsbankinn seldi rúmlega 4,2% hlut í félaginu árið 2014 með beinni sölu til verðbréfa- og lífeyrissjóða. Salan var í beinu framhaldi af forgangsréttarútboði félagsins og áframseldi Landsbankinn sinn hlut í þeirri hlutafjárukningu. Landsbankinn átti fyrir hlutafjárukninguna verulegan eignarhlut í félaginu og vildi tryggja farsæla niðurstöðu í áralöngu endurskipulagningarferli félagsins án þess að auka við eignarhlut sinn og hlutabréfaáhættu bankans í ársuppgjöri.

Samþykkt af og/eða samkvæmt heimild frá bankastjóra / Áhættu- og fjármálanefnd bankans.

²⁴Í lok kaflans er tafla sem sýnir söluverð einstakra eignarhluta og rekstraráhrif af allri eign bankans í viðkomandi félagi á því rekstrarári sem viðkomandi viðskipti áttu sér stað, en hafa verður í huga að í mörgum tilfellum var aðeins hluti af eign bankans seldur í þeim viðskiptum sem tilgreind eru. Ekki eru birtar upplýsingar um söluverð og rekstraráhrif vegna viðskipta þar sem trúnaðarskylda ríkir.

4.8.4.2 *Stoðir hf.*

Landsbankinn eignaðist bæði forgangshlutabréf (b-hluti) og almenn hlutabréf í félaginu í tengslum við skuldauppgjör félagsins. Félagið innleysti forgangshlutabréfin að fullu á árunum 2012-2013.

4.8.4.3 *Athabasca Oil Corp*

Eignarhlutur inni í félagi sem Landsbankinn eignaðist meirihluta í í tengslum við skuldauppgjör. Skráð hlutabréf sem seld voru á markaði í gegnum kanadíska verðbréfamiðlun árið 2014.

Samþykkt af stjórn Olíulindir Ltd., 78% dótturfélags Landsbankans.

4.8.4.4 *Promens hf.*

Horn fjárfestingarfélag hf., 100% dótturfélag Landsbankans, eignaðist 99% eignarhlut í félaginu árið 2011 í gegnum makaskipti við Atorku Group hf. Sama ár og Horn eignaðist félagið voru teknar upp einkaviðræður við Framtakssjóð Íslands sem leiddu til þess að Framtakssjóðurinn keypti nýtt hlutafé í félaginu og keypti einnig hluta af eignarhlut Horns í félaginu í tveimur áföngum, þannig að hvor aðili fyrir sig átti rúmlega 49% hlutafjár í félaginu eftir viðskiptin. Á þessum tíma þurfti að styrkja og efla félagið samhliða endurfjármögnun hjá erlendum bönkum sem kallaði á þeim tíma á aukið eigið fé vegna starfsemi þess erlendis. Til þess nutu þessir aðilar skilnings Seðlabanka Íslands.

Samþykkt af framkvæmdastjóra / stjórn Horns fjárfestingarfélags hf., 100% dótturfélags Landsbankans.

Promens hf. seldi dótturfélög sín til RPC Group Plc árið 2014/2015 að undangengnu söluferli, þar sem nokkrum fjölda aðila var boðið að bjóða í fyrirtækið og hagstæðasta tilboði tekið. Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. seldi samhliða rúmlega 49% hlut í Promens hf. til félagsins sjálfs, þegar söluandvirði dótturfélaga lá fyrir, og varð Framtakssjóður Íslands þar með 100% eigandi félagsins. Fram að þessum viðskiptum var það yfirlýst stefna hluthafa félagsins að setja það á markað á Íslandi, en þegar höfðu ýmsir erlendir aðilar sýnt félaginu áhuga. Áform um skráningu á markað gengu hinsvegar ekki eftir, m.a. vegna fjármagnshafta sem hefðu að óbreyttu komið í veg fyrir að innlendir hluthafar félagsins gætu stutt við vöxt félagsins á erlendum mörkuðum.

Samþykkt af bankaráði Landsbankans og stjórn Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf., 100% dótturfélags Landsbankans.

4.8.4.5 *Oslo Bors VPS Holding ASA*

Eignarhlutur sem Landsbankinn eignaðist í gegnum stofnefnahagsreikning bankans. Skráð hlutabréf sem seld voru á markaði í gegnum norska verðbréfamiðlun á árunum 2012-2013.

Samþykkt af og/eða samkvæmt heimild frá bankastjóra / Áhættu- og fjármálanefnd bankans.

4.8.4.6 Össur hf.

Skráð hlutabréf sem seld voru á markaði á árunum 2012-2013.

Samþykkt af og/eða samkvæmt heimild frá bankastjóra / Áhættu- og fjármálanefnd bankans og eftir atvikum framkvæmdastjóra / stjórn Horns fjárfestingarfélags hf., 100% dótturfélags Landsbankans.

4.8.4.7 Eyrir Invest hf.

Eyrir Invest keypti árið 2012 eigin hluti af Landsbankanum í skiptum fyrir hlutabréf í Marel hf. Landsbankinn seldi Marel hlutabréf á markaði í beinu framhaldi.

Samþykkt af og/eða samkvæmt heimild frá bankastjóra / Áhættu- og fjármálanefnd bankans.

4.8.4.8 Marel hf.

Skráð hlutabréf sem seld voru á markaði á árunum 2010-2012, auk þess sem Landsbankinn seldi 5% hlut í félaginu á markaði með útboðsfyrirkomulagi árið 2012.

Samþykkt af og/eða samkvæmt heimild frá bankastjóra / Áhættu- og fjármálanefnd bankans og eftir atvikum framkvæmdastjóra / stjórn Horns fjárfestingarfélags hf., 100% dótturfélags Landsbankans.

4.8.4.9 Intrum Justitia AB

Skráð hlutabréf sem seld voru á markaði í gegnum sænska banka/verðbréfamiðlun á árunum 2009-2012.

Samþykkt af framkvæmdastjóra / stjórn Horns fjárfestingarfélags hf., 100% dótturfélags Landsbankans.

4.8.4.10 Royal Unibrew AS

Skráð hlutabréf sem Horn fjárfestingarfélag hf. keypti árið 2011 af Stoðum hf. gegn greiðslu í krónum, með undanþágu frá Seðlabanka Íslands. Hlutabréfin í framhaldinu seld á markaði í gegnum erlendan banka/verðbréfamiðlun fyrir gjaldeyri.

Samþykkt af framkvæmdastjóra / stjórn Horns fjárfestingarfélags hf., 100% dótturfélags Landsbankans.

4.8.4.11 Atorka Group hf.

Landsbankinn eignaðist hlut í Atorku hf. í gegnum skuldauppgjör félagsins. Árið 2011 gerði Horn fjárfestingarfélag hf., 100% dótturfélag Landsbankans, makaskiptasamning við Atorku þess efnis að Atorka fengi alla hluti Horns í félaginu afhenta gegn því að Atorka afhenti alla sína hluti í Promens hf., auk fasteignar á Dalvík sem Promens notaði í sinni starfsemi. Söluverð var trúnaðarmál.

Samþykkt af framkvæmdastjóra / stjórn Horns fjárfestingarfélags hf., 100% dótturfélags Landsbankans.

4.8.4.12 Boreas Capital Fund

Hlutdeildarskírteini sem óskað var eftir innlausn á árið 2009.

Samþykkt af framkvæmdastjóra / stjórn Horns fjárfestingarfélags hf., 100% dótturfélags Landsbankans.

4.8.4.13 Merrion Fintra Leveraged Fund

Hlutdeildarskírteini sem óskað var eftir innlausn á árið 2009.

Samþykkt af framkvæmdastjóra / stjórn Horns fjárfestingarfélags hf., 100% dótturfélags Landsbankans.

4.8.4.14 Tanganyika Oil Company Ltd.

Sala árið 2009 í kjölfar yfirtökutilboðs í félagið sem hluthafar samþykktu.

Samþykkt af framkvæmdastjóra / stjórn Horns fjárfestingarfélags hf., 100% dótturfélags Landsbankans.

Sundurliðun fyrir einstök viðskipti yfir 1 milljarður króna, fyrir efnahagsliðinn hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum:

Sundurliðun á rekstrarárinu 1.1.2015-30.9.2015	Söluverð	Arður	Rekstaráhrif
Hlutabréf - Reitir fasteignafélag hf.	4.792	0	1.620
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum - önnu	n/a	3.110	6.326
Hreinn hagnaður af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum		3.110	7.946

Sundurliðun á rekstrarárinu 2014	Söluverð	Arður	Rekstaráhrif
Hlutabréf - Reitir fasteignafélag hf.	1.625	0	4.081
Hlutabréf - Athabasca Oil Corp	2.263	0	-203
Hlutabréf - Promens hf.	16.083	0	-289
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum - önnu	n/a	1.346	2.474
Hreinn hagnaður af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum		1.346	6.063

Sundurliðun á rekstrarárinu 2013	Söluverð	Arður	Rekstaráhrif
Hlutabréf - Oslo Bors VPS Holding ASA	2.921	412	456
Hlutabréf - Össur hf.	1.002	0	37
Hlutabréf - Stoðir hf. (B-hlutir)	7.470	0	2.459
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum - önnu	n/a	12	4.051
Hreinn hagnaður af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum		425	7.003

Sundurliðun á rekstrarárinu 2012	Söluverð	Arður	Rekstaráhrif
Hlutabréf - Marel hf.	5.223	50	857
Hlutabréf - Össur hf.	3.320	0	155
Hlutabréf - Oslo Bors VPS Holding ASA	3.050	307	-279
Hlutabréf - Intrum Justitia AB	2.728	108	-270
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum - önnu	n/a	86	4.705
Hreinn hagnaður af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum		551	5.168

Sundurliðun á rekstrarárinu 2011	Söluverð	Arður	Rekstaráhrif
Hlutabréf - Marel hf.	12.098	0	2.326
Hlutabréf - Promens	4.682	0	3.870
Hlutabréf - Royal Unibrew AS	4.182	0	-228
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	n/a	598	9.784
Hreinn hagnaður af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum		598	15.752

Sundurliðun á rekstrarárinu 2010	Söluverð	Arður	Rekstaráhrif
Hlutabréf - Intrum Justitia AB	5.144	0	232
Hlutabréf - Marel hf.	4.198	0	5.129
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	n/a	583	891
Hreinn hagnaður af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum		583	6.253

Sundurliðun á rekstrarárinu 2009	Söluverð	Arður	Rekstaráhrif
Verðbréfasjóður - Boreas Capital Fund	2.574	0	593
Verðbréfasjóður - Merrion Fintra Leveraged Fund	2.601	0	-304
Hlutabréf - Intrum Justitia AB	9.213	0	1.717
Hlutabréf - Tanganyika Oil Company LTD	9.140	0	72
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	n/a	785	422
Hreinn hagnaður af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum		785	2.500

4.8.5 Aðrir eignarhlutir

Meðal annarra eignarhluta og félaga sem Landsbankinn og dótturfélög bankans hafa eignast vegna skuldauppgjörs og selt á tímabilinu í opnu söluferli, þar sem söluverð var lægra en 1 milljarður króna eru:

- Hertz, Parlogis, Límtré Vírnet, Björgun, Domino's, Sólning og Ístak.

Helstu hlutabréfaeignir Landsbankans í óskyldri starfsemi eru nú:

- 23,3% hlutur í Eyrir Invest hf.
- 17,7% hlutur í Framtakssjóð Íslands slhf.
- 13,4% hlutur í Stoðum hf.

Í byrjun árs seldi bankinn Setbergslandið í Garðabæ. Upplýsingar um fullnustueignir, eignir til sölu aðrar en íbúðarhúsnæði, má finna á vefsíðunni www.homlur.is. Stærstu óseldar eignir eru:

- Vogabyggð í Reykjavík. Áætlað er að deiliskipulag liggi fyrir um mitt ár 2016 og þá mun eign fara í opið söluferli.
- Laugarnes í Reykjavík. Eign er í opnu söluferli nú og hefur verið auglýst opinberlega á undanförunum vikum.

Lokaorð

Frá því að Landsbankinn hf. var stofnaður í október 2008 hafa orðið miklar breytingar í ytra umhverfi, starfsemi, fjárhagsstöðu og rekstri bankans. Allt frá stofnun bankans hefur verið afar mikilvægt að vinna hratt og örugglega að endurskipulagningu þeirra eigna sem færðar voru til bankans. Hluti þeirra aðgerða hefur falist í sölu á fullnustueignum og öðrum eignum.

Á grundvelli stefnu sem Landsbankinn setti um sölu fullnustueigna og umboðs bankaráðs til bankastjóra hefur bankinn unnið að því að selja fullnustueignir, þ.m.t. hlutabréf, hratt og á eins góðu verði og mögulegt hefur verið miðað við markaðsaðstæður. Þetta hefur stuðlað að því að gæði eigna hafa aukist, áhættuvog eigna hefur lækkað og áhættuleiðrétt eiginfjárlutfall hækkað umtalsvert. Þá hafa vaxtaberandi eignir á efnahagsreikningi vaxið og lausafjárstaða styrkst, bæði í íslensku krónum og erlendum gjaldmiðlum.

Löggjafinn og eftirlitsyfirvöld hafa lagt mikla áherslu á að hraða sölu slíkra eigna til þess að endurreisa sem fyrst atvinnulíf, markaði og samkeppni. Í því skyni hafa verið settir tiltölulega stuttir tímafrestir til að ljúka sölu. Engin algild krafa hefur á hinn bóginn verið gerð af hálfu löggjafans eða eftirlitsyfirvalda til þess að fara í almennt söluútboð, auglýsa eignir á markaði eða hafa sölumeðferð með öðrum hætti opna.

Í tengslum við framangreinda endurskipulagningu hefur bankinn ráðist í mikilvægar aðgerðir til að styrkja og einfalda uppbyggingu samstæðunnar með sameiningu fjölmargra dótturfélaga eða slitum þeirra. Þá hefur bankinn farið í gegnum fimm samruna með yfirtökum.

Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að Landsbankinn hefur þurft að ráðast í fyrirbyggjandi aðgerðir, þ. á m. sölu eigna, til að tryggja að eiginfjárlutfall yrði yfir lágmarkskröfu. Í ársbyrjun 2010 féllu dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur um að gengistrygging íslenskra lána væri ólögleg. Við tók mikil óvissa um lögmæti þessara lána og um leið um fjárhagsstöðu bankans. Óvissunni var ekki eytt með dómum Hæstaréttar í júní 2010 því enn átti eftir að skera úr um mörg álitamál tengdum lögmæti slíkra lána. Landsbankinn reiknaði út hvert tap hans gæti orðið, miðað við mismunandi sviðsmyndir, og sýndi versta niðurstaða fyrir bankann að tap gæti fært eiginfjárlutfall hans undir lögbundið lágmark sem var þá 8%. Um mitt ár 2010 upplýsti bankinn Fjármálaeftirlitið, Seðlabankann og hluthafa um stöðuna með skriflegum hætti. Ríkissjóður stóð illa og það hefði verið mikið áfall ef þurft hefði á þessum tíma að setja aukið eigið fé inn í bankann með frekari skuldsetningu ríkissjóðs. Það var við þessar aðstæður sem Landsbankinn tók þá ákvörðun að óska eftir viðræðum við Framtakssjóð Íslands (FSÍ) um kaup á eignarhaldsfélaginu Vestia. FSÍ var eini aðilinn hér á landi sem hafði burði til að kaupa á einu bretti og með litlum fyrirvara allar þessar eignir. Hér var um að ræða eðlilega áhættustjórnun sem var í samræmi við nýja Evrópulöggjöf sem er í undirbúningi að lögleiða hér á landi og gerir kröfu um að bankar hafi til staðar endurreisnaráætlun um viðbrögð við mögulegum áföllum eða álagi í starfsemi þeirra. Með sölunni á Vestia og öðrum eignum jók bankinn laust fé og eigið fé sitt umtalsvert. Með því var bankanum kleift að takast á við afleiðingar af gengislánadómum, byggja upp arðgreiðslugetu og færa niður lán hjá einstaklingum og fyrirtækjum sem stóðu fjárhagslega illa vegna of hárrar skuldsetningar.

Innleystur hagnaður bankans af hlutabréfum hefur verið um 50 milljarðar króna frá 2009. Það hefur styrkt fjárhagsstöðu bankans verulega og leitt til jákvæðra breytinga á lánshæfiseinkunn bankans hjá lánshæfismatsfyrirtækinu Standard & Poor's, sem aftur hefur opnað fyrir aðgengi bankans að erlendum lánsfjármörkuðum.

Hafa ber framangreind sjónarmið í huga þegar lagt er mat á markmið og ákvarðanir Landsbankans um sölu eigna. Áréttað er að sala Landsbankans á eignum, þar með talið hluti í Borgun og Valitor, hefur haft það eina markmið að gæta hagsmuna bankans eins og þeir hafa verið metnir á hverjum tíma. Bankinn hefur dregið lærdóm af þeirri umræðu sem orðið hefur í kjölfar umræddra viðskipta og breytt stefnu sinni og verklagi til samræmis við hana.

Virðingarfyllst,
f.h. Landsbankans hf.



Tryggvi Pálsson
formaður bankaráðs



Steinþór Pálsson
bankastjóri

5. Viðauki

Fylgiskjöl

1. Bréf Landsbankans til Borgunar, dags. 5. febrúar 2016.
2. Bréf Borgunar til Landsbankans, dags. 9. febrúar 2016.
3. Yfirlit yfir samskipti milli Landsbankans og Samkeppniseftirlitsins í tengslum við sáttaferli.
4. Hluti úr andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins til Landsbankans, dags. 8. mars 2013, er varðar breytingu á eignarhaldi kortafyrirtækja.
5. Bréf til Samkeppniseftirlitsins vegna frests, dags. 22. apríl 2013.
6. Bréf til Samkeppniseftirlitsins vegna frests, dags. 29. maí 2013.
7. Fylgibréf Landsbankans með athugasemdum bankans við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, dags. 27. júní 2013.
8. Athugasemdir Landsbankans við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, dags. 27. júní 2013.
9. Bréf Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins vegna sátta, dags. 4. júlí 2013.
10. Bréf Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins vegna sátta, dags. 24. september 2013.
11. Viðræðugrundvöllur um sátt frá Samkeppniseftirlitinu (4 glærur), ódags.
12. Bréf Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins vegna breytinga á eignarhaldi, dags. 7. febrúar 2014.
13. Minnisblað Lex lögmannsstofu til Samkeppniseftirlitsins, dags. 12. maí 2014.
14. Bréf Lex lögmannsstofu f.h. Landsbankans, til Samkeppniseftirlitsins, dags. 20. ágúst 2014.
15. Bréf Lex lögmannsstofu f.h. Landsbankans, til Samkeppniseftirlitsins, dags. 12. september 2014.
16. Fylgibréf frá Samkeppniseftirlitinu vegna sáttar, dags. 15. desember 2014.
17. Undirrituð sátt milli Landsbankans og Samkeppniseftirlitsins, dags. 15. desember 2014.
18. Stefna Landsbankans um sölu fullnustueigna 2011.
19. Stefna Landsbankans um sölu fullnustueigna 2013.
20. Stefna Landsbankans um sölu eigna 2015.
21. Tímalína.

**Borgun hf.**

Erlendur Magnússon, stjórnarformaður
Haukur Oddsson, forstjóri
Ármúla 30
108 Reykjavík

Reykjavík, 5. febrúar 2016

Efni: Upplýsingar í tengslum við sölu Landsbankans hf. á hlutum í Borgun hf.

Við er til kautilboðs, dags. 24. október 2014, frá Eignarhaldsfélagi Borgunar slf. og BPS ehf., sem Landsbankinn hf. samþykkti þann 27. október 2014, og náði til 31,2% eignarhlutar bankans í Borgun hf.

Þann 23. júlí 2014 óskuðu tilboðsgjafar og Landsbankinn sameiginlega eftir því við Borgun að stjórnendur Borgunar kynntu félagið fyrir þeim, í því skyni að gera þeim kleift að taka afstöðu til verðmætis hlutafjár félagsins. Umræddar kynningar, sem helstu stjórnendur Borgunar stóðu að, fóru fram þann 22. og 26. ágúst 2014. Var þar meðal annars fjallað ítarlega um fjármál félagsins, efnahag og áætlanir.

Í umræddum kynningum kom hvergi fram að Borgun kynni að eiga rétt til greiðslna, kæmi til þess að valréttur milli Visa Inc. og Visa Europe frá árinu 2007 yrði nýttur, eins og nú er orðið ljóst.

Bankasýsla ríkisins hefur sent Landsbankanum bréf, dags. 26. janúar sl., þar sem óskað er eftir ítarlegum upplýsingum sem varða sölu Landsbankans á umræddum hlutum í Borgun. Af því tilefni er þess óskað að Borgun upplýsi Landsbankann um hvort upplýsingar hafi legið fyrir hjá félaginu eða stjórnendum þess þegar kynningarnar fóru fram um hvort Borgun kynni að eiga rétt til greiðslna á grundvelli umrædds valréttar.

Hafi upplýsingarnar legið fyrir innan Borgunar er þess óskað að upplýst verði hvort stjórnendur félagsins hafi lagt mat á hverju greiðslan kynni að nema og hvers vegna ekki var getið um það á umræddum kynningum.

Þá er þess farið á leit að Landsbankinn verði upplýstur um hvaða fjárhæð mun koma í hlut Borgunar vegna ofangreinds valréttarsamnings og hve stór hluti hennar verður rakinn til rekstrarsögu Borgunar fram til þess tíma er ofangreint tilboð tilboðsgjafa var gert.

Þess er óskað að svör við ofangreindum spurningum berist Landsbankanum eigi síðar en þann 9. febrúar nk.

Tekið skal fram að efni bréfs þessa og svör við því kunna að verða gerð opinber.

Virðingarfyllt,

Steinþór Pálsson
Bankastjóri

Landsbankinn hf.
b.t. Steinþórs Pálssonar
Austurstræti 11
155 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2016.

Efni: Beiðni um upplýsingar

Við er til bréfs Landsbankans frá 5. febrúar sl., sem barst forsvarsmönnum Borgunar hf. eftir lok vinnu sama dag, þar sem óskað er meðal annars upplýsinga um hvort og þá hvaða vitneskju stjórnendur Borgunar höfðu í ágúst 2014 um rétt félagsins til greiðslna í tengslum við mögulega sölu á Visa Europe Ltd., svo og upplýsinga um hver hlutur Borgunar yrði vegna sölnunnar.

Í bréfinu spyr Landsbankinn hvort upplýsingar hafi legið fyrir á þeim tíma, sem kynningarfundir voru haldnir vegna fyrirhugaðrar sölu Landsbankans á hlutum sínum í Borgun, um rétt Borgunar til söluhagnaðar ef af sölu á Visa Europe yrði.

Því er fyrst til að svara, og samhengisins vegna, að Borgun hefur verið leyfishafi, eða svokallaður „Principal member“, í Visa Europe frá árinu 2010. Samhliða leyfisveitingu eignast meðlimir €10 hlut í Visa Europe. Áðurnefnt leyfi er, svo sem öllum þeim sem koma að kortaviðskiptum er vel kunnugt, forsenda þess að Borgun geti sinnt þeim viðskiptum sem félagið stundar.

Á fyrrgreindum kynningarfundum, sem voru tveir talsins, var starfsemi Borgunar kynnt. Meðal annars voru starfsleyfi Borgunar kynnt, þ.m.t. aðild að Visa Europe. Borgun hafði enga ástæðu, hvorki þá né síðar, til að ætla að Landsbankinn væri grandalaus um valréttinn enda hann tengdur Visa starfsleyfi Borgunar. Samkvæmt því sem bankinn hefur sjálfur upplýst Alþingi um, var fjallað um valréttarsamning á milli Visa Inc. og Visa Europe á bankaráðsfundi þann 7. mars 2013.

Svo sem fram hefur komið opinberlega mat Borgun ekki eignarhlut sinn í Visa Europe sem veruleg verðmæti, enda ekki haft ástæðu til annars fyrr en nú, meðal annars þar sem verðmæti hans er alfarið háð mögulegri nýtingu þriðja aðila og sá nýtingarréttur var til 99 ára. Borgun bjó aldrei yfir upplýsingum um hvort, hvenær né á hvaða verði Visa Europe yrði mögulega selt, fyrr en salan var gerð opinber þann 2. nóvember 2015. Vænt hlutdeild Borgunar í söluandvirði á Visa Europe varð síðan ekki ljós fyrr en með bréfi Visa Europe þann 21. desember sama ár.

Fyrirnefnd óvissa endurspeglast einnig skýrlega í samningi Visa Europe og Visa Inc. vegna umrædds valréttar. Þar segir meðal annars að „[e]ach of the parties hereto hereby acknowledges and agrees that, because of uncertainties regarding the timing of any exercise of the Put Option or the Call Option, and the nature and identity of the assets, properties, business and operations subject thereto, the amount of the Option Exercise Price at any given time during the term of this Agreement, is inherently uncertain and cannot be predicted or quantified as of the date hereof.“

Bókhaldsleg meðferð Borgunar á hlutnum var jafnframt í samræmi við reikningsskilastaðla.

Með vísan til framangreinds höfðu stjórnendur Borgunar ekki lagt neitt mat á hverju valrétturinn kynni að skila, kæmi á annað borð einhvern tíma til nýtingar hans, en valrétturinn var í gildi til ársins 2106 eða til 99 ára sem fyrr segir. Raunar er það meira að segja svo, að í ágúst 2015 seldi BPS ehf., eignarhaldsfélag í eigu stjórnenda Borgunar, umtalsverðan hlut sinn í Borgun til Eignarhaldsfélags Borgunar slf. Þar sem hvorki var tekið tillit til umrædds valréttar né neinn fyrirvari gerður um hagnaðarhlutdeild við mögulega framtíðarnýtingu hans. Rétt er og að taka fram í því samhengi að forstjóri Borgunar er hluthafi í báðum félögum, en heildarhlutur hans rýrnaði við þessi viðskipti.

Í erindinu er jafnframt óskað upplýsinga um hvaða fjárhæð muni koma í hlut Borgunar vegna ofangreinds valréttarsamnings og hve stór hluti hennar verði rakinn til rekstrarsögu Borgunar fram til þess tíma er viðskipti þau, sem erindi Landsbankans er sprottið af, áttu sér stað.

Í samræmi við ákvæði samþykktar Visa Europe, sem aðgengilegar eru öllum leyfishöfum, þá ræðst hinn vænti hagnaður Borgunar af hlutfalli viðskipta Borgunar af heildarviðskiptum allra leyfishafa (hluthafa Visa Europe Ltd.). Við útreikning er horft til áráanna 2013-2015 (þriggja síðustu ára fyrir sölu). Hefði valrétturinn t.d. verið nýttur 2050 þá hefði verið horft til áráanna 2048-2050.

Eins og áður segir hafði Borgun fyrst upplýsingar um hver hlutdeild félagsins verður af heildarviðskiptum Visa Europe þann 21. desember sl. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum frá Visa Europe verður greiðsla fyrir hlutinn þrískipt:


- a) Við fullnustu sölu verður innt af hendi eingreiðsla í peningum. Vænt hlutdeild Borgunar af þessari greiðslu verður €33,9 milljónir, en endanleg fjárhæð ræðst af mögulegum áfrýjunum leyfishafa um hlutdeild þeirra.
- b) Við fullnustu sölu fær Borgun, líkt og aðrir leyfishafar, afhent forgangshlutabréf í Visa Inc. Forgangshlutabréf þessi verða ekki skráð á verðbréfamarkað, sem mun takmarka möguleg viðskipti með þau. Gert er ráð fyrir að Visa Inc. hafi frest fram til ársins 2028 til að breyta forgangshlutabréfunum að fullu í almenn hlutabréf í Visa Inc., sem skráð eru í Kauphöllinni í New York. Skilmálar sölunnar heimila Visa Inc. jafnframt að skerða breytirétt þessara forgangshlutabréfa vegna skilgreindra atvika. Visa Inc. mun einhliða meta í fyrsta sinn á árinu 2020 hvort heimilt verði að breyta hluta þessara forgangshlutabréfa í almenn hlutabréf. Þegar kaup Visa Inc. á Visa Europe voru tilkynnt í nóvember síðastliðnum voru forgangshlutabréf þau sem koma í hlut Borgunar metin af Visa Inc. á €11,6 milljónir, miðað við að þeim væri að fullu umbreytt í almenn hlutabréf í Visa Inc. á þeim degi.
- c) Á árinu 2020 mun Visa Inc. greiða leyfishöfum afkomutengda greiðslu, sem mun taka mið af afkomu af starfsemi Visa í Evrópu á næstu 4 árum, en hlutdeild Borgunar af þeirri fjárhæð mun ráðast af viðskiptaumsvifum Borgunar sem hlutfall af heildarviðskiptaumsvifum allra seljenda hlutabréfanna á þessum 4 árum.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum er yfirtaka Visa Inc. á Visa Europe skilyrt samþykki evrópskra eftirlitsstofnana og enn hefur ekki verið staðfest að öll skilyrði hafi verið uppfyllt svo að hægt sé að fullnusta kaupsamninginn. Væntingar standa til að það verði gert á öðrum ársfjórðungi 2016. Að því gefnu að kaupsamningurinn komi til framkvæmdar, þá er eftir sem áður veruleg óvissa um endanlegt verðmæti forgangshlutabréfanna, sem að ofan er getið. Fyrir utan takmarkaðan

sölumöguleika eigenda þeirra, þá verður verðmæti forgangshlutabréfanna háð almennri markaðspróun bandaríska hlutabréfamarkaðarins, verðþróun hlutabréfa Visa Inc. og gengisþróun Bandaríkjadollars á móti öðrum gjaldmiðlum í rúman áratug, svo og endanlegu hlutfalli breytiréttarins. Þá er afar mikil óvissa um hvort eitthvað og þá hve mikið muni koma í hlut Borgunar vegna afkomutengdra greiðslna fyrir hlutabréfið á árinu 2020. Vegna þeirra óvissupáttanna sem lýst er hér að framan varðandi tvo af þremur greiðsluhlutum, mun Borgun færa upp mat sitt á eignarhlut sínum í Visa Europe í lok árs 2015 um €38,6 milljónir. Meginhluta hagnaðarhlutdeildar Borgunar má rekja til rekstrarsögu Borgunar síðustu 18 mánuðina fyrir sölu Visa Europe.

Virðingarfyllt,
f.h. Borgunar hf.,


Erlendur Magnússon, stjórnarformaður


Haukur Oddsson, forstjóri

Fundir og samskipti í kortamálinu

Samkeppniseftirlitið birti andmælaskjal vegna ætlaðra brota Valitors, Borgunar og kortaútgefenda á 10., 11. og 12. gr. samkeppnislaga þann 8. mars 2013. Landsbankinn skilaði athugasemdum vegna andmælaskjalsins þann 27. júní 2013. Í kjölfarið hófust viðræður milli Landsbankans og Samkeppniseftirlitsins um sátt í málinu sem lauk með undirritun sáttar þann 15. desember 2014. Hér að neðan má finna samantekt um fundi og samskipti sem fulltrúar Landsbankans áttu með fulltrúum Samkeppniseftirlitsins í tengslum við framangreinda sátt í tímaröð frá 4. mars 2013 til 22. apríl 2015.

4. mars 2013 – Fundur hjá Samkeppniseftirlitinu

Efni fundar: Hugmyndir um breytingar á kreditkortaútgáfu o.fl.

Tilgangur: Landsbankinn fyrirhugar að taka kortaútgáfumál sín til gagn Gerrar endurskoðunar með það að augnamiði að draga saman kostnað og auka tekjur. Með fundinum mun bankinn kynna fyrir Samkeppniseftirlitinu áætlanir bankans um breytingar á kreditkortaútgáfu og kalla fram viðbrögð við því hvort Samkeppniseftirlitið telji áhrif þeirra til þess fallin að raska samkeppni og brjóta í bága við samkeppnislög.

Mætt: Anton Karl Jakobsson, Hallgrímur Ásgeirsson, Snorri Petersen, Helga B. H. Valberg, Einar Þ. Harðarson og Heimir Örn Herbertsson (LEX). Upplýsingar vantar um fulltrúa Samkeppniseftirlitsins.

8. mars 2013 – Andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins birt

Sendandi: Páll Gunnar Pálsson.

Viðtakandi: Steinhólr Pálsson.

Efni: Andmælaskjal vegna máls nr. 0904007, ætluð brot Valitors, Borgunar og kortaútgefenda á 10., 11. og 12. gr. samkeppnislaga.

Umfjöllun um eignarhald á kortafyrirtækjunum má finna á bls. 181 um mögulegar aðgerðir og viðurlög.

Fskj. 1_8.3.2013 Andmælaskjal vegna máls nr. 0904007 - Ætluð brot Valitors, Borgunar og kortaútgefenda.pdf

22. mars 2013 – Tölvupóstur varðandi frest í máli 0904007

Sendandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Viðtakandi: Hallgrímur Ásgeirsson.

Efni tölvupósts: Framlenging á fresti til að skila athugasemdum við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins vegna beiðni annarra málsaðila.

Fskj. 2_22.3.2013 Tölvupóstur varðandi frest í máli 0904007.pdf

22. apríl 2013 – Bréf Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins

Sendandi: Hallgrímur Ásgeirsson.

Viðtakandi: Páll Gunnar Pálsson.

Efni: Beiðni um frest til að skila athugasemdum vegna andmælaskjala Samkeppniseftirlitsins dags. 5. og 8. mars 2013.

Fskj. 3_22.04.2013 Beiðni um frest til að skila athugasemdum vegna andmælaskjala SE.pdf

29. maí 2013 – Bréf Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins

Sendandi: Hallgrímur Ásgeirsson.

Viðtakandi: Páll Gunnar Pálsson.

Efni: Beiðni um aukinn frest til að skila athugasemdum vegna andmælaskjala Samkeppniseftirlitsins dags. 5. og 8. mars 2013.

Fskj. 4 29.05.2013 Beiðni um aukinn frest til að skila athugasemdum vegna andmælaskjala SE.pdf

4. júní 2013 – Tölvupóstur varðandi beiðni um aukinn frest

Sendandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Viðtakandi: Helga B. H. Valberg.

Efni: Samkeppniseftirlitið fellst á að veita Landsbankanum aukinn frest til að skila inn athugasemdum vegna andmælaskjala til 21. júní 2013.

Fskj. 5 4.6.2013 Varðar beiðni um aukinn frest.pdf

14. júní 2013 – Tölvupóstur varðandi framtíðarskipan á kortamarkaði

Sendandi: Hallgrímur Ásgeirsson.

Viðtakandi: Páll Gunnar Pálsson.

Efni tölvupósts: Landsbankinn óskar eftir fundi með Samkeppniseftirlitinu til þess að kynna sýn og áform bankans varðandi þátttöku hans á kortamarkaði.

Fskj. 6 14.6.2013 Tölvupóstur HÁ til PG.pdf

21. júní 2013 – Tölvupóstur varðandi framlengingu frests

Sendandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Viðtakandi: Helga B. H. Valberg.

Efni tölvupósts: Frestur Landsbankans til að koma að athugasemdum vegna andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 0904007 framlengist til 27. júní 2013 vegna fundar Landsbankans og Samkeppniseftirlitsins vegna andmælaskjalsins.

Fskj. 7 21.6.2013 Tölvupóstur ÓFÞ til HBHV.pdf

24. júní 2013 – Fundur hjá Samkeppniseftirlitinu

Efni fundar: Þátttaka Landsbankans á kortamarkaði.

Tilgangur: Fundur Landsbankans með Samkeppniseftirlitinu til að kynna sýn og áform bankans varðandi þátttöku hans á kortamarkaði.

Mætt: Hallgrímur Ásgeirsson, Steinhórn Pálsson, Snorri Petersen, Heimir Örn Herbertsson, Helga B. H. Valberg, Anton Karl Jakobsson, Kristján Indriðason, Páll Gunnar Pálsson og Ásgeir Einarsson.

27. júní 2013 – Bréf Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins

Sendandi: Steinhórn Pálsson.

Viðtakandi: Páll Gunnar Pálsson.

Efni: Athugasemdir Landsbankans við andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. mars 2013.

[Fskj. 8 27.6.2013 Tölvupóstur HÁ til ÓFÞ vegna athugasemda Landsbankans.pdf](#)
[Fskj. 9 27.06.2013 Bréf til SE - athugasemdir við andmælaskjal SE - Tilv 1004005.pdf](#)
[Fskj. 10 27.6.2013 Bréf til SE - osk um viðræður vegna andmælaskjals - Tilv 1004005.pdf](#)

4. júlí 2013 – Bréf Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins

Sendandi: Steinhólr Pálsson.

Viðtakandi: Páll Gunnar Pálsson.

Efni: Andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. mars 2013 (kortamál).

[Fskj. 11 4.7.2013 Bréf Landsbankans vegna andmælaskjals SE um kortamál.pdf](#)

24. september 2013 – Bréf Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins

Sendandi: Steinhólr Pálsson.

Viðtakandi: Páll Gunnar Pálsson.

Efni: Ítrekun til Samkeppniseftirlitsins á beiðni um viðræður.

[Fskj. 12 24.9.2013 Ítrekun til SE á beiðni um viðræður.pdf](#)

18. október 2013 – Fundur hjá Samkeppniseftirlitinu

Tilgangur: Áframhaldandi viðræður milli Samkeppniseftirlitsins og Landsbankans um kortamálið.

Mætt: Hallgrímur Ásgeirsson, Steinhólr Pálsson, Snorri Petersen, Heimir Örn Herbertsson, Helga B. H. Valberg, Anton Karl Jakobsson, Kristján Indriðason, Ólafur F. Þorsteinsson, Páll Gunnar Pálsson og Ásgeir Einarsson.

[Fskj. 13 18.10.2013 Nótur HÁ af fundi með SE.pdf](#)

25. október 2013 – Fundur hjá Samkeppniseftirlitinu

Tilgangur: Áframhaldandi viðræður milli Samkeppniseftirlitsins og Landsbankans um kortamálið.

Mætt: Hallgrímur Ásgeirsson, Steinhólr Pálsson, Snorri Petersen, Heimir Örn Herbertsson, Kristján Indriðason, Ólafur F. Þorsteinsson, Páll Gunnar Pálsson og Ásgeir Einarsson.

[Fskj. 14 25.10.2013 Nótur HÁ af fundi með SE.pdf](#)

22. nóvember 2013 – Tölvupóstur Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins

Sendandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Viðtakandi: Hallgrímur Ásgeirsson.

Efni: Samkeppniseftirlitið óskar eftir fresti til að halda fund um sátt.

[Fskj. 15 22.11.2013 Tölvupóstur HÁ og ÓFÞ.pdf](#)

2. desember 2013 – Fundur hjá Samkeppniseftirlitinu

Tilgangur: Áframhaldandi viðræður milli Samkeppniseftirlitsins og Landsbankans um kortamálið.

Mætt: Hallgrímur Ásgeirsson, Steinhólr Pálsson, Snorri Petersen, Heimir Örn Herbertsson, Kristján Indriðason, Ólafur F. Þorsteinsson, Páll Gunnar Pálsson og Ásgeir Einarsson.

[Fskj. 16 2.12.2013 Nótur HÁ af fundi með SE.pdf](#)

20. desember 2013 – Fundur hjá Samkeppniseftirlitinu

Tilgangur: Áframhaldandi viðræður milli Samkeppniseftirlitsins og Landsbankans um kortamálið.

Mætt: Hallgrímur Ásgeirsson, Steinhórn Pálsson, Snorri Petersen, Heimir Örn Herbertsson, Kristján Indriðason, Ólafur F. Þorsteinsson, Páll Gunnar Pálsson og Ásgeir Einarsson.

Fskj. 17 20.12.2013 Nótur HÁ af fundi með SE.pdf

7. janúar 2014 – Fundur hjá Samkeppniseftirlitinu

Efni: Kynning hjá Samkeppniseftirlitinu um viðræðugrundvöll um sátt.

Mætt: Hallgrímur Ásgeirsson, Steinhórn Pálsson, Snorri Petersen, Heimir Örn Herbertsson, Helga B. H. Valberg, Anton Karl Jakobsson, Kristján Indriðason, Ólafur F. Þorsteinsson, Páll Gunnar Pálsson og Ásgeir Einarsson.

Fskj. 18 7.1.2014 Viðræðugrundvöllur um sátt.pdf

9. janúar 2014 – Tölvupóstur um fundartíma

Sendandi: Helga B. H. Valberg.

Viðtakandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Efni: Nýr fundartími vegna sáttaviðræðna í kortamáli.

Fskj. 19 9.1.2014 Tölvupóstur um fund með SE 31. janúar 2014.pdf

31. janúar 2014 – Fundur hjá Samkeppniseftirlitinu

Efni: Framhald sáttaviðræðna í kortamáli.

Mætt: Ólafur F. Þorsteinsson, Ásgeir Einarsson, Páll Gunnar Pálsson, Kristján Indriðason, Hallgrímur Ásgeirsson, Snorri Petersen, Helga B. H. Valberg, Anton Karl Jakobsson, Heimir Örn Herbertsson og Steinhórn Pálsson.

Fskj. 20 31.1.2014 Nótur HÁ af fundi með SE.pdf

5. febrúar 2014 – Tölvupóstur um fundartíma

Sendandi: Helga B. H. Valberg.

Viðtakandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Efni: Nýr fundartími vegna sáttaviðræðna í kortamáli.

Fskj. 21 5.2.2014 Tölvupóstur um fund með SE 21. febrúar.pdf

7. febrúar 2014 – Bréf Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins

Sendandi: Steinhórn Pálsson.

Viðtakandi: Páll Gunnar Pálsson.

Efni: Andmælskjal Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. mars 2013 (kortamál) – hugsanlegar breytingar á eignarhaldi Landsbankans í Valitor hf. og Borgun hf.

Fskj. 22 7.2.2014 Bréf til SE - breytingar á eignaraðild.pdf

21. febrúar 2014 – Fundur hjá Samkeppniseftirlitinu

Efni: Framhald sáttaviðræðna í kortamáli.

Mætt: Ólafur F. Þorsteinsson, Ásgeir Einarsson, Páll Gunnar Pálsson, Kristján Indriðason, Hallgrímur Ásgeirsson, Snorri Petersen, Helga B. H. Valberg, Anton Karl Jakobsson, Heimir Örn Herbertsson og Steinþór Pálsson.

Fskj. 23 21.2.2014 Nótur HÁ af fundi með SE.pdf

21. mars 2014 – Fundur hjá Samkeppniseftirlitinu

Efni: Framhald sáttaviðræðna í kortamáli.

Mætt: Ólafur F. Þorsteinsson, Ásgeir Einarsson, Páll Gunnar Pálsson, Kristján Indriðason, Hallgrímur Ásgeirsson, Snorri Petersen, Helga B. H. Valberg, Anton Karl Jakobsson, Heimir Örn Herbertsson og Steinþór Pálsson.

29. apríl 2014 – Fundur hjá Samkeppniseftirlitinu

Efni: Framhald sáttaviðræðna í kortamáli.

Mætt: Ólafur F. Þorsteinsson, Ásgeir Einarsson, Páll Gunnar Pálsson, Kristján Indriðason, Hallgrímur Ásgeirsson, Snorri Petersen, Heimir Örn Herbertsson og Steinþór Pálsson.

Fskj. 24 29.4.2014 Nótur HÁ af fundi með SE.pdf

12. maí 2014 – Tölvupóstur milli Samkeppniseftirlitsins og Heimis Arnar Herbertssonar

Sendandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Viðtakandi: Heimir Ö. Herbertsson.

Efni: Skilyrði varðandi eignarhald í kortasáttaviðræðum.

Fskj. 25 12.5.2014 Tölvupóstur HÖH til ÓFÞ.pdf

Fskj. 26 12.5.2014 Minnisblað v tillagna að skilyrðum á kortafyrirtæki.pdf

20. ágúst 2014 – Bréf Samkeppniseftirlitsins til LEX

Sendandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Viðtakandi: Heimir Ö. Herbertsson.

Efni: Beiðni Landsbankans um sáttaviðræður og drög að sátt í kortamálinu.

Fskj. 27 20.08.2014 Sátt Íslandsbanka og Borgunar.pdf

28. ágúst 2014 – Tölvupóstur um fund með Samkeppniseftirlitinu

Sendandi: Helga B. H. Valberg.

Viðtakendur: Ólafur F. Þorsteinsson og Kristján Indriðason.

Efni: Óskað eftir fundi Landsbankans með Samkeppniseftirlitinu vegna sáttaviðræðna í kortamáli.

Fskj. 28 28.8.2014 Tölvupóstur HBHV til SE um fundartíma.pdf

5. september 2014 – Fundur hjá Samkeppniseftirlitinu

Tilgangur: Framhald sáttaviðræðna í kortamálinu.

Mætt: Ólafur F. Þorsteinsson, Ásgeir Einarsson, Páll Gunnar Pálsson, Kristján Indriðason, Hallgrímur Ásgeirsson, Snorri Petersen, Helga B. H. Valberg, Heimir Örn Herbertsson og Steinþór Pálsson.

Fskj. 29 5.9.2014 Nótur HÁ af fundi með SE.pdf

12. september 2014 – Bréf LEX til Samkeppniseftirlitsins

Sendandi: Heimir Ö. Herbertsson.

Viðtakandi: Páll Gunnar Pálsson.

Efni: Athugasemdir vegna fyrirbyggjandi sáttargerða Samkeppniseftirlitsins við Íslandsbanka og Borgun – samantekt sjónarmiða vegna stöðu sáttaviðræðna við Landsbankann.

Fskj. 30 12.9.2014 Bréf Lex til SE um athugasemdir vegna sáttargerðar.pdf

6. nóvember 2014 – Tölvupóstur Samkeppniseftirlitsins til Landsbankans

Sendandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Viðtakandi: Helga B. H. Valberg.

Efni: Fundartími vegna sáttar í kortamáli.

Fskj. 31 7.11.2014 Tölvupóstur um fund hjá SE 7. nóvember 2014.pdf

12. nóvember 2014 – Fundur hjá Samkeppniseftirlitinu

Tilgangur: Framhald sáttaviðræðna í kortamáli og drög að samningi um sölu á Valitor til Arion banka.

Mætt: Ólafur F. Þorsteinsson, Ásgeir Einarsson, Páll Gunnar Pálsson, Kristján Indriðason, Hallgrímur Ásgeirsson, Snorri Petersen, Helga B. H. Valberg, Heimir Örn Herbertsson, Steinþór Pálsson, Anton Karl Jakobsson og Valur Árnason.

Fskj. 32 12.11.2014 Nótur HÁ af fundi með SE.pdf

3. desember 2014 – Tölvupóstur frá Landsbankanum til Samkeppniseftirlitsins

Sendandi: Helga B. H. Valberg.

Viðtakandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Efni: Drög að samningi milli Landsbankans og Valitor um útgáfuvinnslu kynnt Samkeppniseftirlitinu.

Fskj. 33 3.12.2014 Tölvupóstur HBHV til ÓFÞ vegna Valitorsamnings.pdf

9. desember 2014 – Tölvupóstur Samkeppniseftirlitsins til Landsbankans

Sendandi: Hallgrímur Ásgeirsson.

Viðtakandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Efni: Orðalag um stjórnarsetu í sátt í kortamáli.

Fskj. 34 9.12.2014 Tölvupóstur milli HÁ og ÓFÞ um sáttarorð.pdf

10. desember 2014 – Tölvupóstur Samkeppniseftirlitsins til Landsbankans

Sendandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Viðtakendur: Helga B. H. Valberg og Hallgrímur Ásgeirsson.

Efni: Orðalag um stjórnarsetu og sáttardrög í máli Arion banka og Samkeppniseftirlitsins.

Fskj. 35 10.12.2014 Tölvupóstur milli ÓFÞ og HBHV um sáttardrög.pdf

Fskj. 36 10.12.2014 Sáttákvörðun - Master.pdf

10. desember 2014 – Tölvupóstur um drög að samningi milli Landsbankans og Valitor um útgáfuvinnslu

Sendandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Viðtakandi: Helga B. H. Valberg.

Efni: Fyrirspurn varðandi orðalag í samningsdrögum.

Fskj. 37_10.12.2014 Umræður um Valitorsamning milli HBHV og ÓFÞ.pdf

11. desember 2014 – Tölvupóstur milli Samkeppniseftirlitsins og Landsbankans

Sendandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Viðtakendur: Hallgrímur Ásgeirsson og Helga B. H. Valberg.

Efni: Drög að sátt við Landsbankann og orðalag um stjórnarsetu.

Fskj. 38_11.12.2014 Tölvupóstar milli HÁ og ÓFÞ.pdf

Fskj. 39_11.12.2014 Tölvupóstur milli ÓFÞ og LB.pdf

Fskj. 40_11.12.2014 Drög að sátt SE og Landsbankans.pdf

15. desember 2014 – Bréf Samkeppniseftirlitsins til Landsbankans

Sendandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Viðtakandi: Hallgrímur Ásgeirsson.

Efni: Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við drög að nýjum viðskiptasamningi Landsbankans og drög að samningi um sölu á eignarhlut Landsbankans í Valitor.

Fskj. 41_15.12.2014 Bréf frá SE - Tilv 1308007 (3).pdf

Fskj. 42_15.12.2014 Tölvupóstur milli HÁ og SE.pdf

15. desember 2014 – Tölvupóstur Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins

Sendandi: Hallgrímur Ásgeirsson.

Viðtakendur: Páll Gunnar Pálsson og Ólafur F. Þorsteinsson.

Efni: Landsbankinn er reiðubúinn að undirrita sáttina. Samhliða því er undirrituð sátt milli Landsbankans og Samkeppniseftirlitsins í kortamálinu.

Fskj. 43_16.12.2014 Tölvupóstur milli HÁ og PGP.pdf

Fskj. 44_16.12.2014 Sátt SE og LB_kortamálið.pdf

18. desember 2014 – Tölvupóstur Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins

Sendandi: Helga B. H. Valberg.

Viðtakandi: Kristján Indriðason.

Efni: Breytingar á verðskrá Landsbankans vegna breytinga á verðskrá Valitors.

Fskj. 45_18.12.2014 Tölvupóstur vegna verðskrárbreytinga Valitor.pdf

22. apríl 2015 – Tölvupóstur Samkeppniseftirlitsins til Landsbankans

Sendandi: Ólafur F. Þorsteinsson.

Viðtakendur: Hallgrímur Ásgeirsson og Helga B. H. Valberg.

Efni: Ákvörðun vegna kortasáttarmálsins.

Fskj. 46_22.4.2015 Tölvupóstur ÓFÞ til HÁ og HBHV.pdf



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fylgiskjal 4

Reykjavík, 8. mars, 2013

Tilv.: 0904007

- Andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins -

**Ætluð brot Valitors, Borgunar og kortaútgefenda
á 10., 11. og 12. gr. samkeppnislaga**

- Eintak Landsbankans -

Borgartún 26, 125 Reykjavík, pósthólf 5120
Sími 585 0700, Fax 585 0701
samkeppni@samkeppni.is, www.samkeppni.is

I. UPPHAF MÁLSINS

Það mál sem hér er til umfjöllunar varðar margvísleg meint samkeppnislagaþrot á greiðslukortamarkaði, m.a. ætlað ólögmaett samráð útgefenda í tengslum við ákvörðun milligjalda og meinta samtvinnun á færsluuppgjöri og vildarkjörum korthafa.

Andmælskjal þetta byggist á mati á þeim gögnum sem nú liggja fyrir í málinu. Í skjalinu felst ekki stjórnvaldsákvörðun né er það á nokkurn hátt bindandi fyrir samkeppnisyfirvöld. Skjalið er ritað í þeim tilgangi að auðvelda aðilum málsins að nýta sér andmælarétt sinn samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993 sem og stuðla að því að rétt ákvörðun verði tekin í málinu, sbr. 17. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Ef athugasemdir, skýringar eða ný gögn þykja gefa tilefni til, geta ályktanir sem fram koma í skjalinu tekið breytingum.

Hér á eftir verður greint frá tildrögum málsins og í kafla II verður gerð grein fyrir sjónarmiðum málsaðila og svörum þeirra við fyrirspurnum og gagnaöflun Samkeppniseftirlitsins. Á því búnu, í kafla III, leggur Samkeppniseftirlitið frummat sitt á efni málsins. Í kafla IV koma fram mögulegar aðgerðir og viðurlög.


Aðilar þessa máls hafa óskað trúnaðar um tiltekin atriði sem koma fram í bréfum og fylgiskjólum þeirra. Að því marki sem viðkomandi upplýsingar geta mögulega talist viðskiptaleyndarmál eru þær felldar út gagnvart öðrum aðilum málsins sem ekki er augljóst að þegar búi yfir vitneskju um viðkomandi atriði. Er þetta tilgreint þar sem við á í skjalinu. Það sem tilgreint er sem trúnaðarmál í skjalinu endurspeglar hins vegar ekki lokaafstöðu Samkeppniseftirlitsins til þess hvort um raunverulegt trúnaðarmál sé að ræða og getur þetta mat sætt endurskoðun. Atriði sem þegar hafa birst í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins geta ekki falið í sér viðskiptaleyndarmál.





1.2.2 Sameiginlegt eignarhald útgefenda á stærstu færsluhirðum

Að mati Samkeppniseftirlitsins skapar það berlega skilyrði fyrir hagsmunaárekstur og hættu á frekari brotum að Korta (eða aðrir nýir keppinautar í færsluhirðingu) skuli þurfa að semja við eigendur keppinauta sinna (þ.e. melra og minna sameiginlega eigendur Valitors og Borgunar) til þess að geta starfað á markaðnum á grundvelli tvíhliða samninga við útgefendur, þ.e. kysi Korta (eða aðrir nýir keppinautar í færsluhirðingu) að leita slíkra samninga við útgefendur. Það er sérstaklega varhugavert að eignarhald þessara fyrirtækja skuli vera sameiginlegt því slíkt skapar jarðveg fyrir a.m.k. þegjandi samhæfingu útgefenda gegn færsluhirðum sem þeir eiga ekki hlut í.



1.2.3 Heildarniðurstaða varðandi skipulag markaðarins


Það er frummat Samkeppniseftirlitsins að sjálft skipulag markaðarins, einkum uppbygging Valitors og Borgunar, hafi í för með sér verulegt ójafnræði fyrir keppinauta og frjóan jarðveg fyrir hvers konar samkeppnishamlandi samhæfingu markaðsaðila og hættu á frekari brotum. Hér skiptir einnig máli sameiginlegt eignarhald á félögunum. Með vísan til undangenginnar umfjölunar er það því frummat Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt sé að beita úrræðum er lúta að skipulagi markaðar til þess að uppræta þau samkeppnisvandamál sem til staðar eru á greiðslukortamarkaði og eru nátengd sjálfu skipulagi hans. Í þessu sambandi skal tekið fram að ekkert bendir til að fyrirkomulag á

markaðnum hafi breyst, á meðan rannsókn málsins stóð yfir, með þeim hætti að ekki sé lengur þörf á breytingum á skipulaginu á markaðnum.

Það skipulag að ákveðnir færsluhirðar annist framkvæmd á útgáfu útbreiddustu kreditkortavörumerkjanna fyrir alla útgefendur veitir viðkomandi færsluhirði forskot á aðra færsluhirða. Með þessu skipulagi er viðkomandi færsluhirði í stöðu til þess að nálgast upplýsingar í gegnum útgáfuhlið starfseminnar varðandi viðskipti annarra færsluhirða og einnig skapar þetta tvíhöfða hlutverk viðkomandi færsluhirðum aukna möguleika á að liðka til fyrir og leysa úr einstökum vandamálum sem skapast geta milli útgefenda og færsluhirðis með skjótari og skilvirkari hætti heldur en aðrir færsluhirðar eiga möguleika á sbr. umfjöllun hér framar í skjalinu varðandi boðgreiðslur. Þá felur umrætt samkomulag um framkvæmd útgáfu í sér umtalsverða viðskiptalega nánd viðkomandi færsluhirða við útgefendur sem gæti hæglega nýst viðkomandi færsluhirði í mögulegum samningaviðræðum um milligjöld eða markaðsmál við útgefendur. Þessi nánd skapar óhjákvæmilega ákveðið samkeppnislegt ójafnræði á færsluhirðingarmarkaði.

Vart verður því annað séð en nauðsynlegt sé að skipta upp færsluhirðingarstarfsemi og útgáfustarfsemi Valitors og Borgunar í tvö aðskilin félög í báðum tilvikum. Jafnframt væri æskilegt að eignarhald á umræddum uppskiptum einingum væri ekki hlöð sama því ella kynnu sömu hagsmunahvatar og ætlunin var að fjarlægja með uppskiptingunni að vera enn til staðar.

Hvað varðar eignarhaldið á Valitor og Borgun þá er ljóst að sameiginlegt eignarhald stórra banka á Valitor og Borgun spyrðir saman hagsmunum viðkomandi banka á sviði færsluhirðingar. Þannig hafa sameiginlegir eigendur í slíku fyrirtæki litla hvöt til þess að efna til samkeppni á sviði færsluhirðingar, t.d. með stofnun nýs fyrirtækis á því sviði. Þá er ljóst að hagsmunatengslin, sem sameiginlegt eignarhald skapar til samans við hópaðild og viðskiptasamninga um framkvæmd útgáfu, geta fallið í sér ákveðna hvöt til að samræma milligjöldin sem Valitor og Borgun greiða útgefendum. Það er því frummat Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir sameiginlegt eignarhald á þessum öflugum færsluhirðum til þess að draga úr þeirri innbyggðu hvöt til samhæfingar sem það ásamt hópaðildinni skapar.




Í öðru lagi er brýnt að mati Samkeppniseftirlitsins að uppræta óæskilega sameiginlega hagsmunahvata í viðskiptum útgefenda og færsluhirða og tryggja að samningagerð á milli þeirra eigi sér stað alfarið og eingöngu á viðskiptalegum grundvelli. Vísast í þessu sambandi til þeirrar umfjöllunar sem fram kemur hér á undan. Það er því enn fremur frumniðurstaða Samkeppniseftirlitsins að:

- Sérhver stóru bankanna þriggja, þ.e. Arion banki, Landsbankinn og Íslandsbanki, megi ekki eiga hlut í né búa að yfirráðum með öðrum hætti í fleiri en einum færsluhirði.

Í þessu sambandi skal það áréttað að samkvæmt 16. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið beitt nauðsynlegum úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi, í hlutfalli við það brot sem framið hefur verið og nauðsynlegt telst til að stöðva það í reynd vegna þeirra atriða sem tilgreind eru í 1. mgr. 16 gr.

Enn fremur segir í 16. gr. að þó sé einungis heimilt að belta úrræðum til breytingar á skipulagi ef sýnt þykir að ekki sé fyrir hendi árangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða þar sem jafn árangursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi aðila en úrræði til breytingar á skipulagi.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja í þessu máli, í ljósi brota í öðrum málum er upp hafa komið á greiðslukortamarkaðnum, með hliðsjón af tíðni samkeppnisbrota á þessum markaði og jafnframt umsagna málsaðila sjálfra varðandi fyrirkomulagið á markaðnum, ekki nægilegt að grípa til hegðunarskilyrða til þess að vinna gegn og leysa úr þeim samkeppnisvandamálum sem fyrir hendi eru á greiðslukortamarkaðnum. Ekki síst eru umræddar kvaðir nauðsynlegar og málefnalegar þegar horft er til mikilvægis skilgreindra markaða í nútímaþjóðfélagi og hagsmuna neytenda af því að eðlileg samkeppni ríki á þeim mörkuðum. Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða er miða að því að eyða raunverulegri hættu á endurteknum brotum og færa skipulag markaðarins í samkeppnishæft horf þar sem ójafnræði færsluhirða og sameiginleg hagsmunatengsl útgefenda við einstaka færsluhirða eru ekki lengur fyrir hendi.





Samkeppniseftirlitið
B.t. Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2013
Málsnúmer: 201303-0746
Tengiliður: Helga B.H. Valberg

Varðar: Andmælaskjöl Samkeppniseftirlitsins dags. 5. og 8. mars 2013

Landsbankinn hf. (hér eftir Landsbankinn) vísar til andmælaskjala Samkeppniseftirlitsins

[REDACTED] og hins vegar andmælaskjal um meint brot á greiðslukortamarkaði, dagsett 8. mars 2013 (hér eftir vísað til sem kortamál).

[REDACTED]

Með erindi þessu óskar Landsbankinn formlega eftir því að frestir til að skila athugasemdum í báðum málunum verði samræmdir, [REDACTED]



[REDACTED]

[REDACTED]

Loks bendir Landsbankinn á að málsmeðferð Samkenningseftirlitsins í báðum framangreindum málum hefur tekið mjög langan tíma. [REDACTED]

Í ljósi ofangreinds blasir við að mati Landsbankans að frestur til athugasemda skuli vera hinn sami í málunum tveimur. Jafnframt standa augljós rök, í ljósi umfangs og eðlis málanna, til þess að Landsbankinn fái nægilegan frest til athugasemda. [REDACTED]
[REDACTED] Landsbankinn áskilur sér rétt til að óska eftir frekari fresti í málinu gerist þess þörf.

F.h. Landsbankans hf.


Hallgrímur Ásgeirsson
yfirlögfræðingur



Samkeppniseftirlitið,
b.t. Páls Gunnars Pálssonar forstjóra
Borgartúni 26
105 Reykjavík.

Reykjavík, 29. maí 2013
Málsnúmer: 201303-0324
201303-0746
Tengiliður: Helga B.H. Valberg

Varðar: Andmælaskjöl Samkeppniseftirlitsins, dags. 5. og 8. mars 2013, tilv. [REDACTED] og 0904007 (kortamál).

Með bréfi Landsbankans hf., dags. 22. apríl sl., fór Landsbankinn fram á að frestur bankans til að skila athugasemdum til Samkeppniseftirlitsins vegna framangreindra andmælaskjala yrði ákveðinn til 3. júní hið minnsta. Fyrir lá þegar bréfið var sent að frestur til að skila athugasemdum vegna kortamálsins var til 3. júní [REDACTED]

Unnið hefur verið ötullega að yfirferð beggja andmælaskjala og samantekt athugasemda bankans er vel á veg komin. Málin eru hins vegar mjög yfirgripsmikil og margþætt. Fyrir utan þau flóknu álitaefni sem á reynir [REDACTED] eru umfjöllunarefni í kortamálinu mjög margbrotin og sú starfsemi sem þar er til skoðunar flókin og sérhæfð. Með hliðsjón af röksemdum Samkeppniseftirlitsins fyrir frumniðurstöðum sínum í því máli hefur Landsbankinn talið sérstaka ástæðu til að afla sér upplýsinga um meðferð áþekkra mála erlendis. Sú upplýsingaöflun hefur verið tímafrek. Loks eru málin þess eðlis að svör bankans í þeim þarfnast yfirferðar og afgreiðslu fjölmargra aðila innan bankans.

Með vísan til framangreinds, og að öðru leyti með vísan til þeirra sjónarmiða sem rakin voru í fyrra bréfi bankans til Samkeppniseftirlitsins, er þess hér með formlega farið á leit að frestir bankans til að skila athugasemdum sínum í báðum málum verði framlengdir um þrjá vikur, til 24. júní nk. Miðað við gang þeirrar vinnu sem farið hefur í samantekt sjónarmiða og athugasemda í málunum verður ekki annað séð en að sá frestur muni nægja til að ljúka þeirri vinnu.

F.h. Landsbankans hf.


Hallgrímur Ásgeirsson
yfirlögfræðingur



Trúnaðarmál

Samkeppniseftirlitið
B.t. Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. júní 2013

Efni: Andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. mars 2013 (kortamál)

Vísað er til andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. mars sl., vegna rannsóknar þess á ætluðum brotum Valitors, Borgunar og kortaútgefenda á ákvæðum samkeppnislaga. Athugasemdir Landsbankans við andmælaskjalið er að finna í bréfi, dags. 27. júní 2013, sem sent er samhliða þessu bréfi. Bæði bréfin hafa að geyma trúnaðarupplýsingar.


Í athugasemdum bankans kemur m.a. fram að í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins eru settar fram efasemdir um ýmsa þætti sem lúta að fyrirkomulagi kortaútgáfu, kortavinnslu o.fl. hér á landi eins og staðið hefur verið að þeim málum til þessa.

Landsbankinn hefur frá ársbyrjun 2012 unnið að undirbúningi umfangsmikilla breytinga á þátttöku sinni á kortamarkaði. Bankinn hefur átt tvo fundi með Samkeppniseftirlitinu til að kynna þessi áform og leita viðbragða við þeim.

Landsbankinn hefur skoðað og yfirfarið framangreind áform um breytingar á þátttöku sinni á kortamarkaði með hliðsjón af þeim efasemdum sem Samkeppniseftirlitið setur fram í andmælaskjali sínu. Það er mat bankans að eyða megi þeim efasemdum með innleiðingu þessara áforma.

Með vísan til framgreinds óskar Landsbankinn eftir viðræðum við Samkeppniseftirlitið um hvort forsendur séu til samkomulags og hugsanlegrar sáttar við eftirlitið um málalok vegna rannsóknar þessa máls hvað Landsbankinn varðar, þar sem áhersla yrði lögð á þær breytingar sem bankinn hyggst ráðast í til að efla samkeppni og eyða efasemdum um lögmæti markaðsfærslu bankans á kortamarkaði. Um nánari forsendur slíkra viðræðna er vísað til þess sem fram kemur í athugasemdum bankans.

Virðingarfyllt,
f.h. Landsbankans hf.


Steinþór Pálsson
Bankastjóri

*Trúnaðarmál*

Samkeppniseftirlitið
B.t. Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. júní 2013

Efni: Athugasemdir Landsbankans hf. við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. mars 2013 (kortamál)

Landsbankinn hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) vísar til andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins (hér eftir „SE“), dags. 8. mars sl., vegna rannsóknar þess á ætluðum brotum Valitors, Borgunar og kortaútgefenda á 10., 11. og 12. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Landsbankanum var veittur kostur á að koma að athugasemdum við andmælaskjalið og var frestur til þess framlengdur til dagsins í dag.

Hér að neðan er að finna athugasemdir bankans við andmælaskjalið.

Skjal þetta hefur að geyma trúnaðarupplýsingar. Landsbankinn krefst þess að með skjalið verði farið sem trúnaðarmál gagnvart öðrum aðilum þessa máls og öllum þriðju aðilum. Telji SE að aðeins skuli fara með hluta skjalsins sem trúnaðarupplýsingar er þess krafist að Landsbankinn fái tækifæri til að afhenda SE sérstakt eintak án trúnaðarupplýsinga.

I.

Inngangur





[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]



Eins og fyrr var nefnt hefur Landsbankinn frá ársbyrjun 2012 unnið að undirbúningi umfangsmikilla breytinga á þátttöku sinni á kortamarkaði. Felast þessi áform m.a. í hugsanlegri breytingu á eignaraðild í kortafyrirtækjunum Valitor og Borgun aðgreiningu á samningum um framkvæmd útgáfu annars vegar og færsluhirðingu hins vegar, og notkun svokallaðra alþjóðlegra taflna um milligjöld. Bankinn hefur átt tvo fundi með SE til að kynna þessi áform og leita viðbragða við þeim. Fyrri fundurinn var haldinn 4. mars sl., þ.e. áður en andmælaskjalið var gefið út, en síðari fundurinn 24. júní sl. Á fundunum kom fram að bankinn teldi áform sín í fullu samræmi við ákvæði samkeppnislaga og til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á samkeppni á markaðnum. SE hefur hvorki í andmælaskjalinu né á þessum fundum gert athugasemdir við þessi áform.

Landsbankinn hefur skoðað og yfirfarið framangreind áform með hliðsjón af þeim efasemdum sem SE setur fram í andmælaskjali sínu. Að mati bankans má eyða þeim efasemdum með innleiðingu þessara áforma.



Bankinn hefur því í hyggju að hrinda þessum áformum í framkvæmd á komandi vikum og mánuðum.

Í ljósi framgreinds óskar Landsbankinn eftir viðræðum við SE um hvort forsendur séu til samkomulags og hugsanlegrar sáttar við eftirlitið um málalok vegna rannsóknar þessa máls hvað Landsbankinn varðar, þar sem áhersla yrði lögð á þær breytingar sem bankinn hyggst ráðast í til að efla samkeppni og eyða efasemdum um lögmæti markaðsfærslu bankans á kortamarkaði. Ósk þessi um viðræður er borin fram án viðurkenningar á því að bankinn hafi brotið ákvæði samkeppnislaga.

VII. Viðurlög

Með vísan til alls framangreinds telur Landsbankinn engar forsendur til að ákvarða bankanum viðurlög í formi stjórnvaldssektar eða annars. Þá telur Landsbankinn að jafnvel þótt komist yrði að þeirri niðurstöðu að bankinn hefði með háttsemi sinni brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga telur bankinn hvorki ástæðu né lagaskilyrði fyrir hendi til beitingar viðurlaga.

SE hefur í úrlausnum sínum fjallað um tilgang 37. gr. samkeppnislaga. Í því sambandi hefur eftirlitið m.a. vísað til þess að af orðalagi ákvæðisins megi ráða að tilgangur þess sé að skapa varnaðaráhrif sem stuðli að framkvæmd samkeppnislaga og þar með aukinni samkeppni. Landsbankinn telur ekki standast skoðun að telja að sektarálagning gagnvart bankanum myndi hafa varnaðaráhrif. Að mati bankans myndi það stríða gegn markmiði 37. gr. samkeppnislaga að leggja sekt á bankann vegna meintrar brotlegrar háttsemi. Landsbankinn vill í því sambandi benda á eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi myndi sektarálagning ekki þjóna neinum tilgangi í málinu enda er um fyrsta mál sinnar tegundar að ræða hérlandis þar sem kemur til skoðunar hvort fyrirtæki hafi misnotað sameiginlega markaðsráðandi stöðu.

Í öðru lagi er Landsbankinn hf. nýr banki með nýja stjórnendur og aðrar áherslur en (gamli) Landsbanki Íslands hf., nú LBI hf. Sú háttsemi sem lýst er í andmælaskjalinu átti sér meira og minna stað innan síðarnefnda bankans. Gera verður skýran greinarmun á ábyrgð þessara tveggja sjálfstæðu lögaðila. Því er harðlega mótmælt að um ítrekuð brot hafi verið að ræða af hálfu (nýja) Landsbankans, að brotin hafi verið alvarleg og/eða staðið yfir í langan tíma.

Í þriðja lagi voru aðstæður á árunum eftir stofnun (nýja) Landsbankans hf. með afar óvenjulegum hætti á íslenskum fjármálamarkaði og fór mikill tími hjá bankanum í að greiða úr brýnum málum sem kröfðust skjótrar afgreiðslu í kjölfar bankahrunsins.

Í fjórða lagi var bankinn með hliðsjón af þeirri sátt sem gerð var við SE í ársbyrjun 2008 í góðri trú með að hegðun sín á kortamarkaði, þ.m.t. aðkoma bankans að kortafyrirtækjunum Valitor og Borgun, væri í samræmi við kröfur og sjónarmið SE. Bankinn var því í góðri trú um lögmæti háttsemi sinnar gagnvart samkeppnislögum.




Í fimmta lagi hefur bankinn allt frá stofnun árið 2008 ekki haft stjórnunarlega aðkomu að Valitor og Borgun. Möguleikar Landsbankans á að hafa áhrif á starfsemi kortafyrirtækjanna hefur því verið mun takmarkaðri að þessu leyti en aðkoma Arion banka og Íslandsbanka.

Í sjötta lagi hefur bankinn allt frá árinu 2012 unnið að undirbúningi umfangsmikilla breytinga á þátttöku sinni á kortamarkaði og kynnt þau áform á tveimur fundum með SE. Var fyrri fundurinn haldinn áður en andmælaskjalið var birt bankanum. SE hefur hvorki í andmælaskjalinu né á framangreindum fundum gert athugasemdir við þessi áform. Hefur bankinn óskað eftir frekari viðræðum við SE um innleiðingu þessara áforma með það að markmiði að eyða þeim efasemdum sem fram koma í andmælaskjalinu.

Að því er varðar sjónarmið um viðurlög vísar Landsbankinn að öðru leyti til athugasemda sinna til SE, dags. 6. júní sl., varðandi andmælaskjal SE, dags. 5. mars sl., sem bankinn telur öll eiga við að breyttu breytanda.

VI. Lokaorð





Landsbankinn hefur kynnt fyrir SE áform um breytingar á þátttöku sinni á kortamarkaði. Að mati bankans má leysa úr þeim álitaefnum sem SE tilgreinir í andmælaskjalinu með innleiðingu þessara áforma. Eins og fram kemur í sérstöku bréfi sem fylgir athugasemdum þessum óskar Landsbankinn eftir viðræðum við SE um hvort forsendur séu til samkomulags og hugsanlegrar sáttar við eftirlitið um málalok vegna rannsóknar þessa máls hvað Landsbankinn varðar, þar sem áhersla yrði lögð á þær breytingar sem bankinn hyggst ráðast í til að efla samkeppni og eyða efasemdum SE um lögmæti markaðsfærslu bankans á kortamarkaði. Ósk þessi um viðræður er borin fram án viðurkenningar á því að bankinn hafi brotið ákvæði samkeppnislaga.

Áskilinn er fullur réttur til að koma á framfæri frekari sjónarmiðum og/eða gögnum í máli þessu.

Virðingarfyllt,
f.h. Landsbankans hf.

Steinþór Pálsson
Bankastjóri



Trúnaðarmál

Samkeppniseftirlitið
B.t. Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. júlí 2013

Efni: Andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. mars 2013 (kortamál)

Vísað er til andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. mars sl., vegna rannsóknar þess á ætluðum brotum Valitors, Borgunar og kortaútgefenda á ákvæðum samkeppnislaga. Athugasemdir Landsbankans við andmælaskjalið er að finna í bréfi, dags. 27. júní 2013.

Samhliða ofangreindu bréfi sendi Landsbankinn bréf til Samkeppniseftirlitsins þar sem óskað var eftir viðræðum um hvort forsendur væru til samkomulags og hugsanlegrar sáttar við eftirlitið um málalok vegna rannsóknar málsins hvað Landsbankann varðar, þar sem áhersla yrði lögð á þær breytingar sem bankinn hyggst ráðast í til að efla samkeppni og eyða efasemdum um lögmæti markaðsfærslu bankans á kortamarkaði.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 1. júlí sl., var óskað eftir að Landsbankinn staðfesti eigi síðar en 5. júlí nk. hvort bankinn óski eftir að hefja viðræður við eftirlitið á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga.

Með vísan til 2. mgr. 17. gr. f. samkeppnislaga og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins staðfestir Landsbankinn hér með ósk sína um viðræður við Samkeppniseftirlitið. Landsbankinn er tilbúinn að ræða öll atriði sem tilgreind eru í bréfi eftirlitsins og varða þau atvik sem lýst er í andmælaskjalinu.

Virðingarfyllt,
f.h. Landsbankans hf.

Steinþór Pálsson
Bankastjóri

*Trúnaðarmál*

Samkeppniseftirlitið
B.t. Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. september 2013

Efni: Andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. mars 2013 (kortamál)

Vísað er til andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. mars sl., vegna rannsóknar þess á ætluðum brotum Valitors, Borgunar og kortaútgefenda á ákvæðum samkeppnislaga. Athugasemdir Landsbankans við andmælaskjalið er að finna í bréfi, dags. 27. júní 2013.

Samhliða ofangreindu bréfi sendi Landsbankinn bréf til Samkeppniseftirlitsins þar sem óskað var eftir viðræðum um hvort forsendur væru til samkomulags og hugsanlegrar sáttar við eftirlitið um málalok vegna rannsóknar málsins hvað Landsbankinn varðar, þar sem áhersla yrði lögð á þær breytingar sem bankinn hyggst ráðast í til að efla samkeppni og eyða efasemdum um lögmæti markaðsfærslu bankans á kortamarkaði.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 1. júlí sl., var óskað eftir að Landsbankinn staðfesti eigi síðar en 5. júlí nk. hvort bankinn óski eftir að hefja viðræður við eftirlitið á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga.

Með vísan til 2. mgr. 17. gr. f. samkeppnislaga og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins staðfesti Landsbankinn með bréfi til eftirlitsins, dags. 4. júlí sl., ósk sína um viðræður við Samkeppniseftirlitið. Í bréfinu kemur fram að Landsbankinn er tilbúinn að ræða öll atriði sem tilgreind eru í bréfi eftirlitsins og varða þau atvik sem lýst er í andmælaskjalinu.

Af hálfu bankans var búist við að Samkeppniseftirlitið myndi fljótlega hafa samband við bankann og bjóða upp á viðræður vegna málsins.

Nú eru liðnar um 11 vikur frá því að Landsbankinn sendi síðasta bréf sitt til Samkeppniseftirlitsins vegna málsins. Það kemur bankanum á óvart að hafa ekki fengið nein viðbrögð frá Samkeppniseftirlitinu við erindum bankans.

Eins og fram kemur í svari Landsbankans, dags. 27. júní sl. hefur bankinn frá ársbyrjun 2012 unnið að undirbúningi umfangsmikilla breytinga á þátttöku sinni á kortamarkaði. Felast þessi áform m.a. í hugsanlegri breytingu á eignaraðild í kortafyrirtækjunum, Valitor og Borgun,



aðgreiningu á samningum um framkvæmd útgáfu annars vegar og færsluhirðingu hins vegar, og notkun svokallaðra alþjóðlegra tafna um milligjöld. Bankinn hefur átt tvo fundi með Samkeppniseftirlitinu til að kynna þessi áform og leita viðbragða við þeim. Fyrri fundurinn var haldinn 4. mars sl., þ.e. áður en andmælaskjalið var gefið út, en síðari fundurinn 24. júní sl. Á fundunum kom fram að bankinn teldi áform sín í fullu samræmi við ákvæði samkeppnislaga og til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á samkeppni á markaðnum. Samkeppniseftirlitið hefur hvorki í andmælaskjalinu, á þessum fundum né síðar gert athugasemdir við þessi áform.

Þá kemur fram í svari Landsbankans frá 27. júní sl. að bankinn hefur skoðað og yfirfarið framangreind áform með hliðsjón af þeim efasemdum sem Samkeppniseftirlitið setur fram í andmælaskjali sínu. Það er mat bankans að eyða megi þeim efasemdum með innleiðingu þessara áforma.

Í svari bankans kemur enn fremur fram að bankinn hefur í hyggju að hrinda þessum áformum í framkvæmd á komandi vikum og mánuðum.

Með vísan til framangreinds má vera ljóst að sá dráttur sem orðið hefur á viðbrögðum Samkeppniseftirlitsins við erindum Landsbankans í málinu er bagalegur fyrir bankann. Þessi dráttur tefur áform bankans um framkvæmd breytinga á þátttöku hans á kortamarkaði. Jafnframt er ljóst að þótt Landsbankinn telji afar æskilegt að ræða fyrirhugaðar aðgerðir sem tengjast þátttöku bankans á kortamarkaði við Samkeppniseftirlitið hefur bankinn takmarkaða möguleika á að fresta þeim aðgerðum frekar.

Landsbankinn vill því ítreka ósk um viðræður við Samkeppniseftirlitið.

Virðingarfyllt,
f.h. Landsbankans hf.

Steinþór Pálsson
Bankastjóri

Kjarni málsins skv. andmælaskjali

- Landsbankinn er keppinautur Arion og ÍSB í útgáfu greiðslukorta. Hver keppinautur fyrir sig verður að ákveða verð sjálfstætt
 - Milligjald vegna notkunar greiðslukorta er sagt vera greiðsla söluaðila, með milligöngu færsluhirðis, til útgefanda fyrir veitta þjónustu. Milligjaldið er þannig verð Landsbankans fyrir þjónustu sem bankinn veitir söluaðilum
- Landsbankinn á Valitor og Borgun með keppinautum sínum
- Valitor og Borgun eru samtök fyrirtækja (banka) í skilningi samkeppnislaga
- Í stað þess að Landsbankinn tæki sjálfstæða ákvörðun um fjárhæð milligjaldsins fól bankinn, ásamt keppinautum sínum, annars vegar Valitor og hins vegar Borgun að samræma þessa verðlagningu
 - Í þessu felst að Valitor og Borgun hafa brotið gegn 12. gr. skl. sem bannar samtökum fyrirtækja að taka samkeppnishamlandi ákvarðanir
 - Í þessu felst einnig þátttaka Landsbankans í óbeinu verðsamráði og með því hefur bankinn brotið gegn 10. gr. skl.



Vandamál, markmið og meginaðgerðir

Ályktun
byggð á
málinu
og
reynslu



Sameiginlegt eignarhald bankanna á færsluhirðum spyrðir saman hagsmuni bankanna og vinnur þannig gegn virkri samkeppni á greiðslukortamarkaði



Sameiginleg framkvæmd kreditkortaútgáfu fyrir stóru viðskiptabankana innan félags sem einnig sinnir færsluhirðingu er samkeppnishamlandi á sviði færsluhirðingar



Markmið SE

- ✓ Draga úr samkeppnishömlum til frambúðar og efla samkeppni á fjármálamarkaði
- ✓ Efla meirero mála og skapa aðstæður þar sem ekki er þörf stóðunnar afskila SE



Mögulegar aðgerðir Landsbankans

- Sameiginlegu eignarhaldi lýkur
 - Ýmsir valkostir varðandi breytingar á eignarhaldi Landsbankans á Borgun og Valitor virðast koma til greina að mati SE, t.d. að Landsbankinn selji hluti sína í bæði Borgun og Valitor.
- Landsbankinn hættir þátttöku í samráði um milligjöld og t.d. semur um þau með sjálfstæðum hætti við hvern færsluhirði um sig
 - Nái bankinn ekki samningum við einstaka færsluhirða gildi milligjöld ákvörðuð í alþjóðlegu milligjaldatöflum kortasamsteypanna.
- Landsbankinn lætur af annarri háttsemi sem nefnd er í andmælaskjali og talin er falla undir samráð í kortaútgáfu
- Landsbankinn skuldbindur sig til þess að lækka milligjöld bankans til samræmis við boðaða reglugerð framkvæmdastjórnar ESB fyrr en reglugerðin tekur gildi
- Landsbankinn skuldbindur sig til þess að hefja ekki aftur samstarf með keppinautum á neinu sviði greiðslukortaviðskipta (þ.m.t. ekkert sameiginlegt eignarhald)



Tilgangur breytinga á eignarhaldi

Bann við sameiginlegu eignarhaldi og sameiginlegum stjórnunaráhrifum



- ✓ Sjálfstætt eignarhald skapar heilbrigðari grundvöll fyrir ákvörðun milligjalda í tvíhliða samningum og stuðlar að því að samningagerð eigi sér alfarið stað á sjálfstæðum viðskiptalegum grundvelli milli útgefenda og færsluhirða
- ✓ Dregur úr möguleikum á að samræma viðskiptakjör korthafa og tvinna saman við hagsmuni færsluhirðis sbr. vildarpunktahlið málsins
- ✓ Blokkarhagsmunir bankanna gagnvart keppinautum á greiðslukortamarkaði upprættir
- ✓ Sameiginlegt eignarhald á færsluhirðum getur skapað jarðveg fyrir þegjandi samhæfingu bankanna gegn færsluhirðum sem þeir eiga ekki hlut í.



*Trúnaðarmál*

Samkeppniseftirlitið
B.t. Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2014

Efni: Andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. mars 2013 (kortamál) – hugsanlegar breytingar á eignarhaldi Landsbankans í Valitor hf. og Borgun hf.

Inngangur

Við er til andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. mars sl., vegna rannsóknar þess á ætluðum brotum Valitors, Borgunar og kortaútgefenda á ákvæðum samkeppnislaga. Athugasemdir Landsbankans við andmælaskjalið er að finna í bréfi, dags. 27. júní 2013. Þá er vísað til funda Landsbankans og Samkeppniseftirlitsins sem haldnir hafa verið undanfarna mánuði til þess að kanna hvort forsendur séu til samkomulags og hugsanlegrar sáttar um málalok vegna rannsóknar málsins hvað Landsbankann varðar.

Í andmælaskjalinu kemur fram það frummat Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir sameiginlegt eignarhald stóru viðskiptabankanna þriggja á kortafyrirtækjunum Valitor og Borgun til þess að draga úr meintri innbyggðri hvöt til samhæfingar sem eftirlitið telur að eignarhaldið skapi.

Landsbankinn hefur lýst sig reiðubúinn til þess að eiga viðræður við Samkeppniseftirlitið um hugsanlegar breytingar á eignarhaldi bankans í kortafyrirtækjunum. Að mati bankans ætlu slíkar breytingar að eyða efasemdum sem lýst er í andmælaskjalinu um lögmæti markaðsfærslu bankans á kortamarkaði til framtíðar og staðfesta vilja bankans til að tryggja að starfsemi hans sé að fullu í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Samhliða slíkum breytingum hyggst Landsbankinn ráðast í aðgerðir til að mæta öðrum tilmælum Samkeppniseftirlitsins sem tilgreind eru í andmælaskjalinu. Er þar í fyrsta lagi um að ræða endurskoðun á tilhögun á ákvörðun milligjalda sem Landsbankinn hyggst hrinda í framkvæmd með því að taka upp viðmið við svokallaðar alþjóðlegar töflur um milligjöld. Í öðru lagi hefur Landsbankinn lýst sig reiðubúinn til að endurskoða tilhögun á samningum sínum við kortafyrirtækin verði að veruleika þau áform um uppskiptingu kortafyrirtækjanna sem kynnt eru í andmælaskjalinu.

Á síðasta fundi Landsbankans og Samkeppniseftirlitsins um mál þetta þann 31. janúar sl. óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því að bankinn tæki saman lýsingu á hugsanlegu ferli vegna breytinga á eignarhaldi bankans í kortafyrirtækjunum. Hér á eftir er rakið hver fyrstu skrefin í slíku ferli gætu orðið og settar fram hugleiðingar um með hvaða hætti eignarhaldið gæti breyst. Lýsing þessi er sett fram með fyrirvara þar sem ýmsar mikilvægar forsendur sem horfa þarf til liggja ekki ljósar fyrir á þessari stundu. Þá leggur Landsbankinn áherslu á að tilgangur slíkra breytinga á eignarhaldi væri fyrst og fremst sá að sýna fram á að bankinn er tilbúinn til að fara í róttækar og myndarlegar aðgerðir til að skapa sátt við Samkeppniseftirlitið um lausn á þeim álitamálum sem reifuð eru í andmælaskjalinu.



Eignarhald Landsbankans í kortafyrirtækjunum

Landsbankinn hf. fer með 38% hlut í Valitor Holding sem aftur á 99% hlutafjár í Valitor. Arion banki er stærsti hluthafinn í Valitor Holding með 60,78% hlut. Landsbankinn fer með 31,21% hlut í Borgun hf. en þar er Íslandsbanki hf. stærsti hluthafinn með 62,20% hlut. Aðrir hluthafar í þessum fyrirtækjum eru smærri. Landsbankinn á ekki fulltrúa í stjórn fyrirtækjanna og hefur enga stjórnunarlega aðkomu að þeim né beitir hann nokkrum áhrifum gagnvart fyrirtækjunum á grundvelli eignarhalds síns í þeim.

Hugsanlegar leiðir að breyttu eignarhaldi

Á þessu stigi hefur Landsbankinn ekki tekið neinar ákvarðanir um sölumeðferð eignarhluta sinna í Valitor eða Borgun, enda er málið enn á fyrstu stigum undirbúnings. Landsbankinn sér fyrir sér að eignarhald gæti breyst þannig að einungis einn banki yrði í eigendahópi hvors kortafyrirtækis fyrir sig sem færi þá ekki með eignarhald í hinu fyrirtækinu. Þá gætu tveir bankar farið með eignarhald í einu fyrirtæki en þá þannig að hvor banki um sig væri með innan við 20% eignarhald en enga hluti í hinu kortafyrirtækinu.

Án þess að taka afstöðu til þess hvor þessara tveggja leiða yrði fyrir valinu vill Landsbankinn taka fram að það er skilningur bankans eftir fund með Samkeppniseftirlitinu þann 31. janúar sl. að eftirlitið geri ekki athugasemd við það ef bankinn færi slóðarnefndu leiðina og gerði jafnframt samning(a) við það kortafyrirtæki sem bankinn færi með eignarhlut í um útgáfuvinnslu og/eða færsluhirðingu án lokaðs útboðs.

Eftirfarandi útfærslur á eignabreytingum í fyrirtækjunum koma því til skoðunar fyrir Landsbankann (möguleikum er ekki raðað í neina sérstaka röð):

- a) Að selja eignarhlut sinn í Valitor en halda áfram á, eða auka, hlut í Borgun gegn því að Íslandsbanki selji sig út úr Borgun.
- b) Að selja eignarhlut sinn í Borgun en halda áfram, eða auka, hlut í Valitor gegn því að Arion banki selji sig út úr Valitor.
- c) Að selja eignarhluti sína í bæði Valitor og Borgun.
- d) Að selja eignarhlut í Valitor og minnka eignarhlut í Borgun undir 20% gegn því að Íslandsbanki minnki sinn hlut einnig undir 20%.
- e) Að selja eignarhlut í Borgun og minnka eignarhlut í Valitor gegn því að Arion banki minnki sinn hluti einnig undir 20%.

Landsbankinn er þannig opinn fyrir því að skoða ýmsar leiðir í því að breyta núverandi stöðu sinni sem hluthafi í fyrirtækjunum tveimur, að því gefnu að verðlagning í mögulegum viðskiptum sé ásættanleg að mati bankans.

Ef Landsbankinn seldi sig út úr báðum kortafyrirtækjunum þyrfti að meta aðkomu bankans að þeirri starfsemi sem fram færi í fyrirtækjunum og hvort hætta væri á að samkeppnisaðili bankans sem væri eigandi þess kortafyrirtækis sem bankinn skipti við (þ.e. vegna útgáfuvinnslu og/eða færsluhirðingu) myndi á einhvern hátt misbeita eigendavaldi sínu eða stjórnunarlegri aðkomu sinni í fyrirtækinu gegn hagsmunum Landsbankans. Sama staða gæti verið uppi ef Landsbankinn færi með verulega minni eignarhlut en samkeppnisaðili í öðru kortafyrirtækinu og Landsbankinn skipti við það kortafyrirtæki.



Hugsanlegt sölufæri

Í fyrstu atrennu telur Landsbankinn eðlilegt að kanna áhuga meðeigenda bankans í kortafyrirtækjunum á því að kaupa eignarhluti bankans að fullu eða að hluta, þ.e. Arion banka í tilviki Valitor og Íslandsbanka í tilviki Borgunar. Leiði slíkar viðræður ekki til sölu kæmi til þess að kanna áhuga annarra fjárfesta, innlendra eða erlendra. Í tilviki erlendra fjárfesta væri væntanlega helst um að ræða aðila sem eru í svipuðum rekstri og/eða fjárfesta sem hafa sérþekkingu á þessari atvinnugrein. Í tilviki innlendra aðila væri líklegast að um væri að ræða fjárfestahópa eða fjárfestingarsjóði og ekki er ósennilegt að slíkir aðilar hefðu að markmiði að skrá viðkomandi fyrirtæki á hlutabréfamarkað að nokkrum tíma liðnum.

Landsbankinn sér ekki fyrir sér að sölumeðferðin geti verið í formi opins sölufærlis enda er um að ræða minnihlutaeignarhald bankans og því ólíklegt að bankinn gæti útvegað allar upplýsingar um fyrirtækin sem þörf er á í slíku ferli. Þá eru viðskipti með og eignarhald á virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki háð ströngum skilyrðum í lögum og ekki er um að ræða fullnustueignir bankans.

Báðir eignarhlutarnir eru virkir eignarhlutir í skilningi laga 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og því yrði sala á þeim háð skilyrði um mat Fjármálaeftirlitsins á hæfi kaupandans á að fara með viðkomandi eignarhlut. Ef til þess kæmi að eignarhlutur yrði seldur til hóps fjárfesta og enginn í hópnum keypti virkan eignarhlut þyrfti þó ekki slíkan fyrirvara við sölu.

Áður en kemur að ákvörðun um sölumeðferð er nauðsynlegt að hefja undirbúningsvinnu fyrir sölu. Er þar einkum um eftirfarandi þætti að ræða: Verðmat, upplýsingagjöf við sölumeðferðina, könnun á lagaumhverfi um starfsemi og staða fyrirtækjanna gagnvart samkeppnisfyrirvöldum.

Verðmat

Áður en hafist er handa við sölumeðferð þarf Landsbankinn að mynda sér skoðun á hvers virði eignarhlutir hans í kortafyrirtækjunum eru. Vegna þeirrar sáttar sem gerð var við Samkeppniseftirlitið í ársbyrjun 2008 hefur Landsbankinn ekki haft neina aðkomu að fyrirtækjunum og getur því ekki verðmetið eignarhlutina með neinum nákvæmum hætti. Bankinn mun því óska eftir upplýsingum frá stjórnum fyrirtækjanna í því skyni að framkvæma verðmat. Það er skilningur Landsbankans eftir fund með Samkeppniseftirlitinu þann 31. janúar sl. að eftirlitið hafi fallist á þessa framkvæmd.

Þær upplýsingar sem um ræðir varða rekstraráætlanir stjórnenda og markmið þeirra fyrir reksturinn á komandi misserum, auk upplýsinga um rekstrarafkomu á síðustu árum og fjárhagsstöðu í dag. Bæði fyrirtækin hafa til að mynda átt í umtalsverðum viðskiptum utan Íslands og gerir Landsbankinn sem hluthafi sér ekki grein fyrir verðmæti þeirrar starfsemi og áhættunni sem henni fylgir. Við sölumeðferð eignarhlutanna myndu slíkar spurningar fljótt koma fram. Innlenda starfsemin byggir hins vegar á eldri sögu og ætti að vera einfaldara að verðmeta þann hluta starfseminnar. Rétt er að árétta að til að verðmeta eignarhlutina er ekki þörf á upplýsingum sem varða viðskiptakjör einstakra viðskiptavina eða á móta viðkvæmar upplýsingar. Landsbankinn mun því óska eftir að eiga fundi með forstjórum fyrirtækjanna til að fá svör við spurningum sem upp koma við verðmatsvinnuna. Það er skilningur Landsbankans eftir fund með Samkeppniseftirlitinu þann 31. janúar sl. að eftirlitið hafi fallist á þessa framkvæmd.

Mikilvægur þáttur í verðmati eignarhlutanna er skilningur á áformum kortafyrirtækjanna og/eða kröfur Samkeppniseftirlitsins um uppskiptingu fyrirtækjanna í útgáfustarfsemi og færsluhirðingarstarfsemi. Slík áform munu væntanlega hafa veruleg áhrif á starfsemi fyrirtækjanna, kostnaðarmyndun þeirra og rekstrarafkomu.



Þá er mikilvægt að fyrir liggi niðurstaða um það hvaða tilhögun verður ofan á varðandi ákvörðun milligjalda enda mun sú niðurstaða væntanlega skipta máli fyrir rekstur og rekstrarafkomu kortafyrirtækjanna til framtíðar. Landsbankinn hefur kynnt áform sín hvað þetta varðar sem felast í því að miða við alþjóðlegar töflur um milligjöld. Þetta atriði snýr hins vegar að öllum þeim aðilum sem nýta sér þjónustu kortafyrirtækjanna.

Landsbankinn mun leita eftir upplýsingum hjá kortafyrirtækjunum sem þörf er á til að vinna að sölu hluta bankans í þeim. Verðmat á hlutum bankans í kortafyrirtækjunum mun verða unnið innanhúss hjá bankanum en ekki hjá utanaðkomandi ráðgjöfum. Það er skilningur bankans eftir fund með Samkeppniseftirlitinu þann 31. janúar sl. að eftirlitið hafi fallist á þessa framkvæmd.

Upplýsingagjöf við sölumeðferðina

Nauðsynlegt er að útbúa sölugögn sem lýsa kortafyrirtækjunum, starfsemi þeirra, rekstrarafkomu, fjárhagsstöðu og framtíðaráformum. Sölugögnin þurfa að veita fjárfestum allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta virði eignarhlutanna.

Áður en ráðist er í sölumeðferð er nauðsynlegt að ná samkomulagi við stjórnir fyrirtækjanna, og eftir atvikum hluthafa í þeim, með hvaða hætti upplýsingagjöfinni verði háttað. Óskað er eftir að Samkeppniseftirlitið upplýsi Landsbankann hvort, og þá hvernig, það vill vera haft með í ráðum varðandi þetta.

Við sölumeðferð eignarhluta í fyrirtækjunum er upplýsingagjöf að jafnaði þrepaskipt eftir því sem söluferlinu og samningaviðræðum vindur fram. Í fyrstu atrennu er venjulega aðeins um að ræða einfaldar upplýsingar sem allar eru opinberar, eða mega vera gerðar opinberar. Í annarri atrennu er nauðsynlegt að deila með fjárfestum nægjanlegum upplýsingum svo verðmeta megi eignarhlutina og er það þá gert á grundvelli trúnaðarsamnings milli fjárfestisins og fyrirtækisins. Efnislega er þar um að ræða svipaðar upplýsingar og Landsbankinn fengi til að verðmeta eignarhlutina en samandregnar í eina skýrslu, fremur en frumgögn frá fyrirtækinu. Um er að ræða viðskipti með umtalsverða eignarhluti í fyrirtækjunum, bæði hvað varðar eignarhluta og verðmæti. Því á Landsbankinn ekki von á öðru en að fjárfestir fari fram á að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðkomandi fyrirtæki til að meta forsendur fyrir því að staðfesta tilboð sitt og ganga frá viðskiptunum. Í þessari lokaatrennu yrði fjárfestinum og ráðgjöfum hans því veittur aðgangur að frumgögnum fyrirtækisins á öruggan hátt, til dæmis í aðgangsstýrðu rafrænu gagnaherbergi.

Könnun á lagaumhverfi um starfsemina

Við sölumeðferð munu koma upp spurningar um það lagaumhverfi sem gildir um starfsemina og hvort mikilvægar breytingar séu þar á döfinni. Munu sjónir fjárfesta beinast að lagaumhverfi á Íslandi, í Evrópu og þeim löndum þar sem fyrirtækin stunda viðskipti. Við slíka könnun gætu komið upp atriði sem torvelduðu viðskipti með eignarhluti í fyrirtækjunum og/eða hefðu merkjanleg áhrif á verðmæti þeirra.

Könnun á þessum þáttum gæti verið framkvæmd af starfsmönnum Landsbankans eða utanaðkomandi ráðgjöfum.

Staða fyrirtækjanna gagnvart samkeppnisyfirvöldum

Áður en eignarhlutir í kortafyrirtækjunum yrðu settir í sölumeðferð þyrfti Landsbankinn að fá upplýsingar frá Samkeppniseftirlitinu um mál fyrirtækjanna gagnvart samkeppnisyfirvöldum hér á landi, samkeppnisyfirvöldum í þeim löndum þar sem fyrirtækin stunda viðskipti og gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA og/eða framkvæmdastjórn ESB. Meðal annars þyrftu að liggja fyrir




upplýsingar um hugsanlegar ákvarðanir eða kröfur samkeppnisyfirvalda um sektargreiðslu kortafyrirtækjanna, uppskiptingu þeirra eða aðrar breytingar á stöðu þeirra á markaði, sem líklegt er að gætu haft áhrif á sölumeðferð eignarhlutanna og/eða merkjanleg áhrif á verðmæti þeirra.

Næstu skref

Að teknu tilliti til þeirra atriða sem lýst er hér að framan sem og sjónarmiða sem áður hafa komið fram af hálfu Landsbankans lýsir bankinn sig reiðubúinn til að hefja vinnu við undirbúning sölumeðferð eignarhluta bankans í kortafyrirtækjunum, Valitor og Borgun. Forsenda og markmið þeirrar vinnu er að ná sátt við Samkeppniseftirlitið um málalok í samræmi við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins frá 8. mars sl. Hafist verði handa við verðmat eignarhlutanna, sem gæti tekið 8-10 vikur, og samhliða því verði haldnir fundir með stjórnnum og forstjórum fyrirtækjanna um tilhögun upplýsingagjafar. Landsbankinn myndi halda Samkeppniseftirlitinu upplýstu vegna þessa ferlis. Í ferlinu myndi jafnframt felast að Landsbankinn kanni lagaumhverfi sem um starfsemi kortafyrirtækjanna gilda og núverandi og hugsanleg dómsmál sem tengjast fyrirtækjunum. Þá er mikilvægt að Samkeppniseftirlitið upplýsi bankann við fyrsta tækifæri um hugsanlegar ákvarðanir eða kröfur samkeppnisyfirvalda gagnvart fyrirtækjunum.

Óskað er eftir viðbrögðum Samkeppniseftirlitsins við framangreindu á fundi sem áætlað er að halda með Landsbankanum 21. febrúar næstkomandi.

Virðingarfyllt
f.h. Landsbankans hf.



Steinþór Pálsson
Bankastjóri

TRÚNAÐARMÁL



MINNISBLAÐ

Til: Samkeppniseftirlitsins

Frá: LEX lögmannsstofu / Heimir Örn Herbertsson hrl.

Dags: 12. maí 2014

Efni: Tillögur að skilyrðum á kortafyrirtæki/eigendur í kortamáli SE.

Visað er til fundar með Samkeppniseftirlitinu þann 29. apríl sl. Í kjölfar fundarins var þess óskað að Landsbankinn myndi taka saman tillögur að skilyrðum sem setja beri eignarhaldi og starfsemi kortafyrirtækja í eigu banka í tengslum við fyrirhugaða sátt við Samkeppniseftirlitið vegna meintra brota á samkeppnislögum á kortamarkaði.

Þegar rætt er um kortafyrirtæki í minnisblaði þessu er átt við fyrirtæki sem hafa með höndum kortaútgáfu og færsluhirðingu, hvort sem sú starfsemi er rekin í einu félagi að aðskildum.

Tillögur þær sem fram koma í minnisblaðinu eru settar fram að beiðni Samkeppniseftirlitsins í tengslum við málsmeðferð þess í svokölluðu kortamáli. Tillögurnar eru settar fram á þeirri forsendu Samkeppniseftirlitsins að ef til sáttar eða ákvörðunar kemur í málinu muni slík niðurstaða m.a. byggja á þeirri kröfu Samkeppniseftirlitsins að eignarhald á kortafyrirtækjunum Valitor og Borgun breytist og að einn eða fleiri viðskiptabankar muni ekki eiga hluti í þeim fyrirtækjum til framtíðar horft. Samkeppniseftirlitið hefur upplýst að það telji nauðsynlegt að setja kortafyrirtækjunum ýmis skilyrði varðandi eignarhald, stjórnun, starfsemi, markaðssetningu o.fl. Tillögur Landsbankans eru settar fram á viðræðugrundvelli við Samkeppniseftirlitið og ber ekki að líta á þær með neinum hætti þannig að í þeim felist breyting á afstöðu Landsbankans til þeirra meintu brota sem Landsbankanum eru borin á brýn í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins í málinu. Þá fela tillögurnar ekki í sér neina afstöðu Landsbankans til tilhlýðileika þess að skilyrði af þessu tagi séu sett í öðrum málum eða tilvikum en eingöngu því máli sem hér er til umfjöllunar og eingöngu á grundvelli allra þeirra forsendna um hugsanlega niðurstöðu málsins sem ræddar hafa verið milli Landsbankans og Samkeppniseftirlitsins í aðdraganda þess að minnisblaðið er afhent. Landsbankinn áskilur sér rétt til að hafna eða mótmæla einstaka útfærslum Samkeppniseftirlitsins á skilyrðum eða öðrum þáttum niðurstöðu málsins eftir að hún hefur verið kynnt og unnt hefur verið að taka heildstæða afstöðu til hennar.

I. Skipulagsbreytingar á [kortafyrirtæki]

1. Breytingar á eignarhaldi

- 1.1 Gerðar skulu breytingar á eignarhaldi [kortafyrirtækis] á þann hátt að ekki eigi fleiri fjármálafyrirtæki beinan eða óbeinan hlut í [kortafyrirtæki] en einn að hámarki. Hluthafar í kortafyrirtækjum skulu vinna í góðri trú að því að ná samkomulagi um breytingar á eignarhaldi þeirra þannig að annaðhvort ekkert eða að hámarki eitt fjármálafyrirtæki eigi beinan eða óbeinan hlut í slíku félagi. Takist ekki samkomulag með hluthöfum um slíkar breytingar innan [X] mánaða frá [dags.] skal hvorum/hverjum hluthafa fyrir sig heimilt að hefja söluferli til að koma fram breytingum á eignarhaldi með eftirfarandi hætti:

- 1.2 Hluthafi [fjármálafyrirtæki] sem áætlað er að selja eign sína í [kortafyrirtæki], („Exit-hluthafi“) skal bjóða hluti sína til sölu til þess hluthafa [kortafyrirtækis] sem eftir stendur („Non-Exit hluthafi“). Exit-hluthafi skal senda Non-Exit hluthafa bindandi sölutilboð með sannarlegum hætti, þar sem útlistað er verð hlutanna, aðferðafræði við verðmat ásamt áætlun um tímasetningar. Við undirbúning verðmats skal vera tryggt að allir hluthafar hafi jafnan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum frá stjórn [kortafyrirtækis] til þess að unnt sé að komast að niðurstöðu um ásættanlegt söluverð.

Frá móttöku sölutilboðs skal Non-Exit hluthafi hafa [x] daga til þess að kynna sér sölutilboðið og taka afstöðu til þess. Non-Exit hluthafi getur samþykkt sölutilboðið og skal þá án tafar hafist handa við að framkvæma sölu. Non-Exit hluthafi getur enn fremur tekið sölutilboðinu á þann hátt að stöðu hluthafa skal víxlað, þ.e. með þeim hætti að Non-Exit hluthafi selur hluti sína í [kortafyrirtæki] til Exit-hluthafa á því verði og skilmálum sem tilteknir eru í sölutilboði. Skal þá án tafar hafist handa við að framkvæma eigendaskiptin.

- 1.3 Nái hluthafar [kortafyrirtækis] ekki samkomulagi um eigendaskipti í samræmi við aðferðafræðina í gr. 1.2 hér að framan innan [x tíma] skulu báðir hluthafar selja eignarhluti sína í [kortafyrirtæki] eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan [x tíma] frá dagsetningu sáttarinnar. Í samræmi við markmið breytinga á eignarhaldi [kortafyrirtækis] skal ekki vera heimilt að selja eignarhlutina til fjármálafyrirtækis, með beinum eða óbeinum hætti.

Geri þriðji aðili, sem ekki er fjármálafyrirtæki, tilboð í eignarhlut hluthafa í [kortafyrirtæki], í heild eða að hluta, sem á meirihluta hlutafjár í félaginu er þeim hluthafa skylt að setja það skilyrði fyrir kaupunum að þriðji aðili geri hinum hluthafanum (hinum hluthöfunum) tilboð í eignarhlut hans í félaginu á sama verði og sömu kjörum („Tag-along“), nema þá því aðeins að sá hluthafi (þeir hluthafar) hafi með ótvíræðum hætti veitt samþykki sitt fyrir því að falla frá því skilyrði. Handhafi slíks tilboðs skal án tafar tilkynna stjórn félagsins og hinum hluthafanum

(hínum hluthöfunum) um að tilboð sé komið fram. Hyggist hluthafi/hluthafar í minnihluta nýta sér rétt til að selja hluti sína samhliða sölu hluthafa í meirihluta (þ.e. nýta sér Tag-along rétt sinn samkvæmt þessu ákvæði) skal hann tilkynna handhafa tilboðsins það innan [x] daga frá því að hann móttók tilkynningu um framkomið tilboð og ásamt fullnægjandi upplýsingum (þ.m.t. tilboðsskjöl) til þess að taka afstöðu til tilboðsins.

Samkeppniseftirlitið getur framlengt sölufrest skv. gr. 1.3 sæki [eigandi] um það. Í umsókn um framlengingu sölufrests skal rökstutt hvaða atvik komi í veg fyrir sölu. Ef umsóknin byggist á því mati eiganda að erfiðar markaðsaðstæður eða sérstakar aðstæður í rekstri eða rekstrarumhverfi [kortafyrirtækis] hamli sölu innan frests skv. 2. mgr. skal með henni fylgja álit frá óháðum kunnáttumanni þar sem framangreint mat eiganda er staðfest.

- 1.4 Hluthafi sem selur eignarhluti sína í [kortafyrirtæki] skal vera óheimilt að eignast aftur eignarhluti í [kortafyrirtæki].

II. Starfsemi [kortafyrirtækis] og viðskipti tengdra aðila o.fl.

2. Sjálfstæði [kortafyrirtækis] gagnvart eiganda

- 2.1 [Kortafyrirtæki] skal vera stjórnunarlega og rekstrarlega aðskilið frá [eiganda]. Við skipan stjórnar og stjórnenda [kortafyrirtækis] skal tryggja samkeppnislegt sjálfstæði félagsins með eftirgreindum hætti:

a) Stjórnarmenn í [kortafyrirtæki] skulu vera óháðir [eiganda]. Þeir teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá bankanum, framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn hjá fyrirtækjum þar sem bankinn eða dótturfélög eiga meira en 20% eignarhlut, eru ekki makar stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá ofangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður [eiganda] eða tengdum félögum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði.

Framkvæmdastjóri (forstjóri) og lykilstarfsmenn [kortafyrirtækis] skulu vera óháðir [eiganda]. Þeir teljast óháðir ef þeir eru ekki stjórnarmenn hjá eiganda, eða fyrirtækjum þar sem eigandinn eða dótturfélög eiga meira en 20% eignarhlut, eru ekki makar stjórnarmanns eða lykilstarfsmönnum hjá ofangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg.

b) Stjórnarmenn í [kortafyrirtæki] skulu ekki vera tengdir keppinautum [kortafyrirtækis] í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka ofangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Stjórnarmenn [eiganda] skulu ekki vera tengdir keppinautum [kortafyrirtækis] í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Með

lykilstarfsmanni í ákvæði þessu er átt við einstakling í stjórnunarstarfi sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.

2.2 Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra (forstjóra) og lykilstarfsmönnum í [kortafyrirtæki] skal kynnt efni sáttar þessarar. Skulu þeir undirrita yfirlýsingu þar sem þeir skuldbinda sig til þess að starfa eftir sáttinni. [Eiganda] er óheimilt að grípa til neinna ráðstafana sem ætlað er að vinna gegn því að stjórnarmenn [kortafyrirtækis] geti stuðlað að því að [kortafyrirtæki] starfi skv. sátt þessari.

2.3 Með lykilstarfsmanni í ákvæði þessu er átt við einstakling í stjórnunarstarfi sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.

3. Sjálfstæði reksturs, viðskipti milli eiganda og kortafyrirtækis, o.fl.

3.1 Stjórn og starfsmönnum [eiganda] er óheimilt að grípa til ráðstafana sem dregið geta úr viðskiptalegu sjálfstæði [kortafyrirtækisins] eða takmarkað samkeppni á þeim mörkuðum sem [kortafyrirtækið] starfar. Þannig er stjórn og starfsmönnum bankans t.d. óheimilt að beina fyrirmælum, tilmælum eða ábendingum til stjórnarmanna eða starfsmanna [kortafyrirtækisins] sem miða að eða geta haft skaðleg áhrif á samkeppni. Eiganda kortafyrirtækis er einnig óheimilt að hagnýta sér með beinum eða óbeinum hætti eignarhald sitt, yfirráð yfir eða aðra aðkomu sína að kortafyrirtækinu sér til framdráttar í samkeppni við keppinauta sína á þeim mörkuðum sem kortafyrirtækið og/eða eigandinn starfa á.

3.2 Viðskiptastefna kortafyrirtækis skal mótuð með sjálfstæðum hætti og skal ekki ráðast af sértækum hagsmunum eiganda. Í því felst m.a. að gefi [kortafyrirtæki] eiganda kost á því að vöndla/samtvinna þjónustupætti við þjónustu sína skuli slíkt einnig standa öðrum viðskiptavinum [kortafyrirtækis] til boða. Viðskiptastefnan skal byggð á almennum rekstrarlegum forsendum hvað varðar þjónustu kortafyrirtækisins, aðgengi að henni, gæði og verðlagningu.

3.3 Eigandi skal gera eðlilega arðsemiskröfu til kortafyrirtækis. Eðlileg arðsemiskrafa skal vera í samræmi við þá áhættu sem fylgir fjárfestingu í hlutafé félagsins og skal byggð á viðurkenndum fjármálafræðilegum aðferðum.

3.4 Starfsstöðvar [kortafyrirtækis] og eiganda skulu vera aðgreindar. [Kortafyrirtæki] og eiganda skal vera óheimilt að samnýta starfsfólk og stoðþjónustu.

4. Viðskipti á milli tengdra aðila o.fl.

4.1 Öll viðskipti á milli [kortafyrirtækis] annars vegar og [eiganda] eða annarra dótturfélaga eiganda eða tengdra aðila hins vegar skulu vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti á milli ótengdra aðila væri að ræða. Með viðskiptum er m.a. átt við [samninga um færsluhirðingu [eiganda], dótturfélaga og annarra

tengdra aðila, utanumhald um leyfi sem tengjast kortaútgáfu og úrvinnsla í tengslum við kortaútgáfu].

- 4.2 Til að tryggja framangreint skal stjórn [eiganda/kortafyrirtækis] skilgreina tengda aðila í framangreindum skilningi og móta verklagsreglur vegna viðskipta þeirra við þá sem nema meira en [x] kr. á ári.

5. Aðgangur að þjónustu [kortafyrirtækis] o.fl.

- 5.1 [Kortafyrirtækið] skal tryggja að keppinautar [eiganda] hafi jafnan aðgang að þjónustuframboði fyrirtækisins á sömu forsendum og eigandinn hefur. Keppinautum [eiganda] skal m.a. gefinn kostur á því að gera þjónustusamninga um færsluhirðingu við [kortafyrirtækið] ásamt allri nauðsynlegri tengdri þjónustu, þ.m.t. um tilheyrandi aðgang að þeim greiðslumiðlunarkerfum sem kortafyrirtækið notar við að veita þjónustu sína. Þá skal keppinautum [eiganda] gefinn kostur á að gera þjónustusamninga um kortaútgáfu ásamt allri tengdri þjónustu. [Kortafyrirtækinu] er skylt að gæta jafnræðis, hlutlægni og gagnsæis gagnvart þeim aðilum sem óska eftir að gera þjónustusamninga um færsluhirðingu við [kortafyrirtækið].

- 5.2 [Kortafyrirtækinu] er óheimilt að mismuna viðskiptavinum.

6. Vernd trúnaðarupplýsinga o.fl.

- 6.1 [Kortafyrirtæki] skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að trúnaðarupplýsingar sem starfsmenn [kortafyrirtækisins] búa yfir um einstaka viðskiptavini félagsins berist ekki til [eiganda].
- 6.2 [Eiganda] er óheimilt að óska eftir því að kortafyrirtæki afli eða miðli til [eiganda] eða annarra hvers konar upplýsingum um, m.a.:
- 6.2.1 Núverandi eða mögulega keppinauta [eiganda].
 - 6.2.2. Keppinauta [kortafyrirtækisins].
 - 6.2.3. Núverandi eða mögulega markaði sem [kortafyrirtæki] starfar á.
 - 6.2.4. Núverandi eða mögulega markaði sem [eigandi] starfar á.
 - 6.2.5 Núverandi og mögulega viðskiptavini [kortafyrirtækisins], svo sem söluaðila eða korthafa, og markaði sem þeir starfa á.
 - 6.2.6 Núverandi og mögulega viðskiptavini [eiganda].

[Kortafyrirtæki] er óheimilt að taka við eða nýta sér upplýsingar frá [eiganda] um núverandi eða mögulega keppinauta [eiganda], núverandi eða mögulega markaði sem [eigandi] starfar á og núverandi eða mögulega viðskiptavini eiganda.

- 6.3 Það er á ábyrgð framkvæmdastjórnar félagsins að ganga frá trúnaðaryfirlýsingu gagnvart þeim starfsmönnum sem aðgang hafa að viðkvæmum upplýsingum.

- 6.4 [Kortafyrirtækið] skal samþykkja skriflega ferla og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavina þess. Í því skyni skal [kortafyrirtækið] gæta þess að fullnægjandi aðgangsstýringar séu fyrir hendi. Þetta skal m.a. gert með því að tryggja að aðgangur að upplýsingum sem tengjast færsluhirðingu sem og aðrar upplýsingar sem rétt og eðlilegt er að leynt fari, skuli vera með öllu lokaður þeim starfsmönnum [kortafyrirtækisins] sem sjá um kortaútgáfu. Að sama skapi skal tryggt að aðgangur að upplýsingum sem tengjast kortaútgáfu sem og aðrar upplýsingar sem rétt og eðlilegt er að leynt fari, skuli vera með öllu lokaður þeim starfsmönnum [kortafyrirtækisins] sem sjá um færsluhirðingu. Flytji starfsmenn frá kortaútgáfu yfir í færsluhirðingu eða öfugt skulu þeir undirrita trúnaðaryfirlýsingu um að þeir muni gæta trúnaðar um upplýsingar um alla viðskiptavini. [Kortafyrirtækið] skal kynna ferlana og ráðstafanirnar fyrir óháðum kunnáttumanni og gefa honum kost á að koma með athugasemdir.

7. Aðrar aðgerðir til að vernda samkeppni

- 7.1 [Kortafyrirtæki] skal óheimil að gera hvers konar samkeppnishamlandi samninga, t.d. samninga sem kveða á um einkarétt, tryggðarkjör.
- 7.2 [Kortafyrirtæki] skal innleiða samkeppnisréttaráætlun sem tryggir að stjórnarmenn, stjórnendur og starfsmenn séu að fullu upplýstir um þær kröfur sem samkeppnisreglur gera til starfsemi fyrirtækja á samkeppnismarkaði og þær sáttnir sem [kortafyrirtækið] hefur undirgengist.
- 7.3. Svo lengi sem fjármálafyrirtæki er á meðal hluthafa í [kortafyrirtæki] ber því fyrirtæki skylda til að bjóða reglulega til sölu, eftir atvikum opinberlega, X % hluta fjármálafyrirtækisins í félaginu með það að markmiði að auðvelda öðrum en fjármálafyrirtækjum að eignast hlut eða auka við hlut sinn í félaginu. Skal þetta gert á minnst tveggja ára fresti þar til (X % hluta eða allir hlutir) viðkomandi hluthafa hafa verið seldir. Ekki hvílir skylda á seljendum að ganga að tilboðum sem eru bersýnilega óhagstæð eða takmarkað geta samkeppni á markaði fyrir kortaútgáfu, færsluhirðingu eða viðskiptabankþjónustu. Þá hvílir ekki skylda á seljendum að ganga að tilboðum ef sýnt er fram á með öyggjandi hætti að eignarhaldið myndi verulega draga úr rekstraröryggi [kortafyrirtækisins], ógna tryggri greiðslumiðlun eða torvelda lögbundið eftirlit með starfsemi [kortafyrirtækisins]. Verði hlutfé [kortafyrirtækis] aukið skuldbindur félagið sig til að bjóða það aukna hlutfé til sölu til annarra en viðskiptabanka.
- 7.4. [Kortafyrirtæki] skal tilnefna óháðan kunnáttumann til að hafa eftirlit með því að skilyrðum í sátt þessari sé fylgt eftir. [Kortafyrirtæki] skal bera allan kostnað af starfi kunnáttumanns. Óháður kunnáttumaður skal uppfylla hæfisskilyrði til starfans. Samkeppniseftirlitið skal taka afstöðu til tilnefningarinnar og innan tveggja mánaða frá því hún berst eftirlitinu. Hafni Samkeppniseftirlitið tilnefningunni skal [kortafyrirtækið] tilnefna annan óháðan kunnáttumann. Samkeppniseftirlitið skipar óháðan kunnáttumann til tveggja ára í senn. Kunnáttumaður skal með

reglubundnum hætti hafa eftirlit með því að skilyrðum sáttar/ákvörðunar þessarar sé framfylgt og upplýsa Samkeppniseftirlitið um eftirlit sitt í janúar á hverju ári, fyrst í janúar xxx. Kunnáttumaður skal við upphaf starfs síns setja sér verklagsreglur um framkvæmd eftirlitsins og bera þær undir [kortafyrirtæki] og Samkeppniseftirlitið til samþykktar. [Kortafyrirtæki] og hluthafi/hluthafar þess skulu veita kunnáttumanni þær upplýsingar sem hann óskar eftir og varða framangreint eftirlit hans. Fjármálafyrirtæki sem gert hefur samning við [kortafyrirtæki] um að nýta sér þjónustu [kortafyrirtækisins] skal eiga kost á að beina fyrirspurnum eða kvörtunum til kunnáttumanns sem varða efni sáttar/ákvörðunar þessarar. Kunnáttumaður skal undirrita yfirlýsingu um að hann muni gæta trúnaðar um viðkvæmar upplýsingar sem honum eru látnar í té. Trúnaðarskyldan tekur ekki til upplýsingagjafar til Samkeppniseftirlitsins eða Seðlabanka Íslands.

höh.



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fylgiskjal 14

Heimir Örn Herbertsson
LEX lögmannsstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. ágúst 2014
Tilv.: 1308007

Varðar: Beiðni Landsbankans um sáttaviðræður

Með bréfi Landsbankans, dags. 4. júlí 2013, til Samkeppniseftirlitsins staðfesti bankinn beiðni sína um sáttaviðræður vegna andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins dags. 8. mars 2013 – „Ætluð brot Valitors, Borgunar og kortaútgefenda á 10., 11. og 12. gr. samkeppnislaga“.

Eins og fram hefur komið af hálfu Samkeppniseftirlitsins í viðræðum við Landsbankann óskuðu allir aðilar sem málið beinist gegn eftir sáttaviðræðum vegna málsins. Yður til upplýsingar tilkynnist nú að gengið hefur verið frá sátt við Íslandsbanka og Borgun vegna málsins og eru afrit af sáttaskjölunum sem um ræðir meðfylgjandi bréfi þessu. Óskað er eftir því að farið verði með sáttirnar og tilvist þeirra sem trúnaðarmál þangað til annað hefur verið ákveðið.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Ólafur F. Þorsteinsson

SÁTT

Borgunar hf. og Samkeppniseftirlitsins vegna rannsóknar á brotum Arion banka hf., Borgunar hf., Íslandsbanka hf., Landsbankans hf. og Valitors hf. á samkeppnislögum

Borgun hf., kt. 440686-1259, Ármúla 30, 108 Reykjavík og Samkeppniseftirlitið hafa gert með sér eftirfarandi sátt í samræmi við 17. gr. f samkeppnislaga nr. 44/2005 og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Með sátt þessari er viðurkennt að tiltekin framkvæmd á greiðslukortamarkaði hafi ekki verið í samræmi við 12. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins, fallist er á greiðslu sektar og að ráðast í tilteknar aðgerðir sem eru til þess fallnar að skapa aukið jafnræði og styrkja trúverðugleika á greiðslukortamarkaði og efla samkeppni á honum.

1.

Brot

Með samningum milli Kreditkorts hf. (nú Borgun hf.) annars vegar og Landsbanka Íslands, Kaupþings banka og Glitnis (nú Landsbankans hf., Arion banka hf. og Íslandsbanka hf.) hins vegar, var Kreditkorti hf. (nú Borgun hf.) falið að ákveða fjárhæð þóknunar (milligjald) sem Borgun greiddi þessum útgefendum greiðslukorta í tengslum við notkun MasterCard, Maestro og Electron greiðslukorta. Þessi framkvæmd fór gegn 12. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Sjá og 4. gr. sáttar þessarar.

Framangreind tilvik áttu sér stað á tímabilinu 1. janúar 2007 til 31. desember 2009.

2.

Aðgerðir

Til að stuðla að virkri samkeppni á mörkuðum tengdum greiðslukortastarfsemi sem Borgun hf. starfar fellst félagið á að hlíta eftirfarandi í starfsemi sinni:

2.1

Lækkun milligjalda

Með, eftir atvikum, sáttum Samkeppniseftirlitsins við íslenska útgefendur greiðslukorta er stefnt að því að milligjöld lækki. Er stefnt að því að hámarksmilligjöld verði 0,60% af veltu fyrir kreditkort og 0,20% af veltu fyrir debetkort frá og með 1. maí 2015 fyrir öll neytendagreiðslukort (e. consumer cards) sem gefin eru út á hverjum tíma undir vörumerkjum VISA og MasterCard (þar með talin VISA, Electron, MasterCard og Maestro).

Framangreind hámark taka til allra neytendagreiðslukortaviðskipta hjá íslenskum söluaðilum, óháð því hvort greitt er á sölustað, með boðgreiðslum, gegnum internetið,

með farsíma eða með öðrum snertilausum hætti. Sama hámark gildir hvort sem um örgjörva er að ræða í kortum eða ekki. Útgefendum og færsluhirðum er hins vegar heimilt að semja um lægra milligjald en sem nemur viðkomandi hámarki.

Borgun er einn af aðalleyfishöfum MasterCard vörumerkisins á Íslandi. Á grundvelli þeirrar stöðu skuldbindur Borgun sig til þess að annast milligöngu vegna umsóknar um skráningu ofangreindra hámarka milligjalda í landstöflu fyrir Ísland hjá MasterCard International sem gildandi milligjalda þegar ekki nást samningar milli útgefenda og færsluhirða um lægri milligjöld. Umsókn skal uppfylla formskilyrði MasterCard International. Skráning milligjalda er ætíð háð samþykki MasterCard International. Jafnframt, eftir því sem staða Borgunar veitir svigrúm til, skuldbindur Borgun sig til þess að leitast við að tryggja að ofangreind hámark milligjalda komi fram í landstöflu fyrir Ísland hjá VISA EU sem gildandi milligjöld þegar ekki nást samningar milli útgefenda og færsluhirða um lægri milligjöld.

Taki ákvæði fyrirhugaðrar reglugerðar ESB um lækkun milligjalda í greiðslukortaviðskiptum (*e. proposal for a regulation of the European Parliament and of the Council on interchange fees for card-based payment transactions*) gildi hér á landi, á grundvelli skuldbindinga skv. EES-samningnum ganga hámark þeirrar reglugerðar framur þeim hámarkum sem tilgreind eru hér að framan.

2.2

Lækkun söluaðilapóknunar

Í því skyni að tryggja að lækkun milligjalda skili sér í lægri söluaðilapóknunum skuldbindur Borgun sig til að lækka söluaðilapóknanir sínar til samræmis við þá lækkun milligjalda sem leiðir af innleiðingu framangreindra hámarka fyrir milligjöld á Íslandi. Við mat á því hvort Borgun uppfylli skilyrði um lækkun söluaðilapóknunar skal tekið tillit til þess að ekki er hægt að framkvæma beina línulega lækkun hjá seljendum í samræmi við gr. 2.1 þar sem taka þarf tillit til hlutfalls erlendra greiðslukorta sem notuð verða hjá söluaðilum.

Í tengslum við þetta skal það áréttað að framangreind hámark milligjalda eru án allrar jöfnunar, hvaða nafni sem nefnist, í uppgjöri Borgunar við útgefendur greiðslukorta.

2.3

Samræming milligjalda og viðskiptakjara

Borgun skal ekki eiga aðild að beinni eða óbeinni samræmingu milligjalda eða annarra þóknana, með útgefendum greiðslukorta, sem m.a. leggjast á söluaðila gegnum þóknun færsluhirða hjá söluaðilum vöru og þjónustu. Þetta tekur ekki til aðkomu Borgunar að lækkun milligjalda skv. gr. 2.1.

Borgun skal jafnframt ekki eiga aðild að beinni eða óbeinni samræmingu skilmála eða viðskiptakjara korthafa, hverju nafni sem kunna að nefnast, með útgefendum greiðslukorta. Utan ákvæðis þessa fellur ráðgjöf Borgunar um þann hluta skilmála er fjallar um endurkröfurétt korthafa og hugsanlega ábyrgð á svksamlegum færslum að svo miklu leyti sem slík ákvæði byggja á reglum alþjóðlegu kortafélaganna.

2.4

Aðskilnaður færsluhirðingar og kortaútgáfu innan Borgunar

Í því skyni að draga úr samkeppnishömlum sem stafa af uppbyggingu og verkefnum Borgunar á greiðslukortamarkaði skuldbindur Borgun sig til að grípa til sérstakra ráðstafana er lúta að aðskilnaði innan Borgunar. Er þessum aðgerðum einkum ætlað að vinna gegn því að hlutverk Borgunar sem vinnsluaðila í útgáfu greiðslukorta og aðalleyfishafa MasterCard skapi fyrirtækinu óeðlilegt samkeppnisforskot gagnvart keppinautum í færsluhirðingu.

Innan Borgunar skal greint með skýrum hætti á milli færsluhirðingarstarfsemi og útgáfustarfsemi. Með færsluhirðingarstarfsemi er átt við færsluhirðingarpjónustu, þ.m.t. samskipti og samningagerð, posaleigu og aðra þjónustu gagnvart íslenskum söluaðilum (hér eftir nefnd í einu lagi færsluhirðing). Með útgáfustarfsemi er átt við sölu, vinnslu og aðra þjónustu til íslenskra útgefenda greiðslukorta (hér eftir nefnd í einu lagi útgáfupjónusta).

Ákvæðum í grein 2.4.1 – 2.4.7 er ætlað að tryggja nauðsynlegan aðskilnað milli færsluhirðingar og útgáfustarfsemi Borgunar og eru m.a. til stuðnings og fyllingar þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008, sbr. og sátt Borgunar (þá Kreditkorts hf.) við Samkeppniseftirlitið í því máli.

2.4.1

Aðskilnaður innan Borgunar og heildarstefna

Starfsemi færsluhirðingar Borgunar og útgáfupjónustu Borgunar skal fara að öllu leyti fram með aðskildum hætti.

Viðskiptastefna Borgunar á sviði færsluhirðingar skal mótuð með sjálfstæðum hætti. Með sama hætti skal viðskiptastefna Borgunar á sviði útgáfupjónustu mótuð með sjálfstæðum hætti. Byggt skal á almennum rekstrarlegum forsendum hvað varðar þá þjónustu sem boðin er, um aðgengi að henni, gæði hennar og verðlagningu.

Í kostnaðarútreikningum, kynningu, markaðs- og söluaðgerðum, verðlagningu og skilmálum skal kortaútgáfa Borgunar innanlands annars vegar og færsluhirðing innanlands hins vegar vera aðgreind hvor frá annarri. Tekið skal tillit til þessa í samningum og reikningagerð til viðskiptavina á öllum mörkuðum sem Borgun starfar á innanlands þannig að ólíkir þjónustupættir séu aðgreindir og óháðir hver öðrum í verði og skilmálum.

Ákvæði sáttarinnar hafa ekki áhrif á heimild færsluhirðingar og útgáfupjónustu Borgunar til þess að sækja sér almenna stoðþjónustu til þeirra sviða innan Borgunar sem sinna eingöngu stoðþjónustu, að því gefnu að farið sé að ákvæðum sáttar þessar um aðskilnað að öðru leyti.

Jafnframt skal Borgun heimilt að móta viðskiptastefnu fyrir félagið í heild þar sem tekið er mið af heildarhagsmunum þess að svo miklu marki sem það samrýmist ákvæðum sáttarinnar.

2.4.2

Raunlægur aðskilnaður færsluhirðingar og útgáfubjónustu

Starfsemi færsluhirðingar og útgáfubjónustu skal fara fram í vinnurýmum sem aðskilin eru frá annarri starfsemi með fullnægjandi rekjanlegri aðgangsstýringu. Tryggt skal að starfsmenn færsluhirðingar hafi ekki aðgang að vinnurými útgáfubjónustu og öfugt.

Tryggt skal að starfsemi færsluhirðingar og útgáfubjónustu nýti ekki sömu jaðartæki, s.s. prentara og ljósritunarvélar.

2.4.3

Aðgangur að tölvu- og upplýsingakerfum

Borgun skal með fullnægjandi aðgerðum tryggja að aðgengi að tölvu- og upplýsingakerfum fyrir útgáfubjónustu sé einungis veitt þeim starfsmönnum Borgunar (og verktökum) er nauðsynlega þurfa aðgengi vegna starfa sinna við útgáfubjónustu.

Borgun skal með fullnægjandi aðgerðum tryggja að aðgengi að tölvu- og upplýsingakerfum fyrir færsluhirðingu sé einungis veitt þeim starfsmönnum Borgunar (og verktökum) er nauðsynlega þurfa aðgengi vegna starfa sinna sem tengjast færsluhirðingu.

Borgun skal tryggja sérstaklega að starfsmönnum sem vinna að sölu og markaðssetningu á færsluhirðingu verði ekki veittur aðgangur að tölvu- og upplýsingakerfum sem tengjast útgáfubjónustu. Borgun skal með sama hætti tryggja sérstaklega að starfsmönnum sem vinna að sölu og markaðssetningu á útgáfubjónustu verði ekki veittur aðgangur að tölvu- og upplýsingakerfum fyrir færsluhirðingu.

Framangreint skal tryggt með rekjanlegri aðgangsstýringu að tölvukerfum Borgunar.

2.4.4

Vernd og miðlun upplýsinga

Borgun skal með fullnægjandi aðgerðum tryggja að viðskiptalegar upplýsingar sem skráðar eru í tölvu- og upplýsingakerfum Borgunar fyrir útgáfubjónustu sem og upplýsingar sem unnar eru úr gögnum í áðurnefndum kerfum berist ekki aðilum sem vinna að færsluhirðingu hjá Borgun. Dæmi um upplýsingar af þessu tagi eru viðskiptakjör útgefenda og upplýsingar um veltu eða kjör viðskiptavina keppinauta Borgunar í færsluhirðingu. Öll vinnsla slíkra upplýsinga skal vera í þágu hvers útgefanda greiðslukorta fyrir sig. Utan ákvæðis þessa fellur miðlun upplýsinga sem ætlaðar eru til opinberrar birtingar. Einnig skal tryggt að upplýsingar berist ekki milli viðskiptavina útgáfubjónustu.

Borgun skal með fullnægjandi aðgerðum tryggja að viðskiptalegar upplýsingar sem skráðar eru í tölvu- og upplýsingakerfum Borgunar fyrir færsluhirðingu sem og upplýsingar sem unnar eru úr gögnum í áðurnefndum kerfum berist ekki aðilum sem vinna að útgáfubjónustu hjá Borgun. Dæmi um upplýsingar af þessu tagi er velta og viðskiptakjör söluaðila. Öll vinnsla slíkra upplýsinga skal vera í þágu viðkomandi seljanda vöru og þjónustu. Utan ákvæðis þessa fellur miðlun upplýsinga sem ætlaðar eru til opinberrar birtingar.

Aðilum sem vinna að útgáfubjónustu hjá Borgun, hvort sem það eru stjórnendur, starfsmenn útgáfubjónustu, starfsmenn stoðsviða eða starfsmenn annarra sviða, skal óheimilt að greina þeim sem vinna að færsluhirðingu hjá Borgun frá fyrirspurnum eða umsóknum annarra færsluhirða er til Borgunar berast.

Aðilum sem vinna við útgáfubjónustu er óheimilt að taka við eða óska eftir viðskiptalegum upplýsingum frá færsluhirðingu.

Aðilum sem vinna við færsluhirðingu er óheimilt að að taka við eða óska eftir viðskiptalegum upplýsingum frá útgáfubjónustu.

2.4.5

Innri reglur og undirritun trúnaðaryfirlýsinga

Borgun skal kveða á um, með innri reglum um aðskilnað og með trúnaðaryfirlýsingum starfsmanna, að viðskiptalegar upplýsingar skv. gr. 2.4.4 berist ekki milli færsluhirðingar og útgáfubjónustu. Það skal vera á ábyrgð stjórnar félagsins að ganga frá trúnaðaryfirlýsingum gagnvart þeim starfsmönnum sem aðgang hafa að viðkvæmum upplýsingum samkvæmt þessari grein.

Starfsmenn færsluhirðingar og útgáfubjónustu skulu einnig undirrita sérstaka yfirlýsingu þar sem fram kemur að þeir hafi kynnt sér fyrirmæli sáttar þessarar, m.a. um aðskilnað færsluhirðingar og útgáfubjónustu og þeir skuldbindi sig til þess að starfa í samræmi við fyrirmæli þessarar sáttar.

2.4.6

Önnur almenn ákvæði

Verkferlar og samskipti stoðsviða og yfirstjórnar Borgunar við starfsmenn sem vinna að útgáfubjónustu hjá Borgun skulu taka mið af þeim aðskilnaði starfseminnar sem áskilinn er í sátt þessari þannig að tryggt sé að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berist ekki frá útgáfubjónustu til færsluhirðingar gegnum þriðja aðila innan fyrirtækisins.

Verkferlar og samskipti stoðsviða og yfirstjórnar Borgunar við starfsmenn sem vinna að færsluhirðingu hjá Borgun skulu taka mið af þeim aðskilnaði starfseminnar sem áskilinn er í sátt þessari þannig að tryggt sé að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berist ekki frá færsluhirðingu til útgáfubjónustu gegnum þriðja aðila innan fyrirtækisins.

Yfirstjórn Borgunar og starfsmönnum stoðsviða er óheimilt miðla upplýsingum skv. gr. 2.4.4 milli færsluhirðingar og útgáfubjónustu.

2.4.7

Tímamörk fyrir aðskilnað innan Borgunar

Borgun skal innan sex mánaða frá undirritun sáttar þessarar ljúka öllum aðgerðum til að tryggja nauðsynlegan aðskilnað innlendrar færsluhirðingar og útgáfubjónustu, svo sem nánar er kveðið á um í sátt þessari.

2.5

Samskipti og þjónusta Borgunar við útgefendur greiðslukorta

Borgun skal tryggja að viðskiptalegar upplýsingar sem tengjast einum viðskiptavini fyrirtækisins í útgáfupjónustu berist ekki öðrum viðskiptavinum fyrirtækisins á þessu sviði, sbr. einnig gr. 2.4.4

Borgun er óheimilt að mismuna útgefendum hvað varðar vinnsluþjónustu á sviði útgáfu. Með mismunun er átt við ómálefnalegar viðskiptalegar hindranir sem fela í sér að jafnræði viðskiptavina er ekki virt.

Nú er Borgun undir yfirráðum fjármálafyrirtækis sem m.a. hefur með höndum greiðslukortakortautgáfu (hér eftir nefndur *eigandi*), og skulu þá eftirfarandi reglur taka til Borgunar:

2.5.1

Stjórnarmenn í Borgun skulu vera óháðir eiganda. Þeir skulu teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá eiganda, framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn hjá fyrirtækjum þar sem eigandinn eða dótturfélög eiga meira en 15% eignarhlut, eru ekki makar stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá framangreindum aðillum eða skyldir þeim í beinan legg. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður eiganda eða tengdum félögum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði.

2.5.2

Framkvæmdastjóri Borgunar og lykilstarfsmenn skulu vera óháðir eiganda. Þeir teljast óháðir ef þeir eru ekki stjórnarmenn hjá eiganda eða fyrirtækjum þar sem eigandinn eða dótturfélög eiga meira en 15% eignarhlut, eru ekki makar stjórnarmanns eða lykilstarfsmenn hjá framangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg.

Orðið „lykilstarfsmaður“ í ákvæðum þessum vísar til einstaklings í stjórnunarstarfi sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu þess fyrirtækis sem hann starfar fyrir.

2.5.3

Viðskiptastefna Borgunar skal byggð á almennum rekstrar- og viðskiptalegum forsendum hvað varðar þá þjónustu sem boðin er, aðgengi að henni, gæði hennar og verðlagningu. Stjórn og starfsmönnum eiganda skal vera óheimilt að beita sér með nokkrum þeim hætti sem dregið getur úr viðskiptalegu sjálfstæði Borgunar eða takmarkað samkeppni á þeim mörkuðum þar sem fyrirtækið starfar. Er Borgun (þ.m.t. stjórn og starfsmenn fyrirtækisins) þannig m.a. óheimilt að taka við frá eiganda fyrirmælum, tilmælum eða ábendingum sem miða að eða geta haft skaðleg áhrif á samkeppni. Að sama skapi er eiganda óheimilt að beina slíkum fyrirmælum, tilmælum eða ábendingum til Borgunar.

2.5.4

Hvers konar samþætting þjónustubátta, þ.m.t. vöndlun og samtvinnun, Borgunar og eiganda er óheimil. Þetta tekur þó ekki til viðskiptalegrar samvinnu sem af hálfu Borgunar stendur öllum kortaútgefendum til boða.

Starfsstöðvar eigandans og kortafyrirtækis skulu vera aðgreindar og er báðum aðilum óheimilt að samnýta starfsfólk og stöðþjónustu hvor annars. Innri endurskoðanda móðurfélags er þó heimilt að gegna starfi innri endurskoðanda Borgunar þegar móðurfélagið er fjármálafyrirtæki sem fara skal að leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlits um innri endurskoðun (nú tilmæli nr. 2/2011).

2.5.5

Öll viðskipti milli eiganda, dótturfélaga hans eða tengdra aðila og Borgunar skulu vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti milli ótengdra aðila sé að ræða. Með viðskiptum er m.a. átt við viðskipti er tengjast færsluhirðingu, vinnslu á sviði kortaútgáfu, ut anumhaldi um leyfi sem tengjast kortaútgáfu og hvers konar úrvinnslu í tengslum við kortaútgáfu og færsluhirðingu.

Borgun skal tryggja að keppinautar eiganda hafi jafnan aðgang að þjónustuframboði fyrirtækisins á sömu forsendum og eigandinn hefur.

2.5.6

Eiganda er óheimilt að óska eftir því að Borgun afli fyrir hann (bankann) eða miðli til hans eða annarra neins konar trúnaðarupplýsingum. Undir þetta falla m.a. viðkvæmar upplýsingar um núverandi eða mögulega keppinauta eiganda, um núverandi og mögulega markaði þar sem eigandinn starfar og um núverandi og mögulega viðskiptavini eiganda, (þ.m.t. viðskiptavini kortafyrirtækisins). Borgun er óheimilt að verða við beiðnum eiganda um framangreinda upplýsingagjöf. Undanskilið ákvæði þessu er upplýsingagjöf í tengslum við innri endurskoðun sbr. gr. 2.5.4.

2.6

Þjónusta Borgunar við aðra færsluhirða

Útgáfupjónustu Borgunar og öðrum starfsmönnum Borgunar sem koma að þjónustu við færsluhirða skal óheimilt að mismuna færsluhirðum. Með mismunun er átt við ómálefnalegar viðskiptalegar hindranir sem fela í sér að jafnræði viðskiptavina er ekki virt. Einnig skal tryggt að upplýsingar tengdar slíkum viðskiptum berist ekki til færsluhirðingar Borgunar eða annarra fyrirtækja.

3.

Eftirlit o.fl.

Borgun skal grípa til eftirfarandi ráðstafana til að tryggja að farið sé að þeim fyrirmælum sem hvíla á fyrirtækinu á grundvelli samkeppnislaga:

3.1

Innri úttekt

Við lok hvers reikningsárs skal fara fram innri úttekt Borgunar á því hvort fyrirmælum um aðskilnað í sátt þessari hafi verið fylgt. Úttektin skal sérstaklega fela í sér könnun á því hvort aðgangur starfsmanna að vinnurýmum og tölvukerfum hafi verið í samræmi við

fyrirmæli sáttarinnar. Úttekin skal unnin undir umsjón stjórnar og skal birta hana óháðum kunnáttumanni skv. grein 3.2.

3.2

Óháður kunnáttumaður og upplýsingaskylda

Borgun skal, innan tveggja mánaða frá undirritun sáttar þessarar, tilnefna óháðan kunnáttumann til að hafa eftirlit með því að skilyrðum sáttarinnar sé fylgt eftir. Skal hann vera óháður í skilningi 2. mgr. og hafa þekkingu sem gerir honum kleift að annast hlutverk sitt samkvæmt 3. mgr. Borgun skal bera allan kostnað af starfi kunnáttumanns. Samkeppniseftirlitið skal samþykkja tilnefninguna innan þriggja mánaða frá tilnefningu og skal kunnáttumaðurinn skipaður til tveggja ára í senn.

Kunnáttumaður telst óháður ef hann eru ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá Borgun eða aðila sem hefur yfirráð yfir Borgun, er ekki maki stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá framangreindum aðilum eða skyldur þeim í beinan legg. Einnig telst kunnáttumaður óháður ef hann er ekki verulega háður framangreindum aðilum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði.

Í megindráttum skal hlutverk kunnáttumanns vera eftirfarandi:

- Hafa eftirlit með því að einstök fyrirmæli sáttarinnar séu virt.
- Yfirfara innri úttekt skv. grein 3.1 og staðfesta hvort hún teljist vera fullnægjandi.
- Leggja sérstaklega mat á hvort Borgun hafi gripið til fullnægjandi ráðstafana í því skyni að tryggja að markmið og skilyrði varðandi aðskilnað nái fram að ganga.
- Leggja mat á hvort Borgun hafi gripið til fullnægjandi ráðstafana til að uppfylla önnur skilyrði sáttarinnar, þ.m.t. varðandi lækkun söluaðilapóknana.
- Verði Borgun undir yfirráðum fjármálafyrirtækis sem m.a. hefur með höndum greiðslukortakortagáfu skal haft eftirlit með því að samskipti og tengsl fyrirtækisins við þann eiganda sé í samræmi við fyrirmæli sáttarinnar.
- Greina Samkeppniseftirlitinu frá því ef hann verður var við að skilyrði sáttar þessarar kunni að hafa verið brotin eða vísbendingar séu um að markmið hennar séu ekki að ná fram að ganga.

Kunnáttumaður skal með reglubundnum hætti hafa eftirlit með því að skilyrðum þessarar sáttar sé framfylgt og upplýsa Samkeppniseftirlitið um eftirlit sitt í einu sinni á ári, fyrst í október 2015. Kunnáttumaður skal við upphaf starfs síns greina Samkeppniseftirlitinu frá því með hvaða hætti hann mun sinna hinu reglubundna eftirliti. Skal hann í því skyni setja sér verkáætlun og endurskoða hana í tengslum við reglubundna upplýsingagjöf sína til Samkeppniseftirlitsins.

Borgun skal veita kunnáttumanni þær upplýsingar sem hann óskar eftir og hann telur varða framangreint eftirlit sitt. Kunnáttumaður skal undirrita yfirlýsingu um að hann muni gæta trúnaðar um viðkvæmar upplýsingar sem honum eru látnar í té. Trúnaðarskyldan tekur ekki til upplýsingagjafar kunnáttumanns til Samkeppniseftirlitsins.

3.3

Samkeppnisréttaráætlun

Þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari skulu vera kynnt fyrir starfsmönnum Borgunar, hluthöfum og hlutaðeigandi stjórnarmönnum.

Borgun skal tryggja að allir stjórnarmenn, stjórnendur og þeir starfsmenn Borgunar sem við á séu að fullu upplýstir um þær kröfur sem samkeppnisreglur gera til starfsemi fyrirtækja á samkeppnismarkaði. Þá skal eftirfarandi m.a. tryggt í þessu sambandi:

- Að innleidd verði samkeppnisréttaráætlun fyrir Borgun.
- Að samkeppnisréttaráætlun sé haldið við og starfsmenn félagsins séu upplýstir um hana.
- Að samkeppnisréttaráætlun taki m.a. til þess að tryggja að viðkomandi starfsmenn og stjórnendur fari að fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari og í eldri úrlausnum samkeppnisyfirvalda. Jafnframt að tryggt verði eftir föngum að viðkomandi stjórnendur og starfsmenn grípi ekki til samskonar aðgerða og talin hafa verið ólögmæt í eldri málum.
- Að útbúnir verði verkferlar sem tryggja stöðuga framkvæmd samkeppnisréttaráætlunar.
- Að skipulögð fræðsla um samkeppnisreglur fari fram reglulega hjá félaginu fyrir helstu starfsmenn þeirra.

4.

Sekt

Það er Borgun til málsbóta að undir sáttameðferð komu fram gögn sem gefa til kynna að Kreditkort, síðar Borgun, og Glitnir banki (síðar Íslandsbanki) hafi gert ráðstafanir sem miðuðu að mismunandi útfærslum á milligjöldum og því leyti fráhrifar frá einhliða ákvörðun milligjalda. Borgun hefur fallist á að hlíta viðurhlutamiklum fyrirmælum sem lúta að breytingum á skipulagi á þeim markaði sem um ræðir. Með þessum breytingum er stuðlað að því að markmið um virka samkeppni náist. Borgun hefur sýnt góðan samstarfsvilja og stytt mjög rannsókn og málsmeðferð samkeppnisyfirvalda. Að teknu tilliti til þessa og til að efla varnaðaráhrif og stuðla að virkri samkeppni er hæfilegt að Borgun greiði 120 milljónir króna í stjórnvaldssekt.

5.

Endurskoðun

Ákvæði sáttar þessarar um aðgerðir fela í sér breytingar á skipulagi greiðslukortamarkaðar. Í því sambandi er m.a. höfð hliðsjón fyrirhugaðri reglugerð ESB um lækkun milligjalda í greiðslukortaviðskiptum og af mikilvægi þess að stuðla að jöfnum samkeppnisskilyrðum á greiðslukortamarkaði hér á landi.

Verði einhverjar breytingar í starfs- og/eða markaðsumhverfi Borgunar sem geta haft áhrif á þá þætti sem fjallað er um í sátt þessari eru aðilar sammála um að nauðsynlegt sé taka til athugunar hvort rétt sé gera breytingar á fyrirmælum þessarar sáttar.

6.

Kynning o.fl.

Forstjóri Borgunar og stjórnarmenn skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér sátt þessa og skilyrði hennar og skuldbindi sig til þess að framfylgja þeim. Þar skal jafnframt koma fram almenn lýsing á því hvernig skyldum stjórnarmanna verði fylgt. Þá skulu helstu stjórnendur félagsins og aðrir viðeigandi starfsmenn undirrita yfirlýsingu sama efnis. Í þessum yfirlýsingum skal taka fram hverju það varði ef starfsmaður eða stjórnarmaður fer gegn sátt þessari. Þessar yfirlýsingar eru til viðbótar þeim sem þegar hafa verið tilgreindar í sátt þessari.

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Með sátt þessari er að fullu lokið afskiptum Samkeppniseftirlits af þeim málefnum Borgunar sem tiltekin voru í skjali til andmæla, dags. 8. mars 2013. Jafnframt lýsir Samkeppniseftirlitið því yfir að það muni ekki taka til frekari rannsóknar gagnvart Borgun málefni þau sem lýst er í andmælaskjalinu, hvort sem er vegna tímabila fyrir tímamark rannsóknar sem greinir í skjali dags. 8. mars 2013, eða vegna síðari tímabila, og allt fram til dagsetningar sáttar þessarar.

Sátt þessi er gerð með fyrirvara um afstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) hvað varðar beitingu 53. gr. EES-samningsins.

Reykjavík, 19. ágúst 2014

f.h. Samkeppniseftirlitsins

f.h. Borgunar hf.

Páll Gunnar Pálsson

SÁTT **Samkeppniseftirlitsins og Íslandsbanka hf.**

**vegna rannsóknar á brotum Arion banka hf., Borgunar hf., Íslandsbanka hf.,
Landsbankans hf. og Valitors hf. á samkeppnislögum**

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandi, 104 Reykjavík og Samkeppniseftirlitið hafa gert með sér eftirfarandi sátt í samræmi við 17. gr. f samkeppnislaga nr. 44/2005 og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Með sátt þessari er viðurkennt að tiltekin framkvæmd á greiðslukortamarkaði hafi ekki verið í samræmi við 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins, fallist er á greiðslu sektar og á að ráðast í tilteknar aðgerðir sem eru til þess fallnar að efla samkeppni á greiðslukortamarkaði.

1.

Brot

Valitor hf. (áður VISA Íslands – Greiðslumiðlun hf.) og Borgun hf. (áður Kreditkort hf.) eru samtök fyrirtækja samkvæmt 12. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Glitnir (og forverar fyrirtækisins) fól annars vegar Valitor og hins vegar Borgun að ákveða fjárhæð þóknunar (milligjald) sem greidd er útgefendum greiðslukorta í tengslum við notkun greiðslukorta (VISA, Electron, MasterCard og Maestro kort) í viðskiptum hjá íslenskum söluaðilum. Þessi framkvæmd við ákvörðun milligjalds fór gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Framkvæmdin viðgekkst áfram í starfsemi Íslandsbanka sem tók við innanlandsstarfsemi Glitnis.

Glitnir gaf út VISA kreditkort á grundvelli samnings við Valitor. Af þeim samningi leiddi að Valitor ákvað viðskiptakjör og skilmála við veitingu vildarpunkta vegna notkunar íslenskra VISA kreditkorta hjá íslenskum söluaðilum. Þessi framkvæmd fór gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Framkvæmdin viðgekkst áfram í starfsemi Íslandsbanka sem tók við innanlandsstarfsemi Glitnis.

Framangreind tilvik áttu sér stað á tímabilinu 1. janúar 2007 til 31. desember 2009.

2.

Aðgerðir

Til að stuðla að virkri samkeppni á mörkuðum tengdum greiðslukortastarfsemi sem Íslandsbanki starfar á fellst bankinn á að hlíta eftirfarandi í starfsemi sinni:

2.1

Lækkun milligjalda

Íslandsbanki fellst á að milligjöld sem greidd eru bankanum vegna notkunar greiðslukorta verði undir tilteknu hámarki sem tiltekið er í ákvæði þessu.

Íslandsbanki fellst á að hámarksmilligjöld verði 0,60% fyrir kreditkort og 0,20% fyrir debetkort frá og með 1. maí 2015 fyrir öll neytendagreiðslukort (e. consumer cards) sem gefin eru út undir vörumerkjum VISA og MasterCard (þ.e. VISA, Electron, MasterCard og Maestro).

Framangreint hámark tekur til allra neytendagreiðslukortaviðskipta hjá íslenskum söluaðilum, óháð því hvort greitt er á sölustað, með boðgreiðslum, gegnum internetið, með farsíma eða með öðrum snertilausum hætti. Ekki skal gerður greinarmunur á milligjöldum eftir því hvort um örgjörva er að ræða í kortum eða ekki.

Íslandsbanki fellst á fyrir sitt leyti, og stuðlar að því, að ofangreind hámark komi fram í landstöflum fyrir Ísland hjá VISA Europe og MasterCard Worldwide. Íslandsbanki mun fyrir sitt leyti óska eftir því við umrædda aðila að landstöflum fyrir Ísland verði breytt til samræmis við efni þessa ákvæðis sáttarinnar. Fyrir liggur að það er ekki á forræði Íslandsbanka að breyta umræddum landstöflum einhliða.

Taki ákvæði fyrirhugaðrar reglugerðar ESB um lækkun milligjalda í greiðslukortaviðskiptum (e. *proposal for a regulation of the European Parliament and of the Council on interchange fees for card-based payment transactions*) gildi hér á landi, á grundvelli skuldbindinga skv. EES-samningnum ganga hámark þeirrar reglugerðar framfar þeim hámarkum sem tilgreind eru í sátt þessari.

2.2

Hagræðing og gagnsæi

Sátt þessi felur í sér breytingar á skipulagi greiðslukortamarkaðar. Í tengslum við það fellst Íslandsbanki á að reyna eins og kostur er að hagræða í þeim rekstri bankans sem tengist kortaútgáfu og þjónustu við korthafa með það að markmiði að veita sem hagkvæmasta þjónustu á þessu sviði og takmarka eins og unnt er hækkunar þjónustugjalda gagnvart korthöfum. Þá skuldbindur bankinn sig ennfremur til að tryggja að breytingar á þjónustugjöldum eða viðskiptakjörum komi fram með gagnsæjum hætti í verðskrá og skilmálum bankans. Skal korthöfum vera tilkynnt um slíkar breytingar með skýrum hætti.

Frá undirritun þessarar sáttar og þar til 6 mánuðir eru liðnir frá þeirri lækkun milligjalda sem mælt er fyrir um í ákvæði 2.1. skuldbindur bankinn sig til að taka ekki upp ný gjöld eða hækka gjöld gagnvart korthöfum, nema slíkum hækkunum verði ekki mætt með hagræðingu í rekstri og þær megí með sannanlegum hætti rekja til ytri aðstæðna, svo sem hækkana frá birgjum eða vaxtahækkana. Þessi skuldbinding takmarkar ekki heimild bankans til að markaðssetja nýja vöru eða þjónustu sem gjald yrði tekið fyrir.

2.3

Bann við samræmingu gjalda og skilmála

Íslandsbanki skal ekki eiga aðild að beinni eða óbeinni samræmingu milligjalda eða annarra þóknana, með öðrum útgefendum greiðslukorta, sem m.a. leggjast á söluaðila gegnum þóknun færsluhirða hjá söluaðilum vöru og þjónustu.

Íslandsbanki skal ekki eiga aðild að beinni eða óbeinni samræmingu skilmála og viðskiptakjara korthafa, hverju nafni sem kunna að nefnast, með öðrum útgefendum greiðslukorta.

2.4

Breyting á eignarhaldi kortafyrirtækja

Íslandsbanki, eða félög undir yfirráðum bankans, skulu ekki eiga eignarhlut í fyrirtæki sem hefur með höndum færsluhirðingu, útgáfu greiðslukorta eða vinnsluþjónustu vegna útgáfu greiðslukorta ef viðkomandi fyrirtæki er jafnframt í eigu annars viðskiptabanka eða félags undir yfirráðum hans. Ákvæði þetta tekur þó ekki til Reiknistofu bankanna hf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2012.

Íslandsbanka er heimilt að leita samninga við Landsbankann um að annar bankinn kaupi út hlut hins eða um sölu á hlut beggja eða annars hvors til þriðja aðila. Takist ekki samningar um slíkt innan [...] ¹ frá dagsetningu sáttarinnar vegna málefnalegs ágreinings varðandi einstök atriði, þá getur Íslandsbanki boðið Landsbankanum að taka þátt í uppboðsfyrirkomulagi þar sem báðir hluthafar gera tilboð í hlut hins. Sá sem hærra býður kaupir þá hlut hins.

Takist ekki samningar við Landsbankann samkvæmt framansögðu mun Íslandsbanki vinna að ásættanlegri lausn á eignarhaldi Borgunar í samvinnu við Samkeppniseftirlitið í því skyni að tryggja að ákvæði 1. mgr. um breytingar á eignarhaldi nái fram að ganga. Þeim breytingum skal lokið eigi síðar en innan [...] ² frá dagsetningu sáttarinnar

2.5

Tengsl og viðskipti kortafyrirtækis við eiganda

Verði Borgun undir yfirráðum Íslandsbanka, skal viðskiptasamband bankans við Borgun alfarið byggjast á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum og vera líkt og um óskylda aðila sé að ræða.

Grein 2.5 á aðeins við ef Borgun verður undir yfirráðum Íslandsbanka:

2.5.1

Stjórnarmenn í Borgun skulu vera óháðir Íslandsbanka. Þeir skulu teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá bankanum eða fyrirtækjum sem bankinn hefur yfirráð yfir, eru ekki makar stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá framangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður Íslandsbanka eða tengdum félögum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði.

2.5.2

Framkvæmdastjóri Borgunar og lykilstarfsmenn skulu vera óháðir Íslandsbanka. Þeir teljast óháðir ef þeir eru ekki stjórnarmenn hjá Íslandsbanka eða fyrirtækjum sem

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

bankinn hefur yfirráð yfir, eru ekki makar stjórnarmanns eða lykilstarfsmenn hjá framangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg.

Orðið „lykilstarfsmaður“ í ákvæðum þessum vísar til einstaklings í stjórnunarstarfi sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu þess fyrirtækis sem hann starfar fyrir.

2.5.3

Viðskiptastefna Borgunar skal byggð á almennum rekstrarlegum forsendum hvað varðar þá þjónustu sem boðin er, aðgengi að henni, gæði hennar og verðlagningu. Stjórn og starfsmönnum Íslandsbanka skal vera óheimilt að beita sér með nokkrum þeim hætti sem dregið getur úr viðskiptalegu sjálfstæði Borgunar eða takmarkað samkeppni á þeim mörkuðum þar sem fyrirtækið eða bankinn starfar. Er bankanum þannig m.a. óheimilt að beina fyrirætlum, tilmælum eða ábendingum til stjórnar eða starfsmanna Borgunar sem miða að eða geta haft skaðleg áhrif á samkeppni. Með þessu er hins vegar ekki takmörkuð heimild til að leggja áhættustefnu Borgunar fram á hluthafafundi félagsins til samþykktar/synjunar.

2.5.4

Hvers konar samþætting þjónustupátta, þ.m.t. vöndlun og samtvinnun, Borgunar og Íslandsbanka er óheimil. Þetta tekur þó ekki til viðskiptalegrar samvinnu sem af hálfu Borgunar stendur öllum kortaútgefendum til boða.

Starfsstöðvar bankans og Borgunar skulu vera aðgreindar og er báðum aðilum óheimilt að samnýta starfsfólk og stoðþjónustu hvor annars. Í þessu felst ekki takmörkun á heimildum innri endurskoðanda bankans til starfa innan Borgunar.

2.5.5

Öll viðskipti milli bankans, dótturfélaga hans eða tengdra aðila og Borgunar skulu vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti milli ótengdra aðila sé að ræða. Með viðskiptum er m.a. átt við viðskipti er tengjast færsluhirðingu, vinnslu á sviði kortaútgáfu, utanumhaldi um leyfi sem tengjast kortaútgáfu og hvers konar úrvinnslu í tengslum við kortaútgáfu og færsluhirðingu.

2.5.6

Íslandsbanka er óheimilt að óska eftir því að Borgun afli fyrir bankann eða miðli til bankans eða annarra neins konar trúnaðarupplýsingum. Undir þetta falla m.a. viðkvæmar upplýsingar um núverandi eða mögulega keppinauta bankans, um núverandi og mögulega markaði þar sem bankinn starfar og um núverandi og mögulega viðskiptavinum bankans (þ.m.t. viðskiptavinum kortafyrirtækisins). Hér undir falla hins vegar ekki upplýsingaskipti sem leiða má af lögum og reglum sem fjármálaþyriræki eru bundin af.

2.5.7

Íslandsbanka er óheimilt að grípa til ráðstafana sem ætlað er að vinna gegn því að framkvæmdastjóri, stjórnarmenn eða lykilstarfsmenn Borgunar geti stuðlað að því að Borgun starfi í samræmi við sátt þessa.

2.5.8

Óháður kunnátturmaður, sem starfar á grundvelli sáttar Samkeppniseftirlitsins við Borgun, hefur eftirlit með samskiptum og tengslum Borgunar og Íslandsbanka. Íslandsbanki skal veita kunnáttumanni þær upplýsingar sem hann óskar eftir og hann telur varða framangreint eftirlit sitt. Kunnáttumaður skal undirrita yfirlýsingu um að hann muni gæta trúnaðar um viðkvæmar upplýsingar sem honum eru látnar í té. Trúnaðarskyldan tekur ekki til upplýsingagjafar kunnáttumanns til Samkeppniseftirlitsins.

3.

Sekt

Við ákvörðun sekta hefur verið litið til þess að Íslandsbanki hefur ekki áður gerst brotlegur við ákvæði samkeppnislaga. Það er Íslandsbanka til málsbóta að undir sáttameðferð komu fram gögn sem gefa til kynna að bankinn og Kreditkort, síðar Borgun, hafi gert ráðstafanir sem miðuðu að mismunandi útfærslum á milligjöldum og að því leyti fráhrarf frá einhliða ákvörðun milligjalda. Af hálfu Íslandsbanka er lögð á það áhersla að í málinu sé ekkert sem bendi til þess að starfsmenn bankans hafi verið í vondri trú um lögmæti þeirra samninga sem gerðir voru við færsluhirða. Í málinu hafa ekki komið fram gögn eða upplýsingar sem benda til hins gagnstæða. Íslandsbanki hefur fallist á að hlíta viðurhlutamiklum fyrirmælum sem lúta að breytingum á skipulagi á þeim markaði sem um ræðir. Með þessum breytingum er stuðlað að því að markmið um virka samkeppni náist. Íslandsbanki hf. hefur sýnt góðan samstarfsvilja og stytt mjög rannsókn og málsmeðferð samkeppnisyfirvalda. Þá er litið til þess að Íslandsbanki var fyrstur málsaðila til að sætta málið og leiðir það til lægri sektar en ella, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2005. Að teknu tilliti til þessa er hæfilegt að Íslandsbanki greiði 380 milljónir króna í stjórnvaldssekt.

4.

Endurskoðun

Ákvæði sáttar þessarar um aðgerðir fela í sér breytingar á skipulagi greiðslukortamarkaðar. Í því sambandi er m.a. höfð hliðsjón af fyrirhugaðri reglugerð ESB um lækkun milligjalda í greiðslukortaviðskiptum og af mikilvægi þess að stuðla að jöfnum samkeppnisskilyrðum á greiðslukortamarkaði hér á landi.

Verði einhverjar breytingar sem geta haft áhrif á framangreint eru aðilar sammála um að nauðsynlegt sé að taka til athugunar hvort rétt sé að gera breytingar á fyrirmælum þessarar sáttar. Dæmi um slíkar breytingar sem kallað geta á endurskoðun fyrirmæla sáttarinnar um hámark milligjalds er að ekki verði unnt fyrir 1. maí 2015 að innleiða almennt hámark á milligjöldvegna notkunar MasterCard og VISA greiðslukorta hér á landi eða að breytingar verði á áformum ESB að því er varðar setningu hámarka á milligjöld.

5.

Kynning o.fl.

Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra (forstjóra) og lykilstarfsmönnum í Íslandsbanka skal kynnt efni sáttar þessarar. Skulu þeir undirrita yfirlýsingu þar sem þeir skuldbinda sig til að starfa eftir sáttinni.

Íslandsbanki skal fyrir 1. janúar 2015 upplýsa Samkeppniseftirlitið um framkvæmd á framangreindum skilyrðum.

Brot á þessum skilyrðum varða viðurlögum skv. samkeppnislögum.

Öll ákvæði í sátt þessari sem tengjast yfirlitum Íslandsbanka yfir Borgun skulu jafnframt gilda um öll fyrirtæki sem eru undir yfirlitum Íslandsbanka og taka við þeirri starfsemi, eða hluta hennar, sem Borgun sinnir við undirritun sáttar þessarar.

Með sáttinni er lokið rannsókn gagnvart Íslandsbanka sem varð tilefni andmælaskjals sem birt var aðilum á greiðslukortamarkaði 8. mars 2013. Sáttin tekur til allra tilvika sem rakin eru í andmælaskjalinu og lutu að Íslandsbanka á skilgreindu rannsóknartímabili og fram að undirritun sáttarinnar. Ekki kemur til kæru skv. 9. gr. eða 42. gr. samkeppnislaga vegna þeirra tilvika sem tilgreind eru í áðurgreindu andmælaskjali eða sátt og varða Íslandsbanka.

Sátt þessi er gerð með fyrirvara um afstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) hvað varðar beitingu 53. gr. EES-samningsins. Í því felst að skuldbindingar Íslandsbanka og Samkeppniseftirlitsins á grundvelli sáttarinnar falla niður, fari svo að málinu verði fram haldið á vettvangi ESA.

Reykjavík, 9. júlí 2014

f.h. Samkeppniseftirlitsins

f.h. Íslandsbanka hf.

Páll Gunnar Pálsson

Samkeppniseftirlitið,
b.t. Páls Gunnars Pálssonar forstj.,
Borgartúni 26,
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. september 2014

Varðar: Athugasemdir vegna fyrirbyggjandi sáttargerða Samkeppniseftirlitsins við Íslandsbanka og Borgun – samantekt sjónarmiða vegna stöðu sáttaviðræðna við Landsbankann.

Vísað er til fundar Landsbankans með Samkeppniseftirlitinu þann 5. september sl. Til fundarins var boðað af hálfu Samkeppniseftirlitsins (SE) til að ræða stöðu og framhald viðræðna SE við Landsbankann um hugsanlega sátt vegna rannsóknar á ætluðum brotum Arion banka, Borgunar, Íslandsbanka, Landsbankans og Valitors á samkeppnislögum í svokölluðu kortamáli. Fyrir fundinn hafði Landsbankinn fengið sent bréf SE, dags. 20. ágúst sl., þar sem upplýst var að eftirlitið hefði þegar gengið frá sáttum við Íslandsbanka og Borgun í málinu og voru sáttargerðir við þá aðila sendar bankanum.

Á fundinum upplýsti Landsbankinn um þá vinnu sem unnin hefði verið innan bankans sl. vikur í tengslum m.a. við þær viðræður sem staðið hafa yfir við SE um kortamálið. Hefur sú vinna verið margþætt og m.a. lotið að ráðagerðum um eignarhald bankans í Valitor og Borgun, samningaviðræður bankans við kortafyrirtækin um útgáfuvinnslu, [REDACTED]

[REDACTED] Vinna bankans að þessum atriðum hefur tekið mið af þeim upplýsingum sem bankinn hefur fengið í viðræðum við SE um væntanlegt efni hugsanlegrar sáttar bankans við eftirlitið í kortamálinu.

Af hálfu Landsbankans var áréttað að hann hefur frá upphafi unnið af heilindum og krafti að því að skapa forsendur fyrir sátt milli bankans og SE í kortamálinu. Staða bankans sem minnihlutaeiganda í kortafyrirtækjunum Valitor og Borgun og sú áformaða þróun að Landsbankinn muni víkja útúr kortafyrirtækjunum með eignarhluti sína (til að skapa forsendur fyrir þeim málalokum að engir tveir útgefendur korta eigi eignarhluti í sama kortafyrirtækinu) hefur sett bankann í erfiða stöðu varðandi frágang málsins við SE. Mjög erfitt hefur verið fyrir bankann að ljúka málinu nema fyrir liggi hvernig staðið verði að skipulagi kortafyrirtækjanna og hvaða skilmálar eigi að gilda um samskipti þeirra við eigendur í framtíðinni. Bankinn ítrekar beiðni um upplýsingar um stöðu mála í viðræðum SE við Valitor vegna þessa.

Á fundinum setti bankinn einnig fram gagnrýni og fyrirspurnir vegna fyrirbyggjandi sáttargerða. Að beiðni SE hefur bankinn í bréfi þessu tekið saman nokkrar athugasemdir um stöðu mála í ljósi þeirra sáttar sem fyrir liggja og skýrt sjónarmið sín um framhald málsins að því er varðar Landsbankann.

1.

Í upphafi vill Landsbankinn taka fram að það kom honum á óvart að SE skyldi hafa talið rétt að ljúka sáttargerðum við Íslandsbanka og Borgun án þess að hafa gefið Landsbankanum tækifæri til að lýsa athugasemdum eða sjónarmiðum um útfærslu þeirra atriða sem þar er kveðið á um og fyrirséð er að munu skipta máli að því er varðar lausn málsins gagnvart Landsbankanum. Frá upphafi hefur Landsbankinn staðið í þeirri trú að það væri eitt meginkeppikefli SE að ljúka máli þessu með heildstæðum hætti þannig að til framtíðar yrðu sköpuð viðunandi samkeppnisskilyrði fyrir alla þátttakendur á markaðnum. Sú staðreynd að sáttir við Íslandsbanka og Borgun eru fullgerðar og undirritaðar setur framhald mála við Landsbankann í erfiða stöðu. Öðugt er t.d. að hugsa sér að Landsbankinn verði látinn sæta verulega öðrum skilyrðum en kveðið er á um í sáttunum að gildi gagnvart Íslandsbanka og Borgun. Þá telur Landsbankinn afar óeðlilegt að lokið sé sáttum við Íslandsbanka og Borgun, m.a. um fyrirkomulag eignarhalds, hvernig því verði náð og um þau skilyrði sem gilda skuli milli eiganda Borgunar og félagsins til framtíðar, án þess að bera þau atriði undir Landsbankann, í því ljósi að Landsbankinn er eigandi stórs eignarhluta í Borgun. Setur þetta bankann í erfiðari stöðu en áður varðandi framhald og frágang máls hans við SE og í framhaldinu með eigandann í Borgun.

Þá tekur Landsbankinn fram að með því að fyrirbyggjandi sáttir við Íslandsbanka og Borgun hljóta að leggja grunninn að þeim málalokum sem unnt verði að ná hvað Landsbankann varðar eru fyrirætlanir bankans og viðskiptaákvæðanir í uppnámi. Verður nánar vikið að því í tengslum við sjónarmið bankans um handstýringu milligjalda og þá staðreynd að fyrirkomulag þeirra mun ekki taka til American Express korta.

2.


Á framangreindum fundi bankans og SE var óskað eftir því að bankinn gerði grein fyrir viðhorfum sínum til efnisatriða umræddra sátta við Íslandsbanka og Borgun og tilgreindi atriði sem hann teldi þarfnast nánari skoðunar, bæði vegna þeirra sjálfra og vegna hugsanlegrar sáttargerðar við Landsbankann. Af þessu tilefni nefnir bankinn eftirfarandi atriði en áskilur sér rétt til að setja fram frekari sjónarmið í tengslum við væntanleg drög að sáttargerð við bankann þegar þau liggja fyrir:

2.1. Sátt SE við Íslandsbanka

i.




ii



iii.

Í kafla 2.4. er fjallað um breytingu á eignarhaldi kortafyrirtækja. Samkvæmt ákvæðinu skal Íslandsbanki, eða félög undir yfirráðum Íslandsbanka, ekki eiga eignarhlut í fyrirtæki sem hefur með höndum færsluhirðingu, útgáfu greiðslukorta eða vinnsluþjónustu ef viðkomandi fyrirtæki er jafnframt í eigu annars viðskiptabanka eða félags undir yfirráðum hans. Þetta felur í sér að annaðhvort Íslandsbanki eða Landsbankinn verða að selja alla eignarhluti sína í Borgun. Það fyrirkomulag sem sáttin mælir fyrir um hvernig þeirri niðurstöðu verði náð er afar veikt. Íslandsbanka er heimilt að leita samninga við Landsbankann. Takist ekki samningar getur Íslandsbanki boðið Landsbankanum að taka þátt í uppboðsferli en honum er það ekki skytt. Að endingu er það skilið eftir opið hvernig þessum breytingum á eignarhaldi verði náð með því að unnið verði að því máli í samstarfi við Samkeppniseftirlitið.

Landsbankinn bendir á að hann á verulegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta af eignarhlut sínum í Borgun (sem og Valitor). Í báðum tilvikum er bankinn minnihlutaeigandi og hefur enga stjórnarmenn í félögunum. Hann á því augljóslega undir högg að sækja í samningaviðræðum við annars vegar Íslandsbanka og hins vegar Arion banka um kaup eða sölu eignarhluta í þessum félögum til að verða við þeirri kröfu að aðeins einn viðskiptabanki megi eiga eignarhlut í þeim. Í minnisblaði Landsbankans til SE um tillögur að skilyrðum á kortafyrirtæki/eigendur í kortamáli SE var sett fram vandlega útfærð tillaga að lausn sem gæta myndi hagsmuna allra eigenda af því fyrirkomulagi sem nota mætti til að koma því ástandi á að annar eiganda keypti hinn út. Í stað þess að setja fram fyrirkomulag af því tagi eða annað á móta er málið allt skilið eftir í lausu lofti sem er mjög bagalegt fyrir Landsbankann vegna veikrar samningsstöðu hans gagnvart hinum bönkunum.

Þá vekur það athygli Landsbankans að í sátt SE við Íslandsbanka segir að Íslandsbanki megi ekki eiga eignarhlut í Borgun ef annar viðskiptabanki á hlut í félaginu. Samkvæmt því virðast önnur fjármálafyrirtæki sem standa að kortaútgáfu megi eiga hlut í félaginu með Íslandsbanka svo lengi sem þau eru ekki viðskiptabanki. Landsbankinn fær ekki séð hvaða rök standa til þessarar útfærslu. Augljóslega ættu t.d. sparisjóðir að falla hér undir.

Með vísan til framangreinds telur Landsbankinn nauðsynlegt að endurskoða sáttina við Íslandsbanka að þessu leyti og gera á henni nauðsynlegar breytingar á grundvelli 4. gr. hennar.

iv

[REDACTED]

[REDACTED]


[REDACTED]

3.

Landsbankinn óskar auk þess eftir útskýringum SE á því hvernig það fyrirkomulag á kortamarkaði sem kveðið er á um í sáttargerðum SE við Íslandsbanka og Borgun muni tryggja eðlileg samkeppnisskilyrði á markaðinum.

Landsbankinn áréttar að hann telur enn sem fyrr farsælast að samkomulag takist við SE um lok þessa máls og er bankinn reiðubúinn til áframhaldandi viðræðna um lausn málsins á þeim forsendum sem honum hafa verið kynntar en að teknu tilliti til framangreindra sjónarmiða. Væntir Landsbankinn þess að SE muni boða til frekari viðræðna um framhaldið og þau álitaefni sem að framan eru rakin.

Virðingarfyllst,


Heimir Örn Herbertsson hrl.



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Landsbankinn hf.
bt. Hallgríms Ásgeirssonar
Austurstræti 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2014

Tilv.: 1308007

Samkeppniseftirlitið vísar til fyrri samskipta við Landsbankann sem tengjast viðræðum um sátt er varðar háttsemi kortaúgefenda, Valitors og Borgunar á greiðslukortamarkaði. Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitinu verið kynnt drög að samningi um sölu á eignarhlut Landsbankans í Valitor og drög að nýjum viðskiptasamningi Landsbankans við Valitor, sbr. bréf Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins dags. 3. desember 2014. Hefur Samkeppniseftirlitið skoðað samningana með tilliti til þess hvort í þeim felist samkeppnishindrandi binding sem gengur gegn markmiðum fyrirhugaðrar sáttar. Gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við drögin vegna þessa.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Ólafur Freyr Þorsteinsson

SÁTT Samkeppniseftirlitsins og Landsbankans hf.

**vegna rannsóknar á brotum Íslandsbanka hf., Borgunar hf., Arion banka hf.,
Landsbankans hf. og Valitors hf. á samkeppnislögum**

Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 101 Reykjavík og Samkeppniseftirlitið hafa gert með sér eftirfarandi sátt í samræmi við 17. gr. f samkeppnislaga nr. 44/2005 og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Með sátt þessari er viðurkennt að tiltekin framkvæmd á greiðslukortamarkaði hafi ekki verið í samræmi við 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins, fallist er á greiðslu sektar og á að ráðast í tilteknar aðgerðir sem eru til þess fallnar að efla samkeppni á greiðslukortamarkaði.

1.

Brot

Valitor hf. (áður VISA Íslands – Greiðslumiðlun hf.) og Borgun hf. (áður Kreditkort hf.) eru samtök fyrirtækja samkvæmt 12. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Landsbanki Íslands hf. fól annars vegar Valitor og hins vegar Borgun að ákveða fjárhæð þóknunar (milligjald) sem greidd er útgefendum greiðslukorta í tengslum við notkun greiðslukorta (VISA, Electron, MasterCard og Maestro kort) í viðskiptum hjá Íslenskum söluaðilum. Þessi framkvæmd við ákvörðun milligjalds fór gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Framkvæmdin viðgekkst áfram í starfsemi Landsbankans hf. (sem nefndist NBI hf. um tíma) sem tók við innanlandsstarfsemi Landsbanka Íslands hf.

Landsbanki Íslands hf. gaf út VISA kreditkort á grundvelli samnings við Valitor. Af þeim samningi leiddi að Valitor ákvað viðskiptakjör og skilmála við veitingu vildarpunkta vegna notkunar íslenskra VISA kreditkorta hjá Íslenskum söluaðilum. Þessi framkvæmd fór gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Framkvæmdin viðgekkst áfram í starfsemi Landsbankans hf. (sem nefndist NBI hf. um tíma) sem tók við innanlandsstarfsemi Landsbanka Íslands hf.

Framangreind tilvik áttu sér stað á tímabilinu 1. janúar 2007 til 31. desember 2009.

2.

Aðgerðir

Til að stuðla að virkri samkeppni á mörkuðum tengdum greiðslukortastarfsemi sem Landsbankinn starfar á fellst bankinn á að hlíta eftirfarandi í starfsemi sinni:

2.1

Lækkun milligjalda

Landsbankinn fellst á að milligjöld sem greidd eru bankanum vegna notkunar greiðslukorta verði undir tilteknu hámarki sem tiltekið er í ákvæði þessu.

Landsbankinn fellst á að hámarksmilligjöld verði 0,60% fyrir kreditkort og 0,20% fyrir debetkort frá og með 1. maí 2015 fyrir öll neytendagreiðslukort (e. consumer cards) sem gefin eru út undir vörumerkjum VISA og MasterCard (þ.e. VISA, Electron, MasterCard og Maestro).

Framangreind háörk taka til allra neytendagreiðslukortaviðskipta hjá íslenskum söluaðilum, óháð því hvort greitt er á sölustað, með boðgreiðslum, gegnum internetið, með farsíma eða með öðrum snertilausum hætti. Ekki skal gerður greinarmunur á milligjöldum eftir því hvort um örgjörva er að ræða í kortum eða ekki.

Landsbankinn fellst á fyrir sitt leyti, og stuðlar að því, að ofangreind háörk komi fram í landstöflum fyrir Ísland hjá VISA Europe og MasterCard Worldwide. Landsbankinn mun fyrir sitt leyti óska eftir því við umrædda aðila að landstöflum fyrir Ísland verði breytt til samræmis við efni þessa ákvæðis sáttarinnar. Fyrir liggur að það er ekki á forræði Landsbankans að breyta umræddum landstöflum einhliða.

Taki ákvæði fyrirhugaðrar reglugerðar ESB um lækkun milligjalda í greiðslukortaviðskiptum (e. proposal for a regulation of the European Parliament and of the Council on Interchange fees for card-based payment transactions) gildi hér á landi, á grundvelli skuldbindinga skv. EES-samningnum ganga háörk þeirrar reglugerðar framar þeim háörkum sem tilgreind eru í sátt þessari.

2.2

Hagræðing og gagnsæi

Sátt þessi felur í sér breytingar á skipulagi greiðslukortamarkaðar. Í tengslum við það fellst Landsbankinn á að reyna eins og kostur er að hagræða í þeim rekstri bankans sem tengist kortaútgáfu og þjónustu við korthafa með það að markmiði að veita sem hagkvæmasta þjónustu á þessu sviði og takmarka eins og unnt er hækkunar þjónustugjalda gagnvart korthöfum. Þá skuldbindur bankinn sig ennfreður til að tryggja að breytingar á þjónustugjöldum eða viðskiptakjörum komi fram með gagnsæjum hætti í verðskrá og skilmálum bankans. Skal korthöfum vera tilkynnt um slíkar breytingar með skýrum hætti.

Frá undirritun þessarar sáttar og þar til 6 mánuðir eru liðnir frá þeirri lækkun milligjalda sem mælt er fyrir um í ákvæði 2.1. skuldbindur bankinn sig til að taka ekki upp ný gjöld eða hækka gjöld gagnvart korthöfum, nema slíkum hækkunum verði ekki mætt með hagræðingu í rekstri og þær megi með sannanlegum hætti rekja til ytri aðstæðna, svo sem hækkana frá birgjum eða vaxtahækkana. Þessi skuldbinding takmarkar ekki heimild bankans til að markaðssetja nýja vöru eða þjónustu sem gjald yrði tekið fyrir.

2.3

Bann við samræmingu gjalda og skilmála

Landsbankinn skal ekki eiga aðild að beinni eða óbeinni samræmingu milligjalda eða annarra þóknana, með öðrum útgefendum greiðslukorta, sem m.a. leggjast á söluaðila gegnum þóknun færsluhirða hjá söluaðilum vöru og þjónustu.

Landsbankinn skal ekki eiga aðild að beinni eða óbeinni samræmingu skilmála og viðskiptakjara korthafa, hverju nafni sem kunna að nefnast, með öðrum útgefendum greiðslukorta.



2.4

Eignarhald kortafyrirtækja

Landsbankinn, eða félög undir yfirráðum bankans, skulu ekki eiga eignarhlut í fyrirtæki sem hefur með höndum færsluhirðingu, útgáfu greiðslukorta eða vinnsluþjónustu vegna útgáfu greiðslukorta ef viðkomandi fyrirtæki er jafnframt í eigu íslensks viðskiptabanka eða félags undir yfirráðum hans. Ákvæði þetta tekur þó ekki til Reiknistofu bankanna hf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2012. Jafnframt skal undanþága frá framangreindu gilda um tímabundna eign Landsbankans á skráðum hlutabréfum kortafyrirtækja, allt að 10% af útgefnu hlutafé þeirra, sem færð er meðal veltufjáreigna.

3.

Sekt

Við ákvörðun sekta hefur verið litið til þess að Landsbankinn hefur ekki áður gerst brotlegur við ákvæði samkeppnislaga. Það er Landsbankanum til málsbóta að á fundi með Samkeppniseftirlitinu 4. mars 2013 reifaði bankinn, að eigin frumkvæði, vilja til að gera breytingar á greiðslukortastarfsemi sinni. Þá eru tilteknar málsbætur fólgnar í því að bankinn hafði ekki stjórnarmann í kortafyrirtækjunum frá miðju ári 2008 og því ekki beina stjórnunarlega aðkomu að þeim. Af hálfu Landsbankans er lögð á það áhersla að í málinu sé ekkert sem bendi til þess að starfsmenn bankans hafi verið í vondri trú um lögmæti þeirra samninga sem gerðir voru við færsluhirða. Í málinu hafa ekki komið fram gögn eða upplýsingar sem benda til hins gagnstæða. Landsbankinn hefur fallist á að hlíta viðurhlutamiklum fyrirmælum sem lúta að breytingum á skipulagi á þeim markaði sem um ræðir. Með þessum breytingum er stuðlað að því að markmið um virka samkeppni náist. Landsbankinn hefur jafnframt sýnt góðan samstarfsvilja og stytt rannsókn og málsmeðferð samkeppnisyfirvalda. Að teknu tilliti til þessa er hæfilegt að Landsbankinn greiði 450 milljónir króna í stjórnvaldssekt.

4.

Endurskoðun

Ákvæði sáttar þessarar um aðgerðir fela í sér breytingar á skipulagi greiðslukortamarkaðar. Í því sambandi er m.a. höfð hliðsjón af fyrirhugaðri reglugerð ESB um lækkun milligjalda í greiðslukortaviðskiptum og af mikilvægi þess að stuðla að jöfnum samkeppnisskilyrðum á greiðslukortamarkaði hér á landi.

Verði einhverjar breytingar sem geta haft áhrif á framangreint eru aðilar sammála um að nauðsynlegt sé að taka til athugunar hvort rétt sé að gera breytingar á fyrirmælum þessarar sáttar. Dæmi um slíkar breytingar sem kallað geta á endurskoðun fyrirmæla sáttarinnar um hámark milligjalds er að ekki verði unnt fyrir 1. maí 2015 að innleiða almennt hámark á milligjöld vegna notkunar MasterCard og VISA greiðslukorta hér á landi eða að breytingar verði á áformum ESB að því er varðar setningu hámarka á milligjöld.

5.

Kynning o.fl.

Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra (forstjóra) og lykilstarfsmönnum Landsbankans skal kynnt efni sáttar þessarar. Skulu þeir undirrita yfirlýsingu þar sem þeir skuldbinda sig til að starfa eftir sáttinni.



Landsbankinn skal fyrir 1. mars 2015 upplýsa Samkeppniseftirlitið um framkvæmd á framangreindum skilyrðum.


Brot á þessum skilyrðum varða viðurlögum skv. samkeppnislögum.

Með sáttinni er lokið rannsókn gagnvart Landsbankanum sem varð tilefni andmælaskjals sem birt var aðillum á greiðslukortamarkaði 8. mars 2013. Sáttin tekur til allra tilvika sem rakin eru í andmælaskjalinu og lutu að Landsbankanum á skilgreindu rannsóknartímabili og fram að undirritun sáttarinnar. Ekki kemur til kæru skv. 9. gr. eða 42. gr. samkeppnislaga vegna þeirra tilvika sem tilgreind eru í áðurgreindu andmælaskjali eða sátt og varða Landsbankann.

Sátt þessi er gerð með fyrirvara um afstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) hvað varðar beitingu 53. gr. EES-samningsins. Í því felst að skuldbindingar Landsbankans og Samkeppniseftirlitsins á grundvelli sáttarinnar falla niður, fari svo að málinu verði fram haldið á vettvangi ESA.

Reykjavík, 15. desember 2014

f.h. Samkeppniseftirlitsins



Páll Gunnar Pálsson

f.h. Landsbankans hf.





STEFNA LANDSBANKANS UM SÖLU FULLNUSTUEIGNA

Stefna nr. 201105-0328 | Birt í júní 2011 | Skrifstofa bankastjóra

Landsbankinn er fjármálafyrirtæki sem í starfsemi sinni kann að leysa til sín eignir fyrirtækja og einstaklinga til að tryggja fullnustu kröfu. Landsbankinn hefur markað sér þá stefnu að meta sjónarmið um samfélagslega ábyrgð við ráðstöfun á fullnustueignum, samhliða að hámarka endurheimtur.

Landsbankinn selur fullnustueignir eins fljótt og unnt er í opnu og gagnsæju sölufarli. Meginmarkmið Landsbankans er að fylgja góðum viðskiptaháttum. Fullnustueignir eru verðmetnar af viðurkenndum sérfræðingum.

Landsbankinn fylgir skilgreindu sölufarli til að tryggja hagsmuni viðskiptavina við sölu á fullnustueignum. Allar fullnustueignir eru auglýstar og boðnar til sölu á almennum markaði, brjóti það ekki gegn lögvörðum hagsmunum viðskiptavina bankans. Minni fasteignir, ökutæki og lausafjármunir eru boðnar til sölu eins fljótt og unnt er. Slíkar eignir eru verðmetnar og seldar með milligöngu fagmanna. Skráð verðbréf eru seld á markaði. Við sölu fullnustueigna sem bankinn yfirtekur frá einstaklingum er stefnt að því að tryggja friðhelgi einkalífs viðskiptavina við sölufarli eignanna. Óskráð verðbréf, s.s. hlutabréf í fyrirtækjum eru seld í opnu sölufarli á almennum markaði ef það eru ekki viðskiptalegir annmarkar þar á.

Áætlun um sölu stærri fasteigna og fyrirtækja í samkeppnisrekstri liggur fyrir opinberlega innan sex mánaða frá því að bankinn öðlast umráðarétt yfir eigninni.



Hvað þýðir stefnan; Sala fullnustueigna.

Stefna þessi gildir um starfssemi Landsbankans. Stefnan er innleidd í gegnum eigendastefnu dótturfélaga Landsbankans.

Góðir viðskiptahættir

Stefna Landsbankans um sölu fullnustueigna tekur mið af þeim sjónarmiðum sem Samkeppniseftirlitið hefur beint til fjármálafyrirtækja vegna yfirtöku á fyrirtækjum í samkeppnisrekstri. Við framkvæmd stefnunnar eru reglur, sölufarli og gerð söluáætlana innan samstæðu bankans samræmdar. Landsbankinn leitar leiða til að hámarka verðmæti sín og aðrar eignir fyrirtækja sem standa til fullnustu krafna hans. Sölufarli fullnustueigna er í samræmi við 22.grein laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fullnustueignir

Fullnustueignir eru eignir sem Landsbankinn hefur þurft að leysa til sín til að tryggja fullnustu kröfu. Til að tryggja sambærilega framkvæmd við sölu sambærilegra eigna þá er fullnustueignum bankans skipt niður í nokkra flokka – fyrirtæki, fasteignir og lausafjármuni. Fyrir hvern flokk er sölufarli skilgreint og kynnt opinberlega.

Skilgreint sölufarli

Landsbankinn hefur sett sér verklag við sölu fullnustueigna bankans í þeim tilgangi að ferlið verði opið og gagnsætt. Á vef bankans eða dótturfélaga er birt sölufarli fyrir fullnustueignir. Viðskiptavinir bankans, væntanlegir kaupendur, samkeppnisaðilar og aðrir hagsmunaaðilar geta kynnt sér það ferli sem unnið er eftir á meðan fullnustueign er í umsýslu bankans. Íbúðarhúsnæði viðskiptavina eru eingöngu seld í gegnum fasteignasölu og eru ekki auglýst til sölu á vef bankans eða dótturfélaga hans. Fasteignir eru settar í sölumeðferð hjá tveimur fasteignasölum að jafnaði og eru þær boðnar til sölu að lágmarki í eina viku áður en gengið er að tilboði.

Verðmat eigna

Við verðmat fasteigna, ökutækja og lausafjármuna er að jafnaði aflað verðmats hjá tveimur viðurkenndum matsaðilum. Verðmat fyrirtækja byggir á eignavirði og/eða núvirtu áætluðu framtíðarsjóðsstreymi fyrirtækis.



Við tilfærslu á eignum frá bankanum til dótturfélaga er verðmat eigna byggt á viðskiptalegum forsendum, líkt og um ótengda aðila sé um að ræða.

Gagnsæi

Með gagnsæi er átt við að söluferli á eignum sem bankinn eignast vegna skuldaskila við viðskiptavininn sinna sé fyrir fram þekkt og aðgengilegt. Viðskiptavinir sem og aðrir hagsmunaaðilar geta gengið að því vísu hvernig umsýslu eigna sé háttað á meðan eignarhald bankans varir.

Lögvarðir hagsmunir

Reglan um lögvarða hagsmunir eru hvergi lögfest með orðum en þykir þó ein af grundvallarreglum einkamálaréttarfars, í henni felst að eigi sé hægt að leggja fyrir dómstóla málefni þar sem niðurstaðan hefur enga lagalega þýðingu fyrir aðila, eða að hagsmunir séu þess eðlis að það getur skipt máli fyrir stöðu stefnanda að lögum að fá dóm um þá.

Viðskiptalegir annmarkar við opið söluferli

Við sölu óskráðra eigna, svo sem fyrirtækja, geta ýmis atriði haft afgerandi áhrif á söluferli viðkomandi fyrirtækis. Þar má helst nefna einkaleyfi eða samning viðkomandi fyrirtækis við erlenda birgja eða vörumerkjaeigendur, ákvæði í hluthafasamningi eða forkaupsréttarákvæði, sjónarmið annarra eigenda, kröfuhafa eða eigenda viðskiptaleyfa eða þegar verðmæti fyrirtækis réttlætir ekki opið söluferli.

Meðferð fullnustueigna

Endurskipulagning eigna og dótturfélög bankans bera ábyrgð á meðferð og söluferli fullnustueigna. Framangreindar einingar starfa eftir verklagsreglum sem ætlað er að tryggja framgöngu stefnu bankans. Innra eftirlit er haft með ráðstöfun fullnustueigna og þess gætt að farið sé eftir reglum og ferlum sem í gildi eru.

Viðurkenndir sérfræðingar

Eru m.a. löggiltar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölur, löggiltir bifreiðasalar og löggilt verðbréfafyrirtæki.

Stefna Landsbankans um sölu fullnustueigna

Fullnustueignir eru eignir sem Landsbankinn leysir til sín frá fyrirtækjum eða einstaklingum til að tryggja fullnustu krafna. Slík fullnusta er eðlilegur þáttur í starfsemi viðskiptabanka.

Landsbankinn hefur sett sér eftirfarandi stefnu um sölu fullnustueigna. Markmið stefnunnar er að efla gagnsæi og trúverðugleika við sölu fullnustueigna og að hámarka endurheimtur krafna. Stefnan nær til Landsbankans og dótturfélaga bankans.

Stefnt er að því að selja fullnustueignir eins fljótt og unnt er að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Við sölu fullnustueigna er miðað við að allir líklegir kaupendur sem uppfylla tilgreind skilyrði hafi jafna möguleika á því að gera tilboð og að hlutlægni ráði vali milli kaupenda. Eftir því sem kostur er leitast bankinn við hafa söluferlið opið, gagnsætt, þekkt og aðgengilegt. Allar fullnustueignir eru auglýstar og boðnar til sölu á almennum markaði nema slíkt brjóti gegn lögvörðum hagsmunum eða viðskiptalegir annmarkar séu þar á. Með viðskiptalegum annmörkum er t.d. átt við einkaleyfi eða samning viðkomandi fyrirtækis við birgja eða vörumerkjaeigendur, ákvæði í hluthafasamningi eða samþykktum, svo sem forkaupsréttarákvæði, sjónarmið annarra eigenda, kröfuhafa eða eigenda viðskiptaleyfa eða þegar verðmæti eignar er það lítið að það réttlæti ekki opið söluferli.

Framkvæmd Landsbankans á sölu fullnustueigna er í samræmi við 22. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en þar kemur m.a. fram að fullnustueignir skuli seldar jafnskjótt og hagkvæmt er. Framkvæmdin tekur jafnframt mið af þeim sjónarmiðum sem Samkeppniseftirlitið hefur beint til fjármálafyrirtækja vegna yfirtöku á fyrirtækjum í samkeppnisrekstri, þ. á m. þeim tilmælum sem fram koma í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, *ákvæðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja*, frá 12. nóvember 2008.

Fullnustueignum bankans er skipt í þrjá flokka: Fyrirtæki, fasteignir og lausafjármunir. Til að tryggja sambærilega framkvæmd við sölu sambærilegra eigna er verðmat og söluferli skilgreint fyrir hvern flokk. Verklagsreglur, söluferli og söluáætlanir fyrir fullnustueignir eru samræmdar innan samstæðu Landsbankans.

Fullnustueignir eru verðmetnar með hlutlægum hætti af viðurkenndum sérfræðingum áður en þær eru seldar. Við verðmat fasteigna, ökutækja og lausafjármuna er að jafnaði aflað verðmats hjá tveimur viðurkenndum sérfræðingum. Verðmat á fyrirtækjum byggir einkum á eignavirði og/eða núvirtu áætluðu framtíðarsjóðsstreymi. Við tilfærslu á eignum milli bankans og dótturfélaga er verðmat eigna byggt á viðskiptalegum forsendum, líkt og um ótengda aðila sé um að ræða.

Minni fasteignir, ökutæki og lausafjármunir eru boðnar til sölu eins fljótt og unnt er. Slíkar eignir eru seldar fyrir milligöngu viðurkenndra söluaðila. Íbúðarhúsnæði er eingöngu selt hjá fasteignasölum og er ekki auglýst til sölu á vef bankans eða dótturfélaga hans. Hver fasteign er sett í sölu hjá a.m.k. tveimur fasteignasölum og er fasteign að lágmarki boðin til sölu í eina viku áður en gengið er að tilboði. Skráð verðbréf eru seld á markaði. Óskráð hlutabréf í fyrirtækjum eru seld í opnu og gagnsæju söluferli nema lögvörðir hagsmunir eða viðskiptalegir annmarkar leiði til annars. Á vef bankans eða dótturfélaga er birt söluferli fyrir þær fullnustueignir sem hafa verið auglýstar og boðnar til sölu á almennum markaði.



Stefna Landsbankans um sölu eigna

Stefna nr. 201105-0328-2 | Samþykkt í október 2015 | Endurskoðun 2017 | Bankaráð

Stefna Landsbankans um sölu eigna

Landsbankinn hefur sett sér eftirfarandi stefnu um sölu fullnustueigna sem og annarra eigna.

A. Fullnustueignir

Fullnustueignir eru eignir sem Landsbankinn leysir til sín frá einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum lögaðilum til að tryggja fullnustu krafna. Slík fullnusta er eðlilegur þáttur í starfsemi viðskiptabanka. Stefna um sölu fullnustueigna nær til Landsbankans og dótturfélaga bankans. Markmið stefnunnar er að stuðla að gagnsæi og trúverðugleika við sölu eigna og að hámarka endurheimtur krafna.

Stefnt er að því að selja fullnustueignir eins fljótt og unnt er að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Salan fer fram á viðskiptalegum forsendum þannig að sanngjarnt verð fáið fyrir eignirnar. Salan hefur hagsmuni bankans og dótturfélaga að leiðarljósi og er í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Við sölu fullnustueigna er miðað við að allir líklegir kaupendur sem uppfylla tilgreind skilyrði hafi jafna möguleika á því að gera tilboð og að hlutlægni ráði vali milli kaupenda. Leitast er við, eftir því sem kostur er, að hafa söluferlið opið, gagnsætt, þekkt og aðgengilegt. Allar fullnustueignir eru auglýstar og boðnar til sölu á almennum markaði nema slíkt brjóti gegn lögvörðum hagsmunum eða viðskiptalegir annmarkar séu þar á. Með viðskiptalegum annmörkum er t.d. átt við einkaleyfi eða samning viðkomandi fyrirtækis við birgja eða vörumerkjaeigendur, ákvæði í hluthafasamningi eða samþykktum, svo sem forkaupsréttarákvæði, sjónarmið annarra eigenda, kröfuhafa eða eigenda viðskiptaleyfa eða þegar verðmæti eignar er það lítið að það réttlæti ekki kostnað við opið söluferli.

Framkvæmd Landsbankans við sölu fullnustueigna er í samræmi við 22. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en þar kemur m.a. fram að fullnustueignir skuli seldar jafnskjótt og hagkvæmt er. Framkvæmdin tekur jafnframt mið af þeim sjónarmiðum sem Samkeppniseftirlitið hefur beint til fjármálafyrirtækja vegna yfirtöku á fyrirtækjum í samkeppnisrekstri, þ. á m. þeim tilmælum sem fram koma í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja, frá 12. nóvember 2008 og umræðuskjali Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009 um banka og endurskipulagningu fyrirtækja.

Fullnustueignum bankans er skipt í þrjá flokka: Fyrirtæki, fasteignir og lausafjármunir. Til að tryggja sambærilega framkvæmd við sölu sambærilegra eigna er verðmat og söluferli skilgreint fyrir hvern flokk. Verklagsreglur, söluferli og söluáætlanir fyrir fullnustueignir eru samræmdar innan samstæðu Landsbankans.

Fullnustueignir eru verðmetnar með hlutlægum hætti áður en þær eru seldar. Við tilfærslu á eignum milli bankans og dótturfélaga er verðmat eigna byggt á viðskiptalegum forsendum, líkt og um ótengda aðila sé um að ræða.

Minni fasteignir, ökutæki og lausafjármunir eru boðnar til sölu eins fljótt og unnt er. Slíkar eignir eru seldar fyrir milligöngu viðurkenndra söluaðila. Skráð verðbréf eru seld á markaði. Óskráð hlutabréf í fyrirtækjum eru seld í opnu og gagnsæju söluferli nema lögvarðir hagsmunir eða viðskiptalegir annmarkar leiði til annars. Á vef bankans eða dótturfélaga eru birtar upplýsingar um þau fyrirtæki í eigu bankans eða dótturfélaga sem eru í sölumæðferð.

B. Aðrar eignir en fullnustueignir

Ákvörðun um sölu annarra eigna Landsbankans en fullnustueigna er tekin í ljósi markmiða bankans á hverjum tíma og að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

Salan fer fram á viðskiptalegum forsendum þannig að sanngjarnt verð fáið fyrir eignirnar. Salan hefur hagsmuni bankans og dótturfélaga að leiðarljósi og er í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

Við söluferlið er, eftir því sem við á, fylgt sömu sjónarmiðum og sama verklagi og lýst er í stefnu Landsbankans um sölu fullnustueigna og viðeigandi verklagsreglum um sölu fullnustueigna.

Tímalína

Dagsetning	Atburður	Tilvísun / heimild
1. október 2007	Visa Inc. og Visa Europe Limited gera með sér valréttarsamning um allt hlutafé í Visa Europe.	Heimasíða U.S. Securities and Exchange Commission
Oktober 2008	Landsbankinn yfirtók 20% eignarhlut LBI í Borgun	
2009	Samkeppniseftirlitið hóf rannsókn á greiðslukortamarkaðnum	
Febrúar 2011	Starfshópur skipaður til að yfirfara hvort jafnræði og gagnsæi væri nægilega tryggt við sölu á fyrirtækjum eða hlutum í þeim, sem eru beinni eða óbeinni í eigu ríkisins.	
Mars 2011	Landsbankinn fékk 7% hlut í Borgun í skiptum fyrir 20% hlut í Kreditkorti í viðskiptum við Íslandsbanka	
5. mars 2011	Landsbankinn eignast 4,2% hlut í Borgun með kaupum á SpKef af fjármálaráðuneytinu.	Fréttatilkynning Landsbankans: Yfirlýsing vegna samruna Landsbankans og SpKef
Júní 2011	Landsbankinn birti stefnu um sölu fullnustueigna	
25. nóvember 2011	Íslandsbanki kaupir hlut ríkisins í Byr en um 20% hlutur í Borgun fylgdi með í kaupunum.	Fréttatilkynning fjármálaráðuneytisins: Íslandsbanki kaupir hlut ríkisins í Byr hf.
Febrúar 2012	Starfshópur forsætisráðuneytisins skilar skýrslu	Vefsíða forsætisráðuneytisins
29. nóvember 2012	Bankaráðsfundur. Fjallað um stefnu í kortamálum.	Úr fundargerð
7. mars 2013	Bankaráðsfundur. Ákveðið að semja við einn aðila til að annast debet- og kreditkortapjónustu fyrir bankann. Fjallað um valrétt Visa Inc. og Visa Europe.	Úr fundargerð
8. mars 2013	Samkeppniseftirlitið birtir Landsbankanum andmælaskjal sitt vegna rannsóknar á ætluðum brotum á samkeppnislögum þar sem fram kemur m.a. það frummat að sérstaklega varhugavert væri að eignarhald greiðslukortafyrirtækja væri sameiginlegt.	Andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins.
22. apríl 2013	Landsbankinn sendi bréf til Samkeppniseftirlitsins vegna frests	
29. maí 2013	Landsbankinn sendi bréf til Samkeppniseftirlitsins vegna frests	

Fylgiskjal 21

18. júní 2013	Bankaráðsfundur. Fjallað um eignarhald í Valitor og Borgun.	Úr fundargerð
27. júní 2013	Landsbankinn sendi athugasemdir við andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins	
4. júlí 2013	Landsbankinn sendi bréf til Samkeppniseftirlitsins vegna sátta	
24. september 2013	Landsbankinn sendi bréf til Samkeppniseftirlitsins vegna sátta	
8. október 2013	Bankaráðsfundur. Fjallað um eignarhald í Valitor og Borgun og afstöðu Samkeppniseftirlitsins. Bankaráð veitir bankastjóra heimild til að vinna að sölu á hlutum bankans í báðum kortafyrirtækjunum, með fyrirvara um endanlegt samþykki bankaráðs.	Úr fundargerð
14. nóvember 2013	Landsbankinn birti uppfærða stefnu um sölu fullnustueigna	Stefna Landsbankans
21. nóvember 2013	Bankaráðsfundur. Fjallað um kortamál og fundi með Samkeppniseftirlitinu um kortamál.	Úr fundargerð
22. nóvember 2013	Visa Inc. birti ársreikning fyrir fjárhagsárið sem lauk 30. september 2013.	Heimasíða Visa Inc.
12. desember 2013	Bankaráðsfundur. Fjallað um viðræður við Samkeppniseftirlitið varðandi andmælaskjal frá 8. mars 2013 og aðgerðir til að ná fram breytingum á kortamarkaði.	Úr fundargerð
15. janúar 2014	Bankaráðsfundur. Rætt um endurhögun kortamála og fundi með Samkeppniseftirlitinu um kortamál.	Úr fundargerð
7. febrúar 2014	Landsbankinn sendi Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem hann gerði grein fyrir þeim ráðstöfunum sem hann teldi sig geta gripið til til að mæta athugasemdum við kortamarkaðinn	Bréf til Samkeppniseftirlitsins
11. febrúar 2014	Ársreikningur Borgunar fyrir árið 2013	Ársreikningur Borgunar
5. mars 2014	Ársreikningur Valitor fyrir árið 2013	Ársreikningur Valitor
13. mars 2014	Fjárfestahópurinn gerir tilboð í alla hluti Landsbankans í Borgun og sams konar tilboð í alla hluti Íslandsbanka.	Tilboð

31. mars 2014	Bankaráðsfundur. Rætt um sölu á eignarhlutum í kortafyrirtækjum.	Úr fundargerð
11. apríl 2014	Fundur með Íslandsbanka og fulltrúum fjárfestahópsins. Íslandsbanki vill tíma til að fara með tilboðið fyrir bankaráð.	Tölvupóstur
28. apríl 2014	Bankaráðsfundur. Fjallað um viðræður við Samkeppniseftirlitið um kortamál og tilboð í eignarhluti Landsbankans og Íslandsbanka í Borgun.	Úr fundargerð
6. maí 2014	Stjórnendur Valitor kynna starfsemi fyrirtækisins og rekstraráætlanir fyrir Landsbankanum og Arion banka vegna verðmatsvinnu, á grundvelli trúnaðaryfirlýsingar.	
6. maí 2014	Ársreikningur Visa Íslands ehf. fyrir árið 2013	Ársreikningur Visa Íslands
12. maí 2014	Minnisblað Lex lögmannsstofu f.h. Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins	
30. júní 2014	Bankaráðsfundur. Rætt um sölu á hlut í Borgun og forsendur hugsanlegrar sáttar við Samkeppniseftirlitið svo og viðræður um sölu eignarhlutar í Valitor.	Úr fundargerð
3. júlí 2014	Fjárfestahópurinn gerir tilboð í hlut Landsbankans eingöngu, með viðamiklum fyrirvörum. Tilboðsfjárhæðin er 2.184 m.kr. í 31,2% hlut. Eignarhluturinn var bókaður á 1.159 m.kr. í uppgjöri bankans 30. júní 2014.	Tölvupóstur
9. júlí 2014	Sátt Samkeppniseftirlitsins við Íslandsbanka.	Sátt Samkeppniseftirlitsins
10. júlí 2014	Tilboð frá Arion banka í 38% hlut Landsbankans í Valitor, með margvíslegum forsendum og skilyrðum.	Bréf frá Arion banka
23. júlí 2014	Viljayfirlýsing milli Landsbankans og fjárfestahópsins um samningaviðræður um eignarhlutinn í Borgun. Talið líklegt að við nánari skoðun tilboðsgjafa á félaginu muni tilboðsverðið lækka og því óskað eftir aðgangi að félaginu og kynningu á fjárhagsstöðu þess og framtíðaráformum í því skyni að fá niðurstöðu í tilboðsverðið.	Tölvupóstur
20. ágúst 2014	Samkeppniseftirlitið sendi Landsbankanum sátt Íslandsbanka við Samkeppniseftirlitið.	Bréf Samkeppniseftirlitsins

21. ágúst 2014	Bankaráðsfundur. Rætt um breytingar á skipulagi kortamála og forsendur sáttar við Samkeppniseftirlitið vegna kortamála. Rætt um mögulega hlutdeild bankans í valrétti Visa Europe vegna sölu á hlutabréfum í Valitor. Rætt um sölu á hlutum í kortafyrirtækjunum og fyrirvara um endanlegt samþykki bankaráðs	Úr fundargerð
22. ágúst 2014	Fyrri kynning stjórnenda Borgunar.	
26. ágúst 2014	Seinni kynning stjórnenda Borgunar.	
12. september 2014	Bréf Lex lögmannsstofu f.h. Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins	Bréf Landsbankans
30. september 2014	Viðræður hefjast á milli Landsbankans og Arion banka um verð og helstu skilmála.	
15. október 2014	Niðurstaða næst um verð og helstu skilmála viðskipta Arion banka og Landsbankans með eignarhlut í Valitor.	Bréf til Arion banka og frá Arion banka á tímabilinu.
22. október 2014	Bankaráðsfundur. Bankastjóri kynnir stöðu viðræðna við Arion banka um sölu á hlut bankans í Valitor og fyrirhugaða sölu á hlut bankans í Borgun. Bankaráð gerir engar athugasemdir við að haldið sé áfram með söluna.	Úr fundargerð
24. október 2014	Fjárfestahópurinn skilar kauptilboði í eignarhlut Landsbankans í Borgun þar sem kaupverð er staðfest að lokinni fjárhagslegri könnun. Lögð fram gögn sem sýna að hópurinn hafi fjárhagslega getu til að klára kaupin. Tilboðið er með fyrirvara um lagalega og tæknilega áreiðanleikakönnun.	Tölvupóstur 24. október og 27. október.

27. október 2014	Landsbankinn samþykkir kaupþilboðið í eignarhlutinn í Borgun með fyrirvara um samþykki bankaráðs.	Tölvupóstur 24. október og 27. Október
6. nóvember 2014	Bankaráðsfundur. Bankaráð samþykkir kaupþilboð í hluti Landsbankans í Borgun sem stjórnendur samþykktu fyrir hönd bankans 27. október 2014 með fyrirvara um samþykki bankaráðs. Fram kemur að Samkeppniseftirlitið hafi beint því til bankans að einungis eitt fjármálafyrirtæki megi eiga kortafyrirtæki. Gerð grein fyrir undirbúningi að sölu á hlutabréfum í Valitor og samningum því tengt vegna valréttar milli Visa Europe og Visa Inc.	Úr fundargerð
21. nóvember 2014	Visa Inc. birtir ársreikning fyrir fjárhagsárið sem lauk 30. september 2014.	Heimasíða Visa Inc.
24. nóvember 2014	Lagalegri og tæknilegri áreiðanleikakönnun fjárfestahópsins á Borgun lýkur	
25. nóvember 2014	Samningur um kaup og sölu 31,2% hlutar í Borgun kemst á og salan gerð opinber með fréttatilkynningu. Söluverðið er 2.184 m.kr. Fyrirvari er um samþykki eftirlitsaðila. Sundurliðun á fjölda hluta og kaupverði: - Gengi á hlut var 15,55 krónur. - Eignarhaldsfélagið Borgun slf. kaupir 25% hlut á 1.751 m.kr. - BPS ehf. (félag starfsmanna) kaupir 6,2% hlut á 433 m.kr. - Samtals 31,2% á 2.184 m.kr.	Fréttatilkynning Landsbankans: Landsbankinn selur eignarhlut sinn í Borgun hf.
1. desember 2014	Upplýst að kaupun voru ekki tilkynningarskyld til Samkeppniseftirlitsins enda mynduðust engin yfirráð í skilningi reglna samkeppnisréttar við viðskiptin. Samkeppniseftirlitið var engu að síður upplýst og svaraði með bréfi 1. desember 2014 og gerði ekki athugasemdir.	Bréf Samkeppniseftirlitsins 1. desember 2014
3. desember 2014	Landsbankanum berst erindi frá Fjármálaeftirlitinu þar sem óskað var upplýsinga í tengslum við sölu á hlut Landsbankans í Borgun.	Erindi Fjármálaeftirlitsins

Fylgiskjal 21

8. desember 2014	Fulltrúar Landsbankans fara á fund efnahags- og viðskiptanefndar.	Vefur Alþingis
9. desember 2014	Landsbankinn svarar fyrirspurn Fjármálaeftirlitsins frá 3. desember 2014.	Bréf til Fjármálaeftirlitsins
15. desember 2014	Samningagerð við Arion banka um eignarhlutinn í Valitor lýkur með undirritun kaupsamnings, með fyrirvara um samþykki bankaráðs Landsbankans.	Undirritaður kaupsamningur
15. desember 2014	Sátt á milli Samkeppniseftirlitsins og Landsbankans.	Sátt Samkeppniseftirlitsins
17. desember 2014	Bankaráðsfundur. Bankaráð samþykkir sölu á hlutum Landsbankans í Valitor Holding hf. til Arion banka, á grundvelli kaupsamningsins frá 15. desember 2014 sem var með fyrirvara um samþykki bankaráðs.	Úr fundargerð
18. desember 2014	Afhending 38% hlutar í Valitor gegn greiðslu. Greiðsla kaupverðs felst í 3,6 ma.kr. greiðslu peninga og samkomulagi um viðbótargreiðslu kaupverðs vegna valréttar. Miðað við 3,6 ma.kr. greiðsluna eingöngu var allt hlutafé í Valitor verðmetið á um 9,5 ma.kr. eða 23,68 krónur á hlut. Viðbótargreiðsla vegna valréttarins er til viðbótar við þessa greiðslu.	Fréttatilkynning Landsbankans.
22. desember 2014	Fjármálaeftirlitið veitir Eignarhaldsfélaginu Borgun heimild til að fara með virkan eignarhlut í Borgun.	Bréf frá Fjármálaeftirlitinu
30. desember 2014	Salan á eignarhlutnum í Borgun: Afhending og greiðsla.	Afsal og greiðslukvittanir
30. apríl 2015	Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015: <i>Breytingar á skipulagi og framkvæmd á greiðslukortamarkaði</i>	Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins

27. apríl 2015	Landsbankinn selur Arion banka 0,62% eignarhlut í Valitor sem Landsbankinn hafði eignast við samruna við Sparisjóð Vestmannaeyja. Söluverð var peningagreiðsla að fjárhæð 58 m.kr. og viðbótargreiðsla (0,62%) á grundvelli fyrra samkomulags bankanna.	
29. maí 2015	Landsbankinn selur 0,41% eignarhlut í Borgun sem bankinn hafði eignast við samruna við Sparisjóð Vestmannaeyja. Eignarhluturinn var auglýstur til sölu 17. apríl 2015. Bankanum bárust þrjú tilboð og var því hæsta tekið, frá Fasteignafélaginu Auðbrekku 17 ehf. Söluverðið var 30 m.kr.	Fréttatilkynning Landsbankans.
8. september 2015	Kröfuhafar Glitnis samþykkja skilyrði íslenskra stjórnvalda um stöðugleikaframlag sem felur í sér að Íslandsbanki, og þar með hlutur hans í Borgun, er afhentur ríkinu.	Fréttatilkynning Glitnis.
Október 2015	Landsbankinn birti uppfærða stefnu um sölu fullnustueigna	Stefna Landsbankans
2. nóvember 2015	Upplýst um að Visa Inc. og Visa Europe hafi náð samkomulagi sem felur í sér nýtingu söluréttar á grundvelli valréttarsamningsins	Fréttatilkynning Visa. Visa Inc. to acquire Visa Europe
21. desember 2015	Borgun er upplýst um áætlaða hlutdeild sína í söluandvirði Visa Europe	Bréf frá Borgun
20. janúar 2016	Morgunblaðið greinir frá því að samkvæmt heimildum blaðsins „...gæti salan [á Visa Europe] fært fyrirtækjunum [Valitor og Borgun] vel á annan tug milljarða króna.“	Forsíða Morgunblaðsins 20. janúar 2016
26. janúar 2016	Landsbankanum berst erindi frá Bankasýslu ríkisins þar sem óskað var upplýsinga um sölumeðferð eignarhluta í eigu Landsbankans.	Erindi Bankasýslu ríkisins
29. janúar 2016	Landsbankanum berst erindi frá Fjármálaeftirlitinu þar sem óskað var upplýsinga í tengslum við sölu á hlut Landsbankans í Borgun.	Erindi Fjármálaeftirlitsins
5. febrúar 2016	Landsbankinn sendir Borgun bréf þar sem óskað var upplýsinga varðandi viðskiptin með eignarhlut í Borgun.	Bréf til Borgunar
9. febrúar 2016	Borgun svarar bréfi Landsbankans frá 5. febrúar 2016.	Bréf Borgunar

